SVEINN JÓNSSON

*Í tuttugu og fimm ára gömlum gönguhópi*

• Heilsa

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS

FARIÐ Á FJÖLL

*Breyttir jeppar til Kasakstan*

Sérblað um jeppa

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

HUGI HALLDÓRSSON

*Allt upp í loft á HM*

Meinað að taka upp efni fyrir stuðningsmennina

FÓLK 38

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

23. janúar 2007 — 22. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## ÞRIÐJUDAGUR

### Bitlítil blóðmarinering

Kristrún Heiða Hauksdóttir gagnrýnir leikritið Svartan kött eftir Martin McDonagh í leikstjórn Magnúsar Geirs Þórðarsonar.

MENNING 27

### Beðið eftir ríkissáttasemjara

„Þolinmæði þrautir vinnur allar“ segir gamall málsháttur en hún virðist koma kennurum í kjarabaráttu að litlu gagni,“ segir Inga Rósa Þórðardóttir. Í DAG 20

### Segir upp í Þjóðleikhúsinu

Brynhildur Guðjónsdóttir segist ekki vera ríkisstarfsmaður í eðli sínu og hefur sagt upp í Þjóðleikhúsinu.

FÓLK 38

### Feðgar spiluðu saman

Feðgarnir Bjarki Sigurðsson og Örn Ingi Bjarkason spiluðu saman í liði Aftureldingar á föstudaginn.

ÍÞRÓTTIR 32

### VEÐRIÐ Í DAG




**VINDASAMT -** Í dag verða 8-18 m/s, hvassast með ströndum á Vestfjörðum, norðan til og sunnan Vatnajökuls. Skýjað og yfirleitt úrkomulaust. Hiti víðast 2-6 stig.



**SIGRINUM FAGNAÐ** Guðjón Valur Sigurðsson faðmar hér Dag Sigurðsson, fyrrverandi fyrirliða íslenska landsliðsins. Fjölmargir Íslendingar voru í höllinni í Magdeburg þegar íslenska landsliðið vann sigur á Frökkum með átta mörkum, 32-24, og tryggði sér sæti í milliriðli á HM í handbolta í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Stjórnarandstaðan orðin skýrari kostur

**Færri vilja sjá Framsóknarflokk í ríkisstjórn nú en í ágúst á síðasta ári. Helmingur svarenda í könnun Fréttablaðsins vill Sjálfstæðisflokkinn í ríkisstjórn. Um 26 prósent vilja að núverandi ríkisstjórnarflokkar haldi samstarfinu áfram.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Mun færri vilja sjá Framsóknarflokkinn í ríkisstjórn eftir næstu kosningar, en í sambærilegri könnun sem gerð var 26. ágúst 2006, samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins sem unnin var síðastliðinn laugardag. Nú segjast 28,7 prósent þeirra sem taka afstöðu vilja sjá Framsóknarflokkinn í ríkisstjórn, en hlutfallið var 38,7 prósent í ágúst.

Sá flokkur sem helst vinnur á er Frjálslyndi flokkurinn. Í nýju könnuninni segjast 22,6 prósent vilja ríkisstjórn þar sem flokkurinn á aðild, en í ágúst var hlutfallið 14,8 prósent.

Aðrir flokkar standa svipað að vígi hvað þetta varðar og í ágúst. 50,4 prósent vilja Sjálfstæðisflokkinn í ríkisstjórn eftir kosningarnar í vor, sem er 3,3 prósentustigum minna en í ágúst. Það dregur heldur minna úr stuðningi við Samfylkinguna í ríkisstjórn, 46,8 prósent vilja ríkisstjórn með aðild flokksins, samanborið við 48,2 prósent í ágúst. Vinstri græn bæta við sig 1,5 prósentustigum og vilja 46,6 prósent landsmanna sjá VG í ríkisstjórn.

Stuðningur við að núverandi ríkisstjórnarflokkar, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, haldi samstarfinu áfram að loknum kosningum hefur minnkað frá því sem var í ágúst. Í könnuninni sagðist 26,1 prósent þeirra sem tóku afstöðu vilja sjá þá flokka áfram í ríkisstjórn. Þetta er 6,1 prósentustigi minna en í ágúst, þegar 32,2 prósent vildu að ríkisstjórnarsamstarfið héldi velli.

Þjóðin er þó langt frá því einhuga um hvaða flokka hún vill að myndi ríkisstjórn að loknum kosningum. Þriggja flokka stjórn með flokkum stjórnarandstöðunnar; Samfylkingu, vinstri grænum og Frjálslyndum; nýtur hylli 22,6 prósenta, sem er 14,8 prósenta munur frá könnuninni í ágúst.

Þessi þróun er athyglisverð og sýnir fram á að tveir valkostir blasi við kjósendum, segir Baldur Þórhallsson, prófessor við stjórnmálafræðiskor Háskóla Íslands. Þetta sýni að stjórnarandstaðan hafi skilgreint sig sem skýrari valkost. „Það er ekki svo mikið bil á milli þeirra sem vilja áframhaldandi stjórnarsamstarf Framsóknar og Sjálfstæðisflokks og þeirra sem vilja að stjórnarandstaðan í heild sinni taki við.“

Hlutfall þeirra sem vilja samstarf Sjálfstæðisflokks annars vegar og Samfylkingar eða Vinstri grænna hins vegar hefur jafnast út; nú vilja um tólf prósent landsmanna hvort samstarfsmynstrið.

- bj / sjá síðu 12

**STJÓRNMÁLAFLOKKAR SEM ÞJÓÐIN VILL Í RÍKISSTJÓRN**




Úrvalsvísitalan aldrei hærri:

## Metið féll í Kauphöllinni

**VIÐSKIPTI** Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands endaði í 6.930 stigum í gær sem er hæsta gildi hennar frá upphafi. Eldra met, 6.925 stig, var sett þann 15. febrúar í fyrra.

Árið fer vel af stað á innlendum hlutabréfamarkaði en vísitalan hefur hækkað um 8,1 prósent frá áramótum. FL Group (+15,3%), Teymi (+13,1%), Actavis (+10,5%) og Kaupþing (+10,3%) hafa hækkað mest á árinu.

Greiningardeildir bankanna spá því að Úrvalsvísitalan hækki um 20-25 prósent á árinu. - eþa

Foreldrar í Bandaríkjunum:

## Íburðarminni afmælisveislur

**BANDARÍKIN, AP** Foreldrar í Minnesota hafa stofnað félagsskapinn „Afmæli án þrýstings“ til að stemma stigu við metingi og samkeppni um íburðarmestu afmælisveislurnar fyrir börnin. Þessa tilhneigingu kalla þau „vígbúnaðarkapphlaup um afmælisveislur“.

Samtökin stinga upp á því að foreldrar fylgi nokkrum grunnreglum, sem stuðli að hógværari og streitumminni veislum. Í fyrsta lagi eigi ekki að gefa gjafir, heldur biðja gjafmilda að styrkja góðgerðarsamtök. Þá skuli látið af „þemaveislum“. Börnin eigi frekar að fara út í garð í leiki. - kóþ

**SPURNING DAGSINS**

*Valdimar, ætlarðu að slá í gegn með Frjálslyndum?*

„Já, ég vonast til þess."

Valdimar Leó Friðriksson alþingismaður tilkynnti í Silfri Egils á sunnudag að hann hygðist ganga til liðs við Frjálslynda flokkinn. Auk þess að vera stjórnmálamaður er Valdimar mikill trommari.

Átök í Írak færast í aukana á sama tíma og Bandaríkjaher sendir liðsauka:

# Hundrað féllu í árásum í gær

**ÍRAK, AP** Að minnsta kosti hundrað manns létust í skotárásum og sprengingum sem beindust að skotmörkum Sjíta í Bagdad, höfuðborg Íraks, í gær. Tæplega áttatíu manns létust í sprengingu á markaði í mannskæðustu árás sem orðið hefur í Írak í einn og hálfan mánuð. Í lok nóvember létust 215 manns í árás í Bagdad sem talið er að al-Kaída hafi staðið á bakvið og fól í sér hrinu bílsprengja og sjálfsmorðsárása.

Uppreisnarmenn Súnníta og herskáir Sjítar hafa gert höfuðborgina og umhverfi hennar að vígvelli átaka sín á milli. Árásir uppreisnarmanna Súnníta hafa verið að færast í aukana undanfarna daga vegna Ashura trúarhátíðar Sjía sem hófst á sunnudag. Á fimmtudaginn síðastliðinn létust 142 Írakar, þar af 65 háskólastúdentar í einni sprengingu.

**HERMENN Í ÍRAK** Íraskur drengur fylgist af hjóli sínu með hermönnum að störfum. NORDICPHOTOS/AFP

Alls féllu 25 bandarískir hermenn í Írak á laugardaginn. Fleiri hermenn Bandaríkjahers í Írak hafa ekki látist á einum degi í tvö ár. Er þetta þriðja mesta mannfall á einum degi síðan stríðið hófst í mars 2003.

Á sunnudag komu um 3.200 bandarískir hermenn til Íraks, en þeir eru fyrsti hluti af 21.500 manna liðsauka sem George W. Bush Bandaríkjaforseti hefur ákveðið að senda til Íraks.

**- sdg**

Árásarmenn í Þorlákshöfn:

# Misþyrmdu næturgesti

**LÖGREGLUMÁL** Ráðist var á mann í Þorlákshöfn í fyrrinótt. Maðurinn var gestkomandi í húsi þar í bæ og hafði lagst til svefns þegar árásamenn tóku hann höndum, drógu hann út úr húsinu, misþyrmdu honum og skildu hann eftir á nærklæðum og hálfmeðvitundarlausan.

Lögreglan segir að maðurinn hafi leitað á náðir fólks í nærliggjandi húsi. Maðurinn var fluttur á Heilsugæslustöðina á Selfossi þar sem í ljós kom að hann var með brotnar tennur auk annarra áverka. Lögreglan á Selfossi kveðst vita hverjir árásarmennirnir séu. **- kdk**

# Barnaklám í tölvu níðings í afplánun

**Barnaklám hefur fundist í tölvubúnaði sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu gerði upptækan hjá dæmdum barnaníðingi. Hann var í afplánun á Vernd en er aftur kominn á Litla-Hraun. Skólastjóri hvetur foreldra til að ræða við börn sín.**

**KYNFERÐISBROT** Ljóst er að tölvubúnaður sá sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu gerði upptækan hjá Ágústi Magnússyni, sem var í afplánun á fangahjálparheimilinu Vernd, inniheldur barnaklám, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Búnaðurinn inniheldur mikið af efni sem allt verður yfirfarið. Í gær höfðu engar vísbendingar fundist um að þar væri að finna myndir af íslenskum börnum en það hafði heldur ekki verið útilokað.

Ágúst var dæmdur í fimm ára fangelsi fyrir kynferðisofbeldi gegn sex drengjum árið 2004. Hann hefur afplánað tæplega tvo þriðju hluta refsitímans og var kominn á Vernd þar sem hann hafði nettengdar tölvur og virðist hafa verið byrjaður að brjóta af sér. Í fréttaskýringaþættinum Kompási á Stöð 2 var sett upp tálbeita fyrir barnaníðinga á netinu. Ágúst vildi hitta tvo unglinga, pilt og stúlku. Þegar hann mætti á staðinn til að hitta stúlkuna með kynferðisathafnir í huga, hitti hann fyrir umsjónarmann Kompáss. Ágúst játaði síðan í viðtali við hann að hann væri enn haldinn barnafíkn. Hann hefur nú verið fluttur á Litla-Hraun aftur.

Vernd er í nágrenni Laugarnesskóla. Sigríður Heiða Bragadóttir skólastjóri segir það ekki góða tilhugsun að hafa menn með kynferðislegar tilhneigingar til barna nærri skólanum. Hún segist hafa sent foreldrum allra barna í skólanum fjölpóst á fimmtudaginn í síðustu viku, þar sem þeim hafi verið greint frá því að kennarar hafi verið beðnir um að ræða við börnin um hvernig þau eigi að bregðast við þegar fullorðnir einstaklingar bjóði þeim til sín eða með sér eitthvert. Jafnframt hafi foreldrarnir verið hvattir til þess að ræða við börn sín. Tilefnið hafi verið að maður hafi haft uppi kynferðislega tilburði við barn í hverfinu fyrir nokkrum dögum. Foreldri barnsins hafði komið að máli við Sigríði Heiðu og sagt henni frá athæfi mannsins.

**LÚSARLEIT** Lúsarleit fer nú fram í tölvubúnaði sem lögregla gerði upptækan hjá Ágústi Magnússyni. Barnaklám hefur þegar fundist, en mikið efni er órannsakað enn.

Samkvæmt upplýsingum sem Fréttablaðið aflaði sér mun þar vera um að ræða mann sem áreitti fjórar ungar stúlkur í Vogahverfi. Þá yngstu, sem er fimm ára, komst hann í tæri við á leikvelli við Laugalæk. Sá maður, sem er 26 ára, hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 26. janúar.

Nýstofnuð kynferðisbrotadeild lögreglu höfuðborgarsvæðisins hefur málið til rannsóknar. Maðurinn á brotaferil að baki, meðal annars fíkniefnabrot, en ekki önnur kynferðisbrot.

jss@frettabladid.is

**STEFNURÆÐA** Frá flutningi stefnuræðu Bush í fyrra. Ræðu ársins í ár flytur hann í kvöld. MYND/AP

Forstjórar skora á Bush:

# Hvetja til losunartakmarkana

**BANDARÍKIN, AP** Forstjórar tíu af þekktustu fyrirtækjum Bandaríkjanna birtu í gær áskorun á George W. Bush Bandaríkjaforseta, þar sem þeir hvetja hann til að styðja að komið verði á reglum um takmörkun á losun gróðurhúsalofttegunda í landinu.

„Við getum og verðum að grípa tafarlaust til ráðstafana til að koma á samhæfðu kerfi hagrænna hvata til loftslagsverndar," segir í áskoruninni, sem forstjórarnir birtu daginn áður en Bush heldur árlega stefnuræðu sína. Bush-stjórnin hefur hingað til ekki viljað ljá máls á því að lögleiða losunartakmarkanir, þótt Bandaríkin séu langmesti loftmengunarvaldur heims. **- aa**

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Skotvopnum stolið

Brotist var inn í sumarhús í Miðfellslandi við Þingvallavatn einhvern tímann um helgina. Tveimur skotvopnum var stolið ásamt öðrum munum. Lögreglu var tilkynnt um innbrotið í gær. Málið er í rannsókn.

### Með nokkur grömm af hassi

Maður á þrítugsaldri var tekinn með nokkur grömm af hassi við Kárahnjúka í gær. Hann játaði að eiga efnið og að það væri til eigin neyslu. Honum var sleppt að lokinni yfirheyrslu.

Snjóflóðið í Hlíðarfjalli:

# Haldið sofandi í öndunarvél

**SLYS** Maðurinn sem slasaðist í snjóflóði í Hrappsstaðarskál í Hlíðarfjalli á sunnudag er þungt haldinn og er honum haldið sofandi í öndunarvél á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Þetta segir Þorvaldur Ingvarsson lækningaforstjóri. Hann segir að maðurinn hafi ekki hlotið beinbrot í snjóflóðinu. Hann hafi liðið súrefnisskort eftir að snjóflóðið féll á hann og hann hafi átt í öndunarerfiðleikum.

Maðurinn var í vélsleðaferð með félögum sínum þegar snjóflóðið, sem var um 600 metrar að breidd, féll á hann. Félagar mannsins grófu hann upp úr snjónum og gerðu á honum endurlífgunartilraunir. Þyrla Landhelgisgæslunnar flutti hann á sjúkrahús. **- ifv**

**FRJÁLSLYNDIR** Borgarstjórnarflokkur Frjálslynda flokksins styður Margréti.

Deilur meðal frjálslyndra:

# Borgarflokkur styður Margréti

**STJÓRNMÁL** Samstarfsfólk Margrétar Sverrisdóttur í borgarstjórnarflokki frjálslyndra styður hana heilshugar til forystustarfa, að því er kemur fram í tilkynningu, sem undir skrifa þau Guðrún Ásmundsdóttir, Kjartan Eggertsson, Ólafur F. Magnússon, Ásta Þorleifsdóttir og Anna Sigríður Ólafsdóttir.

Eru verk Margrétar sögð bera vott um víðsýni og stefnumál hennar mikilvægt innlegg í landsmálin. Henni sé vel treyst til góðra verka og með hana í forystusveit sé flokkurinn mun sterkari en ella. **- kóþ**

**BÍLL DAGSINS**

**NISSAN ALMERA ACENTA**

Nýskr. 05.05 - Beinskiptur - Ekinn 18 þús. km. - Allt að 100% lán.

Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Valtýr Sigurðsson fangelsismálastjóri um mál Ágústs Magnússonar:

# Vist á Vernd hluti af meðferð

**KYNFERÐISBROT** Sú ítarlega meðferð sem Ágúst Magnússon fékk á Litla-Hrauni virðist ekki hafa haldið eftir að hann var fluttur á Vernd. Þetta segir Valtýr Sigurðsson fangelsismálastjóri.

**VALTÝR SIGURÐSSON**

„Það verður að senda hann á Vernd eins og aðra," segir Valtýr. „Þar er hann undirbúinn eins og aðrir til þess að fara út í samfélagið. Með því að setja hann á Vernd töldum við okkur vera að minnka áhættuna á að hann fremdi frekari brot. Við bíðum eftir að sjá hvað verður úr þessu lögreglumáli sem er að fara í gang í hans tilviki. Síðan verður tekin ákvörðun í kjölfar þess hvort það fer dómstólaleiðina eða hvernig verður með það farið."

Valtýr sagði að fylgst hefði verið með Ágústi af bestu getu eins og öðrum sem væru í afplánun á Vernd. Ákvörðunin um að færa hann þangað af Litla-Hrauni hefði verið tekin að mjög vel ígrunduðu máli. Hann hefði að öllu jöfnu farið á reynslulausn í maí. Því hefði þótt betra að hafa hann undir því eftirliti sem væri til staðar á vernd heldur en ekki.

**ÁFANGAHEIMILI VERNDAR** Þarna dvaldi Ágúst Magnússon eftir að vist hans á Litla-Hrauni lauk, en þar er hann nú á ný.

Mál Ágústs kom til umræðu á Alþingi í gær. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra sagði að verið væri að skoða mörg álitaefni í tengslum við það og vafalaust yrði birt skýrsla um það síðar. **- jss**

www.toyota.is

# SUMIR NOTAÐIR BÍLAR ERU EINFALDLEGA BETRI EN AÐRIR

**Toyota Yaris T sport** 1500 Bensín 5 gíra
Á götuna: 09.03 Ekinn: 46.000 km
Verð: 1.120.000 kr. Skr.nr. MY184

**Toyota Yaris Terra** 1000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 06.05 Ekinn: 62.000 km
Verð: 1.290.000 kr. Skr.nr. YG051

**Toyota Yaris Terra** 1000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 06.05 Ekinn: 61.000 km
Verð: 1.130.000 kr. Skr.nr. RA901

**Nissan Micra** 1300 Bensín sjsk.
Á götuna: 08.05 Ekinn: 21.000 km
Verð: 1.580.000 kr. Skr.nr. NV947

**Subaru Legacy W/G** 2000 Bensín sjsk.
Á götuna: 03.04 Ekinn: 49.000 km
Verð: 1.790.000 kr. Skr.nr. SJ941

**Toyota Avensis Sol** 1800 Bensín sjsk.
Á götuna: 08.05 Ekinn: 18.000 km
Verð: 2.490.000 kr. Skr.nr. MV220



**Toyota Corolla Terra** 1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.05 Ekinn: 45.000 km
Verð: 1.490.000 kr. Skr.nr. TK475

**Toyota Corolla Terra** 1600 Bensín 5 gíra
Á götuna: 08.01 Ekinn: 91.000 km
Verð: 950.000 kr. Skr.nr. BV130

**Toyota Corolla Terra** 1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 06.05 Ekinn: 37.000 km
Verð: 1.560.000 kr. Skr.nr. NA123

**Toyota Land Cruiser VX** 4000 Bensín sjsk
Á götuna: 06.04 Ekinn: 64.000 km
Verð: 4.290.000 kr. Skr.nr. YX774

**Toyota Land Cruiser VX** 3000 Dísel sjsk.
Á götuna: 08.03 Ekinn: 106.000 km
Verð: 4.150.000 kr. Skr.nr. RL586

**Toyota Land Cruiser VX** 3400 Bensín sjsk.
Á götuna: 05.02 Ekinn: 99.000 km
Verð: 2.250.000 kr. Skr.nr. UJ445

**Mazda E-2000 Van** 2000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 12.99 Ekinn: 95.000 km
Verð: 650.000 kr. Skr.nr. ZV559

**Toyota RAV4** 2000 Bensín sjsk.
Á götuna: 05.03 Ekinn: 71.000 km
Verð: 1.950.000 kr. Skr.nr. OG422

**VW Golf W/G** 1600 Bensín 5 gíra
Á götuna: 06.05 Ekinn: 22.000 km
Verð: 1.490.000 kr. Skr.nr. ST530

**VW Polo Base Line** 1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.05 Ekinn: 42.000 km
Verð: 1.150.000 kr. Skr.nr. YB892

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

**Núna bjóðum 16 betri notaða bíla á sannkölluðum gæða- og úrvalskjörum.**

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 35862 01/07

## GENGIÐ 22.01.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 69,53 | 69,87 |
| Sterlingspund | 137,22 | 137,88 |
| Evra | 90,7 | 90,57 |
| Dönsk króna | 12,085 | 12,155 |
| Norsk króna | 10,784 | 10,848 |
| Sænsk króna | 9,864 | 9,922 |
| Japanskt jen | 0,5714 | 0,5748 |
| SDR | 103,74 | 104,36 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
123,9708

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Stjórnarandstöðuflokkarnir segja umræðu um málefni Ríkisútvarpsins lokið:

# Fullreynt að ná pólitískri sátt um RÚV

**ALÞINGI** Stjórnarandstöðuflokkarnir á Alþingi; Samfylkingin, Vinstrihreyfingin - grænt framboð og Frjálslyndi flokkurinn, sendu í gær frá sér sameiginlega yfirlýsingu um Ríkisútvarpið sem markar lok þeirrar umræðu sem hefur staðið yfir í þinginu síðustu daga og vikur um málefni Ríkisútvarpsins.

„Við metum stöðuna einfaldlega svo að það sé fullreynt og lengri tími skipti ekki neinu í sambandi við sátt," segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG.

Í yfirlýsingunni kemur fram að stjórnarandstöðuflokkarnir hafi það markmið að láta fara fram endurskoðun á Ríkisútvarpinu ef þeir komist í ríkisstjórn í vor. „Þessi yfirlýsing segir að við höfum að undanförnu reynt og lagt áherslu á það í allri umræðu um Ríkisútvarpið og samtölum okkar við forystumenn stjórnarflokkanna að ná sátt um Ríkisútvarpið. Við höfum talið það gríðarlega mikilvægt en höfum talað fyrir daufum eyrum," sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, í gær.

Samkomulag er um að Ríkisútvarpið verði ekki hlutafélagavætt heldur fundnar leiðir til svigrúms í rekstri með nýjum lögum sem tryggi sjálfstæði og fagleg viðhorf. Stjórn RÚV verði rekstrarstjórn og starfsmenn búi við ritstjórnarlegt sjálfstæði og óháðir stjórnmála- og viðskiptahagsmunum. Þriðja umræða heldur áfram á þingfundi eftir hádegi í dag og verða að öllum líkindum greidd atkvæði um frumvarpið. Í breytingartillögu við frumvarpið er lagt til að lögin öðlist gildi 1. september næstkomandi. - ghs

**MARKAR LOKIN** Guðjón Arnar Kristjánsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Steingrímur J. Sigfússon kynna yfirlýsinguna sem markar lok umræðunnar um Ríkisútvarpið. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR** Tæpur helmingur lýsti ánægju með RÚV-frumvarp menntamálaráðherra.

RÚV að opinberu hlutafélagi:

## Nær helmingur sagðist ánægður

**SKOÐANAKÖNNUN** Alls um 46 prósent þeirra sem inntir voru álits í skoðanakönnun Capacent-Gallups sögðust ánægð með að Ríkisútvarpinu verði breytt í opinbert hlutafélag. Þetta er niðurstaða viðhorfskönnunar sem unnin var fyrir Ríkisúvarpið fyrr í vetur. Tæp 24 prósent aðspurðra svöruðu á þá leið að þau væru hvorki ánægð né óánægð með fyrirhugaða breytingu á rekstrarforminu. Afgangurinn, rétt liðlega þrjátíu prósent, kvaðst óánægður með breytinguna. Alls svöruðu 825 einstaklingar á aldrinum 16 til 75 ára og af báðum kynjum spurningunni í viðhorfskönnuninni. - gar

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Árás á sunnudagsmorgni

Ráðist var á tvo menn aftan við Kaupþing banka á Selfossi um klukkan sjö á sunnudagsmorgni. Árásarmennirnir voru fjórir og segir lögreglan á Selfossi þá úr Reykjavík. Málið er í rannsókn.

## LEIÐRÉTTING

Í gær féll niður hluti viðtals við Ara Edwald, forstjóra 365. Hér birtist málsgreinin í heild sinni: „Það sjá það allir í hendi sér að það er óeðlilegt að einn aðili á markaðnum geti notað skattfé til að búa til áhugaverða dagskrá til að selja óheft inn í auglýsingar, og raunverulega fjármagnað auglýsingasjónvarp fyrir skattfé."

# 40 prósenta álagning á Levi's-gallabuxur

**NEYTENDAMÁL** Levi's Classic 501 gallabuxur eru seldar með um fjórutíu prósenta álagningu á Íslandi. Eftir að tollar og skattar hafa verið teknir með í reikninginn standa rúmar fjögur þúsund krónur sem álagning verslunarinnar á vöru sem kostar 9.990 krónur.

Fréttablaðið hefur gert verðkönnun á ýmsum vörum á Íslandi, í Svíþjóð, Danmörku, Noregi og Bretlandi. Tilgangurinn er að komast að því hversu miklu munar á verði þessara vara milli Íslands og annarra landa, og hvað orsakar þennan mun.

Reynt er að brjóta smásöluverð hérlendis niður í innkaupsverð, flutningsgjöld, tolla, skatta og álagningu auk annarra gjalda sem kunna að leggjast á vöruna. Í dag eru Levi's Classic 501 gallabuxur teknar fyrir.

Samkvæmt upplýsingum frá Levi's búðinni er innkaupsverð á gallabuxunum um fjórutíu prósent af útsöluverði verslunarinnar, sem er 9.990 krónur. Innkaupsverðið, sem innifelur flutningskostnað, er því rétt tæpar 4.000 krónur á hverjar buxur.

Á innkaupsverðið leggst síðan 15 prósenta tollur, og 24,5 prósenta virðisaukaskattur ofan á það. Þá er innkaupsverð, eftir toll og skatt, orðið 5.727 krónur. Þær 4.263 krónur sem eftir standa eru álagning verslunarinnar.

Samkvæmt verðkönnunum Fréttablaðsins kosta Levi's Classic 501 gallabuxur 9.990 krónur í Levi's búðinni í Smáralind, 9.842 krónur í Levi's Original Store í Kaupmannahöfn, 8.816 krónur í Carlings Denim Gallery í Ósló, 8.061 krónu í Levi's Store í Stokkhólmi og 6.965 krónur í The Original Levi's Store í Lundúnum.

salvar@frettabladid.is

### DÝRASTAR Á ÍSLANDI

Verðkönnun Fréttablaðsins á Levi's Classic 501 gallabuxunum var gerð í fjórum löndum auk Íslands; Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Bretlandi.

Á Íslandi var verðið athugað í Levi's búðinni í Smáralind. Þar kosta buxurnar 9.990 krónur.

Í Danmörku kosta þær sem samsvarar 9.842 íslenskum krónum, í Noregi eru þær á 8.816 krónur og í Svíþjóð má kaupa sömu tegund af gallabuxum á 8.061 krónu. Lægst er verðið þó í Bretlandi. Í The Original Levi's Store í Lundúnum kosta Levi's Classic 501 buxurnar 6.965 krónur.

Þegar hlutfallslegur munur á verði milli landanna er reiknaður kemur í ljós að buxurnar eru um einu prósenti dýrari á Íslandi en í Danmörku, sem er vart merkjanlegur munur. Munurinn á verðinu hérlendis og í hinum löndunum er nokkuð meiri. Hér eru buxurnar 13 prósentum dýrari en í Noregi, 24 prósentum dýrari en í Svíþjóð og 43 prósentum dýrari en í Bretlandi.

LV og lög um þjóðlendur:

## Vilja breytingar á lögunum

**ÞJÓÐLENDUMÁL** Stjórn Landssambands veiðifélaga (LV) sendi í gær frá sér tilkynningu þar sem ákvörðun Árna Mathiesen fjármálaráðherra, um endurskoðun aðkomu ríkisvaldsins að framkvæmd laganna um þjóðlendur, er fagnað.

LV telur það ekki samrýmast vilja Alþingis að ríkisvaldið geri ýtrustu kröfur um land og leggi óhóflega sönnunarbyrði á landeigendur sem geta ekki risið undir þeim í sumum tilfellum því gögn um eignarhaldið hafa glatast.

Stjórn Landssambands veiðifélaga skorar á stjórnvöld og Alþingi að breyta framkvæmd laga um þjóðlendur til samræmis við upphaflegan tilgang þeirra. - ifv

Borgarbyggð:

## Margmenningarfélag stofnað

**BORGARNES** Margmenningarfélag hefur verið stofnað í Borgarbyggð. Margmenningarfélagið er félag áhugafólks um margmenningu og geta allir tekið þátt. „Hugmyndin er að stuðla að betra samfélagi fyrir erlenda íbúa, hjálpa þeim að aðlagast okkur og okkur að aðlagast þeim," segir Guðrún Vala Elísdóttir, nýkjörinn formaður nýja félagsins.

Óformlegur félagsskapur hefur verið starfandi í Borgarbyggð í allan vetur og var því ákveðið að stofna félagið formlega og fá kennitölu þannig að félagsskapurinn gæti beitt sér í þágu margmenningar og sótt um styrki til verkefna. Opið hús hefur verið á sunnudögum í Safnahúsinu í Borgarnesi og verður því haldið áfram auk þess sem starfsemin verður aukin frekar. - ghs

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

UMSKIPTI
Jæja, þá er frostakaflinn að baki og við taka nokkrir þokkalega mildir dagar. En eins og gjarnan er þegar umskipti verða í veðrinu hér á landi verða einnig umskipti í Evrópu. Þar er víða kólnandi veður, einkum á Norðurlöndunum og norðan til í Evrópu. Samfara því er úrkomuloft yfir meginlandinu og víða mun því snjóa norðan til.
Það eru horfur á að það kólni á ný er nær dregur helginni.

VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG
Vestan 5-10. Skýjað og þurrt að mestu. Hiti 2-5 stig.

## VEÐURSPÁ

*um hádegi »*




*» á morgun*




*» fimmtudagur*




*um hádegi »*

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 4°C | skúrir | London | 5°C | skúrir | Alicante | 16°C hálfskýjað |
| Þórshöfn | 5°C | skúrir | París | 5°C | hálfskýjað | Mallorca | 13°C skúrir |
| Osló | -5°C | alskýjað | Frankfurt | 3°C | alskýjað | Algarve | 15°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | -3°C | hálfskýjað | Friedrichshafen | 3°C | skúrir | Krít | 19°C alskýjað |
| Gautaborg | 2°C | snjókoma | Berlín | 1°C | hálfskýjað | Las Palmas | 20°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Við vitum ekki

# *hver þú ert ...*

## *... nema þú notir Auðkennislykilinn*

Á næstu vikum verður notendum gert skylt að nota Auðkennislykilinn við innskráningu í banka á Netinu. Nánari upplýsingar um Auðkennislykilinn eru að finna á **www.audkenni.is** eða hjá næsta banka eða sparisjóði.

**Tryggðu þér aukna vernd í bankaviðskiptum á Netinu – taktu Auðkennislykilinn strax í notkun.**

Auðkennislykillinn er samstarfsverkefni allra banka og sparisjóða á landinu sem miðar að auknu öryggi við notkun banka á Netinu. Allir notendur fá lykilinn sendan heim í pósti.

AUÐKENNI · KAUPÞING · Netbankinn · Landsbankinn · SPARISJÓÐURINN – fyrir þig og þína · GLITNIR · Sjá – og þú hagnast · spron

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 7597

## KJÖRKASSINN

*Hefur þú séð kynlífsmyndbandið með Guðmundi í Byrginu?*

| | |
|---|---|
| Já | 22% |
| Nei | 78% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér að Árni Johnsen eigi að vera á framboðslista Sjálfstæðisflokks í Suðurkjördæmi?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Hvalaskoðunarfyrirtækin Elding og Hafsúlan sameinast og úr verður stærsta fyrirtækið á þessu sviði:

# Reikna með sextíu þúsund farþegum

**NÁTTÚRUSKOÐUN** Eigendur hvalaskoðunarfyrirtækjanna Eldingar og Hafsúlunnar í Reykjavík hafa undirritað samkomulag um sameiningu félaganna.

Með sameiningunni verður til stærsta hvalaskoðunarfyrirtæki á landinu en samanlagður farþegafjöldi fyrirtækjanna var um fimmtíu þúsund farþegar á síðasta ári.

Einar Steinþórsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, segir nýtt fyrirtæki hafa mikla möguleika á að efla þjónustu.

„Við munum bjóða upp á ýmiss konar afþreyingu á sjó svo sem hvalaskoðun, sjóstangaveiði, fuglaskoðun og fjölbreyttar skemmtisiglingar. Það kemur sterklega til greina að kaupa nýtt skip og við ætlum að byggja upp fræðslu- og upplýsingasetrið sem er í gömlu loðnuskipi við Ægisgarð. Við ætlum okkur líka að bjóða upp á ferðir allt árið," segir Einar.

**HAFSÚLAN** Annar tveggja hvalaskoðunarbáta nýs fyrirtækis. Takmarkið er að skemmta sextíu þúsund farþegum í sumar. MYND/KPS

Nýtt fyrirtæki hefur yfir að ráða hvalaskoðunarskipunum Hafsúlunni og Eldingu, ásamt Eldingu II og Gesti sem sinna sjóstangaveiði og styttri skemmtisiglingum.

Níu af hverjum tíu viðskiptavinum fyrirtækjanna hafa verið erlendir ferðamenn á undanförnum árum en Íslendingum hefur farið fjölgandi, að sögn Einars. Hann tiltekur þar sérstaklega sjóstangaveiði og skemmtiferðir enda hefur fyrirtækið haldið fermingar- og brúðkaupsveislur á hafi úti.

Fyrirtækið mun sækja um fulla umhverfisvottun hjá Green Globe í vor og verður þá með fyrstu hvalaskoðunarfyrirtækjunum í heiminum til að öðlast slíka vottun. - shá

Veðurofsi hamlar viðgerð:

# Viðgerð á sæstreng frestað

**FJARSKIPTI Viðgerð á CANTAT-3 sæstrengnum, sem gera átti við í þessum mánuði, hefur verið frestað.**

**Veður og sjólag á svæðinu hefur verið mjög slæmt og því ekki gefist tækifæri til að hefja viðgerð á strengnum.**

**Viðgerðarskipið CS Pacific Guardian, sem kom á bilunarstað hinn 15. janúar, heldur nú til heimahafnar í Bermúda. Þetta segir í tilkynningu frá Farice.**

**Vegna frestunarinnar var strengurinn gangsettur að nýju til Evrópu hinn 18. janúar síðastliðinn. Fjarskiptaumferð í þá átt ætti að vera með eðlilegum hætti þar til færi gefst á því að gera við strenginn.**

**Reiknuðu margir notendur með truflun vegna viðgerðar.**

- sþs

Nýtt afl heldur sig til hlés:

# Ekki í framboði

**STJÓRNMÁL** Tveir helstu forvígismenn málfundafélagsins Nýs afls ætla ekki að gefa kost á sér í embætti fyrir Frjálslynda flokkinn á komandi landsþingi.

HÖSKULDUR HÖSKULDSSON

Þeir Jón Magnússon, formaður Nýs afls, og Höskuldur Höskuldsson varaformaður staðfestu þetta um helgina. „Ég hef ekki áhuga á því," sagði Jón, en hann reiknar þó með því að einhverjir úr Nýju afli gefi kost á sér til trúnaðarstarfa.

Samkvæmt upplýsingum Magnúsar Reynis Guðmundssonar, framkvæmdastjóra flokksins, hefur Sólborg Alda Pétursdóttir, kennari í Mosfellsbæ og flokksmaður frjálslyndra um árabil, boðið sig fram til ritara. - kóþ

# Varúðarráðstöfun að velja nýtt nafn

**Grétar Mar Jónsson vill að Frjálslyndi flokkurinn heiti Frjálslyndi jafnaðarmannaflokkurinn. Sverrir Hermannson og Margrét Sverrisdóttir segja klofning líklega fyrirhugaðan. Guðjón A. Kristjánsson segir klofning ekki á dagskránni.**

GRÉTAR MAR JÓNSSON

MARGRÉT SVERRISDÓTTIR

GUÐJÓN A. KRISTJÁNSSON

SVERRIR HERMANNSSON

**STJÓRNMÁL** Grétar Mar Jónsson, skipstjóri og varaþingmaður Frjálslynda flokksins, vill að nafni flokksins verði breytt í Frjálslyndi jafnaðarmannaflokkurinn. Hann ætlar að bera fram tillögu um nafnabreytinguna á landsþingi Frjálslynda flokksins sem haldið verður dagana 26. og 27. janúar.

Grétar segir helstu ástæðuna fyrir því að flokkurinn eigi að breyta um nafn vera þá að hann vilji höfða til jafnaðarmanna í landinu, sem eigi sér ekki málsvara á þingi. „Samfylkingin þykist vera jafnaðarmannaflokkur en er það ekki. Flokkurinn gætir ekki hagsmuna almennings þegar litið er til eignarhalds yfir fiskinum í sjónum. Samfylkingin sættir sig við að fáir eigi kvótann. Jafnaðarmenn eiga ekki að sætta sig við það," segir Grétar Mar.

Önnur ástæða sem Grétar nefnir er að Sverrir Hermannsson eigi nafnið Frjálslyndi flokkurinn. „Menn hafa sagt að Sverrir geti sett lögbann á notkun nafnsins ef það verður klofningur í flokknum. Tillagan að nafnabreytingunni er varúðarráðstöfun ef það skyldi gerast," segir Grétar.

Sverrir Hermannsson, stofnandi og fyrrverandi formaður Frjálslynda flokksins, segir að sé hluti flokksmanna að hugsa um nafnabreytingu virðist það vera ætlun þeirra að kljúfa flokkinn. „Þeir ætla að vera við því búnir að stofna nýjan flokk. Svo virðist vera sem þeir uni ekki við þá skipan mála sem verið hefur í flokknum og að þeir vilji Margréti dóttur mína burt," segir Sverrir. Hann segir að hann hafi tryggt sér nafn flokksins árið 1998.

Sverrir segir að ef ákveðinn hluti meðlima Frjálslynda flokksins kljúfi sig út úr flokknum muni flokkurinn starfa áfram. „Ég myndi þá ætla að Margrét starfi áfram innan hans," segir Sverrir. Hann telur að þeir sem vilji kljúfa Frjálslynda flokkinn ætli sér ekki að nota nafn hans áfram og því komi ekki til þess að hann þurfi að koma í veg fyrir að þeir noti nafnið. „Ég, Margrét og okkar fólk munum aldrei kljúfa flokkinn, þeir munu kannski gera það og fá sér nýtt nafn."

Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, hafði ekki heyrt af tillögu Grétars Mars um nafnabreytingu þegar Fréttablaðið talaði við hann í gær. „Ég kem ekki að þessari tillögu," segir Guðjón. Aðspurður segir hann að hann og hluti flokksmanna ætli sér ekki að kljúfa flokkinn og taka upp nýtt nafn.

Á landsþinginu mun Margrét Sverrisdóttir annað hvort bjóða sig fram í kosningu um embætti varaformanns flokksins, gegn Magnúsi Þór Hafsteinssyni, eða formanns, gegn Guðjóni A. Kristjánssyni. Guðjón hefur gefið það út að hann styðji Magnús í kosningunni um varaformannsembættið. Margrét hefur gert upp hug sinn en vill ekki segja frá því hvort embættið hún ætlar að bjóða sig fram í. Hún ætlar að tilkynna það um miðja vikuna.

Margrét segir það fyrsta sem hún hugsaði, þegar hún heyrði af tillögunni um nafnabreytinguna, hvort það væri ætlun einhverra í flokknum að kljúfa hann.

ingifreyr@frettabladid.is

heilsuakademían kynnir

Gleði, dans og sjálfsstyrkingarnámskeið

Edda B

Gleði, dans og sjálfsstyrkingarnámskeið með Eddu Björgvins verður haldið helgina 2.–4. febrúar hjá Heilsuakademíunni í Egilshöll.

Heilsuakademían býður upp á dans, gleði og sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir konur undir stjórn Eddu Björgvins.

Edda mun með sinni einstöku hæfni leiðbeina hópnum um það hvernig konur geta aukið sjálfstraust sitt í leik og starfi.

Þessu námskeiði má enginn missa af, frábær skemmtun, gleði og lærdómur.
Skráning er hafin.

heilsuakademían
Hreyfing, heilbrigði, skemmtun
www.heilsuakademian.is - sími: 594 9666

Opið mánud.–föstud. 8–18, laugard. 10–16 og sunnud. 12–16

Risaútsala

AFSLÁTTUR ALLT AÐ 80%

Ellingsen

– fullt hús ævintýra

Angela Merkel Þýskalandskanslari kynnir ESB-formennskuáætlun sína:

# Kapp lagt á sáttmálauppfærslu

**STRASSBORG, AP** Angela Merkel, kanslari Þýskalands, kynnti fyrir helgi formennskuáætlun Þjóðverja í Evrópusambandinu fyrri helming ársins. Hún sagði sambandið verða að koma sér saman um aðgerðaáætlun um það hvernig koma megi til framkvæmda þeirri uppfærslu á stofnsáttmála sambandsins sem til stóð að gera með stjórnarskrársáttmálanum svonefnda, en fullgilding hans strandaði eins og kunnugt er þegar henni var hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslum í Frakklandi og Hollandi fyrir hálfu öðru ári.

Merkel lagði enn fremur áherslu á að samningar tækjust við Rússa um endurnýjun víðtæks viðskipta- og samstarfssamnings ESB og Rússlands og að viðræðum á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um aukið frelsi í alþjóðaviðskiptum yrði bjargað út úr því öngstræti sem þær hafa festst í til þessa.

„Umhugsunartíminn er liðinn. Við verðum að komast að niðurstöðu um það fyrir júnímánuð næstkomandi hvað gera skuli við stjórnarskrársáttmálann," sagði kanslarinn í fyrstu ræðu sinni fyrir fulltrúum á Evrópuþinginu. Merkel bætti því við að Evrópusambandið yrði að draga úr skriffinnsku og gera ákvarðanatöku skilvirkari.

**ANGELA MERKEL** Vel lá á kanslaranum á blaðamannafundi í Strassborg. MYND/AP

„Það er allri Evrópu í hag að ljúka þessu ferli áður en næstu kosningar til Evrópuþingsins fara fram árið 2009," sagði hún. - aa

# 14,5%

ARGUS / 07-0054

## SPRON Vaxtabót – allt að 14,5% vextir*

Óverðtryggður sparnaðarreikningur á Netinu.

## SPRON Viðbót – allt að 6% vextir*

Verðtryggður sparnaðarreikningur á Netinu.

Frábær ávöxtun sparnaðarreikninga SPRON á síðasta ári endurspeglaðist m.a. í hávaxtanetreikningunum SPRON Vaxtabót og SPRON Viðbót. Nú hafa vextir þeirra reikninga verið hækkaðir enn frekar!

Njóttu ávöxtunarinnar og stofnaðu netreikningana SPRON Vaxtabót og SPRON Viðbót á **spron.is**

spron

Upplýsingar í næsta útibúi SPRON í síma 550 1200, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is

**Samkvæmt gildandi vaxtatöflu SPRON 21. janúar 2007*

## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvað heitir fyrrverandi þingmaður Samfylkingarinnar sem gengið hefur til liðs við Frjálslynda flokkinn?*

2 *Hverjir slasast oftast í hestaslysum?*

3 *Hvaða bandarískri leikari hvatti bandarísk stjórnvöld til að biðjast afsökunar á stríðinu í Írak við upphaf Sundance-kvikmyndahátíðarinnar?*

SVÖRIN ERU Á BLAÐSÍÐU 38

Öryggisvörður sem dæmdur var fyrir þjófnað var með líkamsárás á sakaskrá sinni:

# Sakamaður með hreint vottorð

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri var dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Suðurlands í gær fyrir þjófnað. Hann stal peningum, tölvu og flatskjá auk annarra hluta úr húsnæði Mjólkurbús Flóamanna á Selfossi þegar hann starfaði sem öryggisvörður Securitas. Brotin voru framin vorið 2006, en maðurinn hafði aðgang að húsnæðinu vegna vinnu sinnar.

Maðurinn hafði áður verið dæmdur fyrir ölvunarakstur og líkamsárás, en þrátt fyrir það var hann ráðinn hjá Securitas í ágúst 2005. Samkvæmt reglum Securitas þurfa allir sem sækja um starf að skila hreinu sakavottorði.

„Ég held hérna á vottorðinu sem hann skilaði og þar segir að hann hafi engin brot framið," segir Árni Guðmundsson, forstöðumaður gæslusviðs Securitas. „Ég veit ekki hvernig stendur á þessu."

Maðurinn játaði þjófnaðinn og sagðist hafa verið í fíkniefnaneyslu þegar hann framdi brotin. Góssið hafi verið selt til þess að fjármagna neysluna.

Árið 1997 gekkst hann undir sátt fyrir ölvunarakstur og árið 2002 var hann dæmdur til 25.000 króna sektar fyrir líkamsárás.

Auk skilorðsbundnu fangavistarinnar var hann dæmdur til að greiða Mjólkursamsölunni 180 þúsund krónur í skaðabætur. - sþs

**ÖRYGGISVÖRÐUR** Maðurinn skilaði hreinu sakavottorði þrátt fyrir að hafa verið dæmdur fyrir ölvunarakstur og líkamsárás. Myndin tengist ekki efni fréttarinnar.

Piltur braust inn í hjólhýsi:

# Stal slökkvitæki og Prins Póló

**DÓMSMÁL** Átján ára piltur var í Héraðsdómi Suðurlands dæmdur til 40.000 króna sektargreiðslu fyrir að brjótast inn í hjólhýsi í júlí 2005.

Pilturinn braut plastrúðu í hjólhýsinu, sem stendur í þyrpingu slíkra farartækja rétt utan við Laugarvatn, og stal þaðan slökkvitæki, einum kassa af Prins Póló súkkulaði og töluverði magni af áfengi.

Hann mætti ekki fyrir héraðsdóm og því féll dómurinn að honum fjarstöddum. Hann hefur tvívegis áður hlotið dóma fyrir þjófnaðarbrot. - þsj

gítar skóli ólafs gauks
www.gitarskoli-olgauks.is
Innritun í símum 588-3630 og 588-3730, eða í skólanum að Síðumúla 17, tölvupóstur: ol-gaukur@islandia.is Í boði er fjölbreytt nám með **vönduðu námsefni** fyrir alla aldursflokka, bæði byrjendur og þá sem kunna eitthvað fyrir sér. Nánari upplýsingar um skólann og námsleiðir er að fá á heimasíðunni: www.gitarskoli-olgauks.is eða í skólanum á innritunartíma, en innritað er alla virka daga kl. 14:00 til 17:00.
588-3630
588-3730
Hægt að fá leigða HEIMAGÍTARA kr. 3500 á önn
Heimasíða: www.gitarskoli-olgauks.is
MasterCard VISA
GAUKUR - GUTENBERG
INNRITUN DAGLEGA KL. 14-17

**ÞJÓÐERNISSINNAR FAGNA** Stuðningsmaður hins þjóðernissinnaða Róttæka flokks Serbíu veifar þjóðfánanum sigurreifur í Belgrad á sunnudagskvöld. MYND/AP

# Vill samvinnu lýðræðisafla

**Flokkur herskárra þjóðernissinna varð stærsti flokkurinn í þingkosningum í Serbíu. Forseti landsins skorar á lýðræðisflokkana að mynda ríkisstjórn áður en skýrsla SÞ um framtíð Kosovo verður birt.**

**SERBÍA, AP** Forseti Serbíu skoraði í gær á lýðræðissinnaða stjórnmálaflokka landsins að leggja ágreiningsmál sín til hliðar og taka höndum saman um að mynda samsteypustjórn, eftir að flokkur herskárra þjóðernissinna varð stærsti flokkurinn á þingi samkvæmt niðurstöðum kosninga sem fram fóru í landinu á sunnudag.

BORIS TADIC

Hið mikla kjörfylgi þjóðernissinna, sem fengu 28,3 prósent atkvæða, er ekki síst rakið til þess að spurningin um framtíð Kosovohéraðs er nú mjög ofarlega á dagskrá. Strax í næstu viku er von á sérlegum erindreka Sameinuðu þjóðanna til Belgrad til að skila af sér tillögu að framtíðarfyrirkomulagi á þjóðréttarlegri stöðu Kosovo. Kosovo-Albanar, sem eru í yfirgnæfandi meirihluta íbúa í héraðinu, vilja fullt sjálfstæði en serbneskir þjóðernissinnar líta á héraðið sem óaðskiljanlegan hluta Serbíu.

Bozidar Djelic, sem talinn er líklegasta forsætisráðherraefni lýðræðisflokkanna, lagði á það áherslu í gær að birting SÞ-tillagnanna gæti spillt fyrir ríkisstjórnarmyndun, og ef þær gengu út á að Kosovo hlyti sjálfstæði myndu þær aðeins verða til að efla þjóðernissinna enn frekar. Fastlega er reiknað með að tillögurnar hljóði upp á skilyrt fullveldi Kosovo til handa.

Að hinni eldfimu Kosovodeilu frátalinni eru fleiri mál sem auðveldlega geta gert stjórnarmyndunarumleitanir erfiðar. Þar á meðal er hvernig taka skal á framsali á eftirlýstum meintum stríðsglæpamönnum, svo hvaða leiðir skuli reynt að fara til að rjúfa einangrun Serbíu og mjaka landinu nær því að fá að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið.

„Nýja ríkisstjórn verður að mynda hið snarasta," sagði Boris Tadic, forseti Serbíu, en Lýðræðisflokkur hans fékk flest atkvæði, 22,6 prósent, að frátöldum flokki þjóðernissinna sem heldur hugmyndafræði Slobodans Milosevic heitins í hávegum. Tadic sagði að hann myndi fela þeim stjórnarmyndunarumboðið sem bestar horfur hefði á því að ná árangri í að koma saman meirihlutastjórn lýðræðisaflanna.

BOZIDAR DJELIC

Leiðtogi þjóðernissinna, Tomislav Nikolic, sagði í gær að Tadic ætti að fela stærsta flokknum á þingi stjórnarmyndunarumboðið. „En ég veit að hann mun ekki gera það," sagði Nikolic og spáði því að kosið yrði á ný áður en þetta ár væri úti þar sem „hinir svokölluðu lýðræðissinnar geta ekki komið sér saman um nokkurn hlut, hvað þá um nýja ríkisstjórn".

audunn@frettabladid.is

Mikil mildi

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA
Veldu létt og mundu eftir ostinum!

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

LÝSING

# JANÚAR ÚTSALA

**Dagana 24. til 27. janúar**

**hjá Bílalandi B&L, B&L Selfossi og umboðsmönnum um land allt.**
**Valdir bílar á alvöru útsölu. Komdu og fáðu þér bíl á frábæru verði.**
**Enginn útborgun og 100% lán í 84 mánuði.**

# Hefst á morgun!

**Opið miðvikudag, fimmtudag og föstudag frá kl. 9 til 18**
**og á laugardaginn frá kl. 12 til 16.**

bíla B&L land
notaðir bílar

**Reykjavík ✆ 575 1230**
**Selfoss ✆ 575 1460**

**Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 Reykjavík**
**Bílaland B&L, Hrísmýri 2a Selfossi**

**bílaland.is**

**REITT TIL HÖGGS** Rússneska tennisstjarnan Maria Sharapova reiðir til höggs í viðureign við Tatiönu Garbin frá Ítalíu á opna ástralska tennismótinu í Melbourne. Sharapova vann örugglega. MYND/AP

Vonir bundnar við hófsaman íslamistaleiðtoga í sáttaviðræðum í Sómalíu:

# Íslamistaleiðtogi gefur sig fram

**SÓMALÍA, AP** Einn helsti leiðtogi íslamista í Sómalíu, Sheikh Sharif Sheikh Ahmed, hefur gefið sig fram við bandarísk og kenýsk stjórnvöld og dvelur núna undir þeirra vernd í Nairobi, höfuðborg Kenýa.

Ahmed, sem telst til hófsamari leiðtoga íslamista, er talinn geta spilað lykilhlutverk í sáttaviðræðum milli íslamista og stjórnvalda í Sómalíu og með því komið í veg fyrir uppreisnarástand sem margir leiðtogar íslamista hafa hótað víða í landinu.

Stjórnarhermenn Sómalíu og Eþíópíu hröktu íslamista úr höfuðborg Sómalíu og mestum suðurhluta landsins í desember en átök hafa verið að brjótast út síðan milli ættbálka og vegna óánægju íbúa með veru Eþíópíuhers í landinu.

**SHEIKH SHARIF SHEIKH AHMED** Gaf sig fram eftir að hann yfirgaf Sómalíu af ótta við hermenn Eþíópíu og Sómalíu sem eltust við liðsmenn íslamista. NORDICPHOTOS/AFP

Stjórnvöld í Sómalíu fengu byr í seglin á laugardag þegar sá síðasti af helstu stríðsherrum Sómalíu, Mohamed Dheere, afhenti stjórnarhernum vopn sín og liðsafla. Hótanir bárust þó samdægurs frá vígamönnum íslamista um áframhaldandi árásir þangað til ríkisstjórnin samþykkti viðræður og Eþíópíuher hyrfi úr landinu.

Ráðherraráð Evrópusambandsins hvatti í gær stjórnvöld í Sómalíu til að hefja viðræður við hópa í landinu og finna varanlega friðarlausn.

Afrísku friðargæsluliði hefur verið boðið til Sómalíu. **- sdg**

Bæjarráð Akraness mótmælir:

# Fólk borgi ekki í nýju göngin

**SAMGÖNGUMÁL** Bæjarráð Akraness mótmælti því á fundi á fimmtudag að tekið yrði gjald af ökumönnum sem keyrðu í gegnum ný fyrirhuguð Hvalfjarðargöng. Karen Jónsdóttir, einn af þremur fulltrúum bæjarráðs, segir að ekki sé rétt að fólk þurfi að greiða fyrir að fara um nýju göngin þegar búið sé að borga þau gömlu niður. „Við viljum að ríkið taki yfir rekstur ganganna og að þau verði gjaldfrjáls."

Karen fagnar viðræðum um fyrirhugaðar framkvæmdir við tvöföldun vegar á Kjalarnesi og í Hvalfjarðargöngum. **- ifv**

**FRÁ GUANTANAMO** Fangabúðirnar hafa nú verið starfræktar í fimm ár. MYND/AP

Fangarnir í Guantanamo:

# Deila um reglur

**WASHINGTON, AP** Bandaríska varnarmálaráðuneytið hefur birt reglur um starfsemi dómstólanna sem eiga að fjalla um mál fanganna í Guantanamo á Kúbu. Nýju reglurnar hafa sætt gagnrýni fyrir ýmis ákvæði, þar sem brotið þykir á réttindum.

Meðal annars er umdeilt að við réttarhöldin megi notast við óstaðfestan orðróm eða vitnisburð sem fenginn er með þvingunum, auk þess sem hægt er að halda sönnunargögnum leyndum fyrir sakborningum. **- gb**

Formaður Fulltrúaráðsins:

# Segir fullt af glæsilegu fólki

**SUÐURNES** Kjördæmaþing verður haldið hjá framsóknarmönnum í Suðurkjördæmi laugardaginn 27. janúar og verður þá farið yfir stöðu mála eftir úrslitin í prófkjörinu um helgina.

„Við erum ekkert sáttir við að hafa ekki náð tilsettum markmiðum en það er fullt af góðu fólki á listanum," segir Arngrímur Guðmundsson, formaður fulltrúaráðs Framsóknarfélaganna á Suðurnesjum, „og við munum að sjálfsögðu styðja þann lista sem verður settur upp. Það er fullt af glæsilegu fólki þarna þó að það séu alltaf vonbrigði að missa sinn þingmann út," segir hann.

Eins og kunnugt er hafnaði Hjálmar Árnason, þingmaður Reyknesinga, í þriðja sæti og lýsti því þá yfir að hann hygðist hætta í stjórnmálum. **- ghs**

# Eldurinn tók allt nema vinnufötin

**Magnús Ásgeirsson missti nánast allt sem hann átti utan fatanna sem hann var í þegar íbúð hans í Þorlákshöfn brann til kaldra kola. Talið er að kveikt hafi verið í heimili hans. Tvennt situr í gæsluvarðhaldi grunað um verknaðinn.**

**LÖGREGLUMÁL** „Ég á bara vinnufötin eftir sem ég var í úti á sjó og svo náttúrlega það sem þau stálu," segir Magnús Ásgeirsson sjómaður, en íbúð hans í Þorlákshöfn brann til kaldra kola aðfaranótt síðastliðins laugardags.

Par á þrítugsaldri var á sunnudag úrskurðað í gæsluvarðhald vegna gruns um að þau hefðu kveikt í íbúð Magnúsar eftir að hafa brotist inn í hana. Maðurinn var handtekinn þegar hann reyndi að nota greiðslukort Magnúsar síðdegis á sunnudag. Í kjölfarið gerði lögregla húsleit hjá unnustu hans og fannst þar þýfi úr innbrotinu.

Auk parsins hafa þrír aðrir verið handteknir í tengslum við verknaðinn. Tveimur þeirra var sleppt að loknum yfirheyrslum en ákvörðun vegna gæsluvarðhaldskröfu lögreglunnar yfir þeim þriðja lá ekki fyrir síðdegis í gær.

Magnús segir að um mikið tilfinningalegt tjón sé að ræða enda hafi allir persónulegir munir hans horfið í eldhafinu. „Þau stálu bara veskinu og einhverju tölvudóti. Það er náttúrlega mjög óskemmtileg tilfinning að lenda í svona."

Hann segist þekkja til tveggja þeirra sem handteknir voru fyrir verknaðinn en hann hafi ekki átt neitt sökótt við þá. „Ég skulda þeim ekkert eða neitt svoleiðis. Það er ekkert þannig í gangi. Þetta er ekkert persónulegt gagnvart mér."

Magnús var ekki heima þegar fólkið braust inn þar sem hann hafði farið út til veiða klukkan fjögur um nóttina. Hann segist ekki hafa komist strax í land eftir að hann fékk fregnirnar af brunanum. „Við vorum búnir að leggja svolítið af línu þannig að við þurftum að draga það upp. Ég var kominn í land um hálfellefuleytið og búinn að landa svona hálftíma síðar. Þegar ég fór svo heim var bara verið að negla fyrir gluggana. En maður á marga góða að. Öll fjölskyldan býr hérna. Það hjálpar auðvitað alveg helling."

Þó að Magnús hafi ekki verið heima voru nágrannar hans, kona og tvö börn, sofandi í áfastri íbúð. Þau sluppu ómeidd eftir að annar nágranni varð var við reykjarlykt og gerði þeim viðvart. Rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík var á vettvangi í gær við að reyna að staðfesta eldsupptök. Magnús vildi sjálfur ekki útiloka neitt fyrr en rannsókninni væri lokið. „Mér finnst það samt nokkuð ólíkleg atburðarás að það hafi verið brotist inn og svo kviknað óvart í. En það er verið að rannsaka málið. Það er náttúrlega ekki búið að sanna íkveikju."

**NORÐURBYGGÐ 18A** Íbúð Magnúsar er gerónýt eftir eldsvoðann. Hann var úti á sjó þegar eldurinn kom upp en kona og tvö börn voru sofandi í næstu íbúð. Þau sluppu ómeidd eftir að nágranni fann reykjarlykt og gerði þeim viðvart. Fréttablaðið/Egill Bjarnason

**thordur@frettabladid.is**

Segir Ísland geta orðið miðstöð á sviði hreinnar orkunýtingar:

# Ólafur vill samstarf við Indverja

**ORKUMÁL** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, telur möguleika á samstarfi Íslendinga og Indverja um nýtingu hreinna orkulinda svo sem jarðhita. Þetta kom fram í ræðu hans í gær á setningarathöfn á alþjóðlegri ráðstefnu um sjálfbæra þróun sem haldin er í Delí á Indlandi.

Á ráðstefnunni verður meðal annars fjallað um hættuna á varanlegum loftslagsbreytingum og áhrif þeirra á lífshætti og lífsskilyrði í heiminum, þróun orkumála í veröldinni og hlutverk endurnýjanlega orkugjafa, ekki síst með tilliti til Indlands og Kína, vatnsbúskap í Asíu og Afríku, tækninýjungar og baráttuna gegn fátækt. Í ræðu sinni útlistaði Ólafur einnig hvernig hann teldi að Ísland gæti orðið miðstöð fyrir samræður, rannsóknir og ákvarðanir á sviði hreinnar orku og stuðlað þannig að breyttri orkunýtingu á heimsvísu um leið og hamlað yrði gegn hættum vegna loftslagsbreytinga.

Fjölmargir indverskir forystumenn, þekktir vísindamenn, fræðimenn, forstjórar alþjóðlegra stórfyrirtækja, leiðtogar á sviði umhverfismála og forystumenn stofnana og samtaka eru á ráðstefnunni auk stjórnmálamanna og stendur hún fram á miðvikudag. **- kdk**

**HEIÐURSGESTIR** Forseti Íslands og forseti Finnlands, Tarja Halonen, voru heiðursgestir á fundi indverskra fyrirtækja sem haldinn var sunnudaginn 21. janúar. Á fundinum var einkum rætt um samspil orkubúskapar, loftslagsbreytinga og efnahagslegrar þróunar.

# Til hamingju!

Íslenska landsliðið í badminton stóð sannarlega undir væntingum og sigraði í Evrópukeppni B-þjóða.

Við óskum liðinu til hamingju með glæsilega frammistöðu og verðskuldaðan Evrópumeistaratitil.

KAUPÞING
*Hugsum lengra*

Kaupþing er aðalstuðningsaðili landsliðsins í badminton.

**VILJA FANGA LAUSA** Aðstandendur palestínskra fanga í ísraelskum fangelsum krefjast lausnar þeirra á mótmælafundi í Hebron í gær. MYND/AP

**BLAÐAMENN MÓTMÆLA** Ástæða morðsins var sú að Dink „móðgaði tyrknesku þjóðina“, að því er tyrkneskir fjölmiðlar hafa eftir morðingjanum. NORDICPHOTOS/AFP

Myrtur vegna skoðana:

## Herskár þjóðernissinni játar

**TYRKLAND, AP** Yasin Hayal, herskár tyrkneskur þjóðernissinni, hefur játað að hafa skipulagt morðið á armensk-tyrkneska ritstjóranum Hrant Dink á föstudaginn.

Hayal, sem var dæmdur árið 2004 fyrir sprengjuárás á McDonald‘s-veitingastað, sagðist hafa útvegað unglingnum sem játaði á sig morðið byssu og peninga.

Margir telja að Dink hafi verið myrtur vegna skrifa sinna um að Tyrkir hafi framið þjóðarmorð á Armenum í byrjun 20. aldarinnar. Þjóðernissinnar telja slíkt móðgun við heiður Tyrklands og hafði Dink fengið líflátshótanir. - sdg

**FLUTNINGASKIPIÐ NAPOLI** Hundruð manna streymdu að þegar fréttist af strandinu og létu greipar sópa í fjörunni þar sem ýmislegt hafði rekið á land úr flutningaskipinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skipsstrand við England:

## Hætta talin á mengunarslysi

**LONDON, AP Unnið var að því í gær að fjarlægja olíu úr franska flutningaskipinu Napoli sem strandaði við Devonshire í Suðvestur-Englandi á sunnudag eftir að hafa laskast í slæmu veðri. Öllum 26 áhafnarmeðlimum var bjargað heilum á húfi.**

**Eitthvað af olíu hafði lekið í sjóinn og hafði nokkrum fuglum verið bjargað úr olíubrák. Frönsk stjórnvöld sögðu að 1.700 af þeim 41.700 tonnum sem skipið flutti væru talin hættuleg og innihéldu rafgeymasýru, sprengiefni og eldfim efni. Af 2.400 gámum féllu að minnsta kosti 200 útbyrðis.** - sdg

Spennandi kosningabarátta fram undan segir prófessor í stjórnmálafræði við HÍ:

## Stjórnarandstaðan skýr kostur

**SKOÐANAKÖNNUN** Niðurstöður könnunar Fréttablaðsins gefa enn frekari vísbendingu um erfiða stöðu Framsóknarflokksins, segir Baldur Þórhallsson, prófessor við stjórnmálafræðiskor Háskóla Íslands. Hann segir niðurstöðurnar enn fremur benda til þess að kjósendur sjái flokkinn ekki fyrir sér í öðru ríkisstjórnarsamstarfi en með Sjálfstæðisflokki.

„Í þessu samhengi er athyglisvert að sjá að það er minni stuðningur við núverandi ríkisstjórnarsamstarf en áður. Það er augljóst að Framsóknarflokkurinn á ekki upp á pallborðið hjá kjósendum,“ segir Baldur.

**BALDUR ÞÓRHALLSSON**

„Þriggja flokka samstarf stjórnarandstöðuflokkanna vex verulega, og það er nokkuð athyglisvert,“ segir Baldur. „Ég held að þetta sýni að stjórnarandstaðan hefur sett sig fram sem skýrari valkost. Það er ekki svo mikið bil á milli þeirra sem vilja áframhaldandi stjórnarsamstarf Framsóknar og Sjálfstæðisflokks, og þeirra sem segjast vilja að stjórnarandstaðan í heild sinni taki við.“

Baldur segir að stjórn og stjórnarandstaðan standi hnífjafnt, en staða Sjálfstæðisflokksins sé afar sterk. „Þess vegna getum við átt von á spennandi kosningabaráttu og spennandi kosningum.“

Baldur segir það athyglisvert að sjá að fleiri vilji sjá Frjálslynda flokkinn í ríkisstjórn en segist ætla að kjósa hann, og út frá því megi draga þá ályktun að flokkurinn geti átt eitthvað inni.

„Samfylkingin á trúlega einnig nokkuð fylgi inni hjá kjósendum, ef miða má við að hún missir talsvert fylgi, en heldur nokkurn veginn velli þegar kemur að því að velja flokka til ríkisstjórnarsamstarfs,“ segir Baldur. - bj

Neytendasamtökin:

## Birta lista yfir verðhækkanir

**NEYTENDAMÁL Neytendasamtökin hafa tekið saman lista yfir þær hækkanir heildsala og innlendra framleiðenda, sem tekið hafa gildi síðan 1. desember síðastliðinn.**

**Í tilkynningu frá samtökunum segir að þetta sé meðal annars gert til að neytendur geti betur áttað sig á því hvað er að gerast í matvöruversluninni. Virðisaukaskattur lækkar 1. mars, samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar. Listann má finna á vefsíðu samtakanna, ns.is. Neytendasamtökin hvetja framleiðendur og seljendur til að halda aftur af sér í verðhækkunum.** - sþs

# Vilja að stjórnarandstaðan vinni saman

**Stuðningsmenn stjórnarandstöðu vilja hana helst alla saman inn í ríkisstjórnarsamstarf. Sjálfstæðismenn vilja helst óbreytt ríkisstjórnarmynstur, en áhugi þeirra á samstarfi við Vinstri græna eykst verulega.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Stuðningur bæði framsóknarmanna og sjálfstæðismanna við áframhaldandi ríkisstjórnarsamstarf flokkanna minnkar samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins á laugardaginn.

Í könnuninni nú vildu 68 prósent þeirra sem sögðust myndu kjósa Framsóknarflokkinn, og tóku afstöðu tóku til ríkisstjórnarsamstarfs að loknum kosningum, halda samstarfinu áfram. Sambærileg tala fyrir stuðningsmenn Sjálfstæðisflokksins er 53,4 prósent.

Í könnun sem gerð var 26. ágúst 2006 sögðust 72,1 prósent framsóknarmanna vilja áframhaldandi ríkisstjórnarsamstarf, en 62,3 prósent þeirra sem sögðust ætla að kjósa Sjálfstæðisflokkinn.

Í könnun Fréttablaðsins í ágúst á síðasta ári vildu um 14,5 prósent sjálfstæðismanna samstarf Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks að loknum kosningum, en 10,7 prósent vildi samstarf við Vinstri græn. Nú virðist áhuginn á samstarfi við VG næstum tvöfaldast, og vilja 20,3 prósent sjálfstæðismanna nú helst samstarf við VG, en 10,8 prósent vilja samstarf við Samfylkingu.

Í könnuninni sem unnin var síðastliðinn laugardag vildu flestir stuðningsmanna Samfylkingarinnar, 40,5 prósent þeirra sem tóku afstöðu, þriggja flokka samstarf Samfylkingar, VG og Frjálslynda flokksins, en 21,4 prósent vildu samstarf Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks að kosningum loknum. Þriðji kosturinn var svo meirihlutasamstarf með VG, sem 20,2 prósent vildu helst.

Áhugi stuðningsmanna VG á tveggja flokka samstarfi með Samfylkingu að loknum kosningum hefur minnkað mikið. Í könnun í ágúst síðastliðnum vildu flestir stuðningsmenn VG slíkt samstarf, 45,5 prósent þeirra sem tóku afstöðu. Í könnuninni sem gerð var á laugardag vildu einungis 25,4 prósent slíkt samstarf. Fleiri en áður vildu þó þriggja flokka stjórn VG, Samfylkingar og Frjálslyndra, alls 38 prósent. Í könnuninni á laugardag sögðust 22,5 prósent stuðningsmanna VG vilja í stjórnarsamstarf við Sjálfstæðisflokkinn, sem er aukning um 9,5 prósentustig frá ágúst á síðasta ári.

Áhugi stuðningsmanna Frjálslynda flokksins á að mynda þriggja flokka stjórn með hinum stjórnarandstöðuflokkunum virðist aukast mikið milli kannana. Í könnun Fréttablaðsins í ágúst síðastliðnum vildi þriðjungur stuðningsmanna Frjálslyndra slíka þriggja flokka stjórn, en í könnuninni sem unnin var síðastliðin laugardag hafði hlutfallið aukist í 59 prósent. Varhugavert er þó að lesa of mikið í þær tölur þar sem fjöldi þeirra sem liggur að baki er ekki mikill, sem eykur skekkjumörkin verulega.

Hringt var í 800 kjósendur laugardaginn 20. janúar og skiptust svarendur jafnt milli kynja og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurt var: Eftir næstu kosningar, hvaða stjórnmálaflokkar vilt þú að myndi næstu ríkisstjórn? 58,6 prósent aðspurðra tóku afstöðu til spurningarinnar. brjann@frettabladid.is

**HVAÐA STJÓRNMÁLAFLOKKAR VILT ÞÚ AÐ MYNDI RÍKISSTJÓRN EFTIR NÆSTU KOSNINGAR?**




**STJÓRNMÁLAFLOKKAR SEM STUÐNINGSMENN HVERS FLOKKS VILJA Í RÍKISSTJÓRN**



**AF ÁTAKSFUNDI ÖRYRKJA** Helgi Hjörvar, Samfylkingu, gæti ekki verið í framboði fyrir öryrkja líka.

Aldraðir og öryrkjar:

## Bjartsýnir á samstarfið

**FRAMBOÐ** Átakshópur öryrkja samþykkti með miklum meirihluta atkvæða á fundi í fyrradag að hefja viðræður við framboðshóp eldri borgara um sameiginlegt framboð til alþingiskosninga næsta vor. Arnþór Helgason, fyrrverandi framkvæmdastjóri og formaður Öryrkjabandalagsins, segir hópana eiga fjölda sameiginlegra hagsmunamála að gæta, sameiginlegur vilji sé til að stórefla almannatryggingakerfið og draga úr kostnaðarhlutdeild sjúklinga í heilbrigðiskerfinu.

Baldur Ágústsson, talsmaður aldraðra, segir aldraða taka ákvörðun um sameiginlegt framboð á fundi í kvöld. „Ég er bjartsýnn á framhaldið,“ segir hann. - kdk

Kjarnorkustefna Norður-Kóreu:

## Nýjar kjarnorkuviðræður af stað

**JAPAN, AP Bandarísk og norðurkóresk stjórnvöld hyggjast hefja á ný viðræður um kjarnorkuáætlun Norður-Kóreu, en seinustu lotu þeirra lauk í desember án teljanlegs árangurs. Auk Bandaríkjanna og Norður-Kóreu eiga Japan, Kína og Suður-Kórea aðild að viðræðunum.**

**Christopher Hill, aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, sagðist vonast til þess að áætlun sem samþykkt var árið 2005 kæmi til framkvæmda. Sú áætlun felur í sér að Norður-Kóreumenn hætti kjarnorkutilraunum í skiptum fyrir fjárhagsaðstoð og öryggistryggingar.** - sgj

Ráðstefna um jafnaðarstefnuna um helgina:

# Fögnuðu tíu ára Gróskuafmæli

**STJÓRNMÁL** Í húsi Samfylkingar við Hallveigarstíg fór á laugardag fram ráðstefna um jafnaðarstefnuna í tilefni þess að tíu ár eru liðin frá stofnun Gróskusamtakanna.

Þeir sem komu að stofnun samtakanna voru meðal annars ungliðahreyfingar Alþýðuflokksins, Alþýðubandalagsins, Þjóðvaka og Kvennalista en markmið samtakanna var að þrýsta á sameiningu þessara flokka. Þrýstingur Grósku átti síðan stóran þátt í því að Samfylkingin varð til.

Samtökin opnuðu vefsíðu þar sem birtir voru pistlar daglega, auk þess sem þau unnu að kynningarstarfi um land allt og þrýstu á valdafólk stjórnmálaflokkanna. Þegar Samfylkingin leit síðan dagsins ljós árið 1999 töldu samtökin sig hafa náð settum markmiðum og voru lögð niður. Á ráðstefnunni var margt góðra gesta og meðal þeirra sem töluðu voru Björgvin G. Sigurðason alþingismaður um aðdraganda að stofnun Grósku og Oddný Sturludóttir um feminisma og jafnaðarstefnuna en lokaorð flutti Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar. Veislustjóri var Helgi Hjörvar.

**RÁÐSTEFNA UM JAFNAÐARSTEFNUNA** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, flutti lokaorð um nýja stjórn jafnaðarmanna í tilefni þess að tíu ár eru liðin síðan Gróskusamtökin voru stofnuð. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN AXELSDÓTTIR

- rh

**LÍNUMANNVIRKI** Í gögnum sem Norðurál kynnti á íbúafundi í Garði kom fram að háspennulínur myndu fara frá Rauðamel um Ósabotna og Stafnes í landi Sandgerðis.

# Ekki stefnt að kosningu

**Sól á Suðurnesjum sendir sveitarfélögum yfirlýsingu um íbúakosningar um álver í Helguvík. Bæjarstjórar segja að ekki hafi verið stefnt að íbúakosningum.**

**STÓRIÐJA** Samtökin Sól á Suðurnesjum munu í dag senda sveitarstjórum á Suðurnesjum yfirlýsingu, sem samþykkt var á fundi samtakanna hinn 12. janúar, þar sem þess er krafist að fallið verði frá fyrirhugaðri byggingu álvers Norðuráls í Helguvík og virkjanir á Reykjanesskaganum þar til vilji íbúanna hefur verið kannaður með kosningu. Þetta segir Elvar Geir Sævarsson, einn af talsmönnum samtakanna.

Samtökin telja að bygging álversins snerti íbúa allra sveitarfélaganna á Suðurnesjum því þó að álverið sjálft, ker- og steypuskálar, súrálsgeymar og fleiri mannvirki, verði í landi Reykjanesbæjar og Garðs muni háspennulínur fara um landsvæði Grindavíkur, Voga, Sandgerðis og Hafnarfjarðar og valda jarðraski. Að sögn Elvars vilja samtökin að íbúar hvers sveitarfélags fyrir sig fái að kjósa um þau mannvirki sem þurfi að reisa vegna álversins. „Hvert sveitarfélag þarf að taka ákvörðun fyrir sig," segir Elvar.

Ólafur Örn Ólafsson, bæjarstjóri í Grindavík, segist ekki vilja tjá sig um hvort íbúar sveitarfélagsins muni kjósa um hvort þeir séu hlynntir þeim framkvæmdum sem verða á landi sveitarfélagsins ef af byggingu álversins verður. „Bæjarráð þarf fyrst að taka afstöðu til yfirlýsingarinnar." Bæjarstjórinn í Garði, Oddný G. Harðardóttir, segir að yfirvöld í sveitarfélaginu hafi ekki gert ráð fyrir að kosið verði um þá þætti í byggingu fyrirhugaðs álvers sem snúa að sveitarfélaginu.

Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri í Vogum, segir að ekki hafi verið gert ráð fyrir að íbúar í Vogum kjósi um skipulag í kringum flutningsmannvirki rafmagns til álversins. „Það yrði þá í fyrsta skipti sem kosið yrði um rafmagnslínur."

Sigurður Valur Ásbjarnarson, bæjarstjóri í Sandgerði, segir að bæjarstjórnin hafi ekki gert ráð fyrir íbúakosningum.

Allir bæjarstjórarnir segja að tekin verði afstaða til yfirlýsingar samtakanna eftir að hún hefur borist til þeirra.

Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, segir að íbúar bæjarins muni ekki kjósa um byggingu álversins. „Það verða ekki íbúakosningar því okkur ber að halda samninga. Í þeim samningum sem undirritaðir voru í bæjarstjórn um byggingu álversins í byrjun maí á síðasta ári var ekki kveðið á um íbúakosningar," segir Árni.

ingifreyr@frettabladid.is

Peningar og punktar, allt sem þú þarft!

e² Vildarkort er nýtt VISA kreditkort sem veitir korthöfum bæði Vildarpunkta Icelandair og endurgreiðslu – allt í sömu færslunni, hvar sem þú verslar innanlands.

Kostir e² Vildarkortsins:

- Þú þarft engu að breyta í innkaupum – Þú færð bæði Vildarpunkta og endurgreiðslu hvar sem þú verslar innanlands.
- Þú færð Vildarpunkta og endurgreiðslu af öllum boðgreiðslum eins og orkureikningum, leikskólagjöldum, fasteignagjöldum, sjónvarpsáskriftinni og öllu hinu sem fylgir því að reka heimili.
- Þú færð 0,65–25% viðbótarendurgreiðslu eða viðbótarvildarpunkta og ýmis sértilboð hjá næstum 400 fyrirtækjum.
- Með því að nota e² Vildarkortið geturðu áunnið þér tugi þúsunda Vildarpunkta sem hægt er að nota til að komast út í heim með Icelandair og tugi þúsunda króna sem þú notar í það sem þér hentar!

Þú sækir um á www.e2.is

Allir geta sótt um kortið óháð viðskiptabanka

SPRON / Sími: 550 1400 / thjonusta@e2.is / www.e2.is

Vildarkort
Allt í einu korti




**MÓTMÆLT Í NAIRÓBÍ** Mótmælandi heldur á spjaldi gegn viðskiptum með börn á Heimsfélagsþinginu - World Social Forum - í Nairóbí í Kenýa. Heimsfélagsþingið var fyrst haldið í Brasilíu árið 2001 sem mótvægi við Heimsefnahagsþingið - World Economic Forum - í Davos í Sviss. MYND/AP

Steingrímur J. Sigfússon á opnum fundi í Hafnarfirði:

# Fáfengilegt stólatal

**STJÓRNMÁL** Vinstrihreyfingin - grænt framboð, VG, stóð fyrir opnum fundi á Ásvöllum í fyrrakvöld. Frummælendur voru formaðurinn Steingrímur J. Sigfússon, Ögmundur Jónasson, efsti maður VG í kjördæminu, og Guðfríður Lilja Grétarsdóttir sem skipar annað sætið.

Steingrímur ræddi meðal annars samstarfið við hina stjórnarandstöðuflokkana og sagði „fáfengilega“ umræðu um stólaskipti hafa komið upp, „ekki beint í okkar anda“. Í sínum huga væru stólaskiptin aukaatriði en þó væri þetta ekki neglt niður fyrir kosningar. Ef niðurstaðan sýndi tvo jafnstóra flokka þá hlyti framhaldið að markast af því.

Ögmundur sagði frá því að ríkisstjórnin legði ofurkapp á að fá frumvarpið um Ríkisútvarpið lögfest sem fyrst þó að innan stjórnarliðsins væru efasemdir. Stjórnarandstaðan reyndi hins vegar að fá gildistökunni frestað fram yfir kosningar. Hann taldi „uggvænlegt“ að ráðuneyti breyttust í kosningaskrifstofur fyrir kosningar og velti fyrir sér hvort hægt væri að semja um að framkvæmdavaldinu væri óleyfilegt að lofa upp í ermarnar á sér síðustu metrana fyrir kosningar.

Guðfríður Lilja sagðist full tilhlökkunar og baráttuvilja. - ghs

**OPINN FUNDUR Í HAFNARFIRÐI** Ögmundur Jónasson alþingismaður, Gestur Svavarsson fundarstjóri, Steingrímur J. Sigfússon formaður og Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, sem skipar annað sæti VG í kjördæminu. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Sendiherra Íslands:

## Afhenti trúnaðarbréf sitt

**INDLAND** Gunnar Pálsson, doktor í stjórnmálafræði, afhenti forseta Indlands, Abdul Kalam, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands á Indlandi, síðasta fimmtudag. Athöfnin fór fram í Rashtrapati Bhavan, forsetahöllinni í Delí. Sendiráð Íslands á Indlandi var stofnað í febrúar 2006.

Trúnaðarbréfið er staðfesting á því að hann hafi formlega tekið við embætti sendiherra á Indlandi. Gunnar er kvæntur Elínu Snorradóttur og eiga þau þrjú börn. - kdk

**GLEÐI Á BARNASPÍTALA HRINGSINS** Hringur og Anna Marta Ásgeirsdóttir.

Barnaspítali Hringsins:

## Ísbjörninn fékk sparibauk

**STYRKUR** Ísbjörninn Hringur, sem reglulega gleður börnin á Barnaspítala Hringsins, hefur fengið glaðning. Bankinn Glitnir, sem styrkti ísbjörninn um 600 þúsund krónur fyrir jól, stofnaði söfnunarreikning fyrir Hring og gefst almenningi tækifæri á að styrkja þennan góðvin Hringsins. Í vikunni fékk Hringur afhentan sparibauk með 593 þúsund krónum.

Ísbjörninn er hugarsmíð hjónanna Önnu Mörtu Ásgeirsdóttur og Ingólfs Arnar Guðmundssonar. Pétur Þorsteinn Óskarsson, talsmaður Glitnis, afhenti Hringi sparibaukinn á leikstofu Barnaspítalans og sagði mikið ánægjuefni að styrkja verkefni einstaklinga sem vildu láta gott af sér leiða. - kdk

**GAMLI VATNSENDABÆRINN** Bræðurnir Karl og Sigurður Hjaltested voru ásamt móður sinni bornir út af Vatnsenda þegar þeir voru aðeins sex og sjö ára gamlir. Nú vilja þeir fá hlutdeild í Vatnsendajörðinni sem hálfbróðir þeirra hafi einn erft. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Heimta sinn hlut í Vatnsendajörðinni

**Föðurbræður Þorsteins Hjaltested á Vatnsenda krefjast þess að Vatnsendajörðinni verði skipt milli fjölskyldunnar enda hafi Þorsteinn brotið ákvæði erfðaskrár. Eignarnám á Vatnsenda er á dagskrá bæjarstjórnar Kópavogs í dag.**

**ERFÐAMÁL** „Við segjum hingað og ekki lengra,“ segir Karl Hjaltested, sem ásamt bróður sínum Sigurði Hjaltested hefur krafist þess að Vatnsendajörðinni verði skipt milli allra afkomenda föður þeirra, Sigurðar Kristjáns Hjaltested.

Sonur hálfbróður Karls, Þorsteinn Hjaltested, hefur samið við Kópavogsbæ um að bærinn taki nær alla jörðina eignarnámi.

KARL HJALTESTED

Magnús Einarsson Hjaltested, sem lést barnlaus árið 1940, erfði Sigurð Kristján að Vatnsenda. Afi Sigurðar Kristjáns var bróðir Magnúsar.

Sigurður Kristján eignaðist fimm börn, þarf af synina Karl og Sigurð með síðari konu sinni Margrétu Guðmundsdóttur. Eftir að Sigurður Kristján lést árið 1966 hófust málaferli sem enduðu árið 1968 með því að Hæstaréttur dæmdi í samræmi við erfðaskrá Magnúsar að elsti sonur Sigurðar Kristjáns, Magnús Hjaltested, skyldi erfa jörðina og sitja hana einn. Árið 1969 var Margét borin út af Vatnsenda ásamt sonum sínum. Þá var Karl Hjaltested sex ára og Sigurður bróðir hans sjö ára. Ábúandi í Vatnsenda er nú Þorsteinn Hjaltested, sonur þess Magnúsar sem jörðin var dæmd.

Karl segir að í erfðaskrá Magnúsar Einarssonar Hjaltested hafi verið ákvæði um að ekki mætti selja jörðina og að þær ætti að vera búrekstur. Ekki mætti heldur veðsetja jörðina nema til nauðsynlegra endurbóta. Að sögn Karls hafa þessi ákvæði ekki verið virt.

„Við bendum sýslumanni á að það er búið að brjóta allt sem hægt er að brjóta í erfðaskránni,“ segir Karl sem vill að erfðaskrá Magnúsar verði felld úr gildi að undanskildu ákvæðinu um að Sigurður Kristján Hjaltested erfi allar eigur Magnúsar: „Við förum fram á að eignunum verði skipt eftir almennum skiptum erfðalaga enda séu forsendur fyrir framkvæmd erfðaskrárinnar brostnar.“

Kópavogsbær hefur fengið heimild umhverfisráðherra til að taka 863 hektara af Vatnsendajörðinni eignarnámi. Áður hafa nærri eitt þúsund hektarar verið teknir af jörðinni. Síðast tók Kópavogsbær 90,5 hektara árið 2000. Ef nýjasta eignarnámið gengur eftir munu aðeins um 40 hektarar teljast eftir af Vatnsendajörðinni.

Eins og Fréttablaðið hefur sagt frá hafa bæjaryfirvöld í Kópavogi þegar gert samning við Þorstein Hjaltetsed um að bærinn eignist áðurnefnda 863 hektara og samið hefur verið um greiðslur. Hins vegar sé eignarnámsleiðin farin þar sem erfðaskráin leyfi ekki beina sölu. Upphæð samningsins er enn trúnaðarmál en er sögð hlaupa á milljörðum króna.

„Það er verið að fara gegn erfðaskránni með klækjum og krókaleiðum. Við hin börn Sigurðar sitjum bara eftir og fáum ekki neitt. Nú er komið nóg,“ segir Karl Hjaltested.

gar@frettabladid.is

Tafir hjá Hafnarfjarðarbæ:

## Leigðu rafstöðvar fyrir íbúa í Áslandi

**HAFNARFJÖRÐUR Viku til tíu daga töf varð á því að rafmagn væri tengt inn á nýbyggingarsvæði í Áslandi 3 í Hafnarfirði. Þrír lóðarhafar þurftu á rafmagni að halda og leysti Hafnarfjarðarbær það þá með því að taka þátt í kostnaði með þeim sem vildu leigja sér rafstöðvar til að geta notað rafmagn á verkfæri sín.**

**Jón Gestur Hermannsson hjá Hitaveitu Suðurnesja segir að aðeins hafi dregist í nokkra daga að koma með rafmagn á svæðið. Hitaveitan hafi ekki verið tilbúin með spennustöðina á svæðinu þegar „húsbyggingum var hleypt inn á svæðið“, segir hann. „Venjulega er reynt að hafa þetta klárt þegar menn byrja en það er allur gangur á því.“**

**Rafmagnið er komið í lag á svæðinu núna.** - ghs

Eldflaugavarnir í Evrópu:

## Rússar segja sér vera ógnað

**RÚSSLAND, AP** Háttsettur rússneskur hershöfðingi lét hafa eftir sér í gær að uppsetning búnaðar fyrir bandarískt eldflaugavarnakerfi í fyrrverandi Varsjárbandalagslöndum væri „skýr ógn“ við Rússland.

Hershöfðinginn, Vladimír Popovkín, sem er yfirmaður geimvarnadeildar Rússlandshers, var með þessum orðum sínum að bregðast við tilkynningu tékkneska forsætisráðherrans frá því um helgina um að Tékkland myndi hýsa ratsjárstöð sem yrði liður í nýju eldflaugavarnarkerfi Bandaríkjanna.

Bandarísk stjórnvöld hafa einnig farið þess á leit við Póllandsstjórn að hefja viðræður um sams konar samstarf.

Þetta er liður í áætlun Bandaríkjanna um að koma upp varnarkerfi í háloftunum til að verjast hvers kyns árásum. Áætlunina má rekja til tilrauna Ronald Reagan sem kenndar eru við stjörnustríð. - aa

Þorsteinn Hjaltested á Vatnsenda vísar á bug fullyrðingum um brot á erfðaskrá:

# Segir ákvæðin öll uppfyllt

**ERFÐAMÁL** „Ákvæðin eru öll uppfyllt og meira en það,“ segir Þorsteinn Hjaltested á Vatnsenda um þær fullyrðingar föðurbræðra sinna að hann hafi ekki haldið ákvæði erfðaskrár um Vatnsendajörðina og því beri að skipta jörðinni upp milli fjölskyldunnar.

Föðurbræður Þorsteins, Karl og Sigurður Hjaltested, hafa leitað til sýslumanns með málið. „Ef þeir hafa eitthvað til síns máls verður hlustað á þá,“ segir Þorsteinn, sem kveðst byggja búskap sinni á sauðfé og veiðiréttindum í Elliðavatni.

Eignarnám Kópavogsbæjar á 863 hekturum af Vatnsendajörðinni stendur fyrir dyrum. Þegar mun hafa verið samið um greiðslu fyrir landið sem ná á með svokallaðri eignarnámssátt. Andvirði samningsins er enn trúnaðarmál. Því hefur heyrst fleygt að upphæðin sé níu milljarðar króna, en Þorsteinn segir að það sé fjarri raunveruleikanum.

Hann segir það reyndar alls ekki vera ósk sína að landið fari úr eigu hans.

„Ég hef búið hérna nánast frá því ég fæddist og er svona gamaldags bóndi. Ég vil eiga land og helst ekki láta fermetra af því. En það þarf að fylgja þróuninni og maður er ekkert að berjast á móti því sem er óumflýjanlegt. En ég er bara að reyna halda mínu, vatninu og einhverju fyrir rollurnar,“ segir Þorsteinn. - gar

**VATNSENDI** Ábúandinn á Vatnsenda segist helst ekki vilja missa neitt af landi sínu en ekki þýði að berjast á móti hinu óumflýjanlega. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Hvaða vexti ert þú með á þínum sparnaðarreikningi?

# 14,05%

**Allt að 14,05%* vextir á sparnaðarreikningum hjá S24**

**Færð þú betri vexti?**



**Stofnaðu reikning... www.s24.is Sími 533 2424**

S24 ...og þú hagnast

*M.v. vaxtatöflu og gjaldskrá S24 21.01.2007.

EINN, TVEIR OG PRÍR 312 149

## „ORÐRÉTT“

*Kæri Jón*

**„Kannski er samviska þín að plaga þig því ella hlytir þú að hafa látið svo lítið að hringja í sveitunga þína og kunningja, okkur dagfarsprúða fólkið, í stað þess að væna okkur um nafnlausar sendingar á opinberum vettvangi.“**

GUÐMUNDUR ÁRMANNSSON Á VAÐI Í SKRIÐDAL KANNAST EKKI VIÐ AÐ HAFA SENT JÓNI KRISTJÁNSSYNI NAFNLAUST JÓLAKORT.

Fréttablaðið 22. janúar.

*Öfug forgangsröðun*

**„Rannsókn á fjármálum er sett í forgang en í engu hugað að ásökunum um alvarleg brot gegn sálarheill kvenna sem dvalið hafa á meðferðarheimili Byrgisins.“**

ALMA LÍSA JÓHANNSDÓTTIR OG ATLI GÍSLASON HAFA MEIRI ÁHYGGJUR AF KYNBUNDNU OFBELDI EN PENINGUM.

Morgunblaðið 26. janúar.

nær og fjær **tilveran**

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ÖRN HRAFNKELSSON FORSTÖÐUMAÐUR HANDRITADEILDAR LANDSBÓKASAFNS

# Að endurgera 18. aldar manninn

„Það er allt gott að frétta. Ég var að klára viðbótarnám í opinberri stjórnsýslu við Háskóla Íslands. Ég hef tekið eitt og eitt námskeið á undanförnum árum og svo var komið að ég átti bara ritgerðina eftir, sem er staða sem margir þekkja, og ákvað að klára þetta bara,“ segir Örn Hrafnkelsson, forstöðumaður handritadeildar Landsbókasafns. „Úr þessum pælingum kom ritgerð um samvinnu bóka-, minja- og skjalasafna sem auðvitað fór nærri því að ganga að manni dauðum enda fjölskylda og vinna alveg nóg, ef út í það er farið, svo maður standi ekki í öðru meðfram.“

Örn er nú vanari því að hafa aukaverkefni í gangi en hann vill vera láta enda er nýútkomin áttunda bókin í ritröð Söguspekingastiftis sem Örn hefur haft veg og vanda að ásamt fleirum. Nýja bókin ber nafnið Sá nýi yfirsetukvennaskóli, en bókin kom fyrst út á Hólum í Hjaltadal árið 1749. „Það má segja að við séum að endurgera 18. aldar manninn ómeðvitað. Við erum búnir að fjalla um fæðinguna, hvað hann borðaði, brúðkaupið, hvernig hann ól upp börnin sín og jafnvel hvernig hann skemmti sér, og þar kom til skjalanna klámsaga. Niðurstaðan af þeim rannsóknum er að 18. aldar maðurinn er miklu flóknari en við héldum áður. Fjörugur með heimssýn sem var stórfengleg og mikil.“

Örn segist vera að jafna sig eftir jólin eins og þjóðin öll. Hann hefur einnig sett sér metnaðarfull markmið. „Ég hleyp á hverjum degi og ætla að létta mig verulega, sem er erfitt þar sem af litlu hvítu kjöti er að taka. Svo ætla ég að hlaupa hálfmaraþon eins og ég gerði árið 2003.“

Inntur eftir því hvort stefnt sé að einhverju sérstöku í sumar, eins og veglegu frii með fjölskyldunni, svarar Örn: „Nú stendur fyrir dyrum að ferma unglinginn á heimilinu og það gefur kannski ekki mikið svigrúm fyrir slíkar ráðagerðir.“ Örn segir að fermingin læði því óneitanlega að sér að hann sé farinn að eldast en því verði að taka eins og hverju öðru hundsbiti, eins og 18. aldar maðurinn gerði.

## SJÓNARHÓLL

**DAGPENINGAR KNATTSPYRNUFÓLKS**

### *Skref í rétta átt*

„Ég fagna þessari ákvörðun,“ segir Kristján Sturluson, sálfræðinemi og Wycombe-aðdáandi, um þá ákvörðun stjórnar KSÍ að hækka dagpeningagreiðslur til leikmanna í kvennalandsliðinu til jafns við það sem karlarnir fá. „Það er ekki spurning að það þarf að gera betur við stelpurnar í fótboltanum og þetta er skref í rétta átt. Þegar munurinn á kvennaliðunum og karlaliðunum komst í hámæli á dögunum kom meðal annars fram að meðan karlarnir hafa sérstaka samninganefnd varðandi dagpeninga, bónusgreiðslur og annað slíkt er engin sambærileg nefnd til þess að sjá um hagsmuni stelpnanna og það er náttúrlega alveg út í hött.“ Kristján er sannfærður um að framboð Höllu Gunnarsdóttur til formanns KSÍ hafi eitthvað með þessa ákvörðun að gera. „Ætli það sé ekki kominn kosningaskjálfti í núverandi framkvæmdastjóra. Það bendir allt til þess. Ég vona bara að Halla vinni þetta. Það er kominn tími til að brjóta upp þessa staðalímynd og fá nýja og ferska vinda þarna inn,“ segir Kristján.

**KRISTJÁN STURLUSON HÁSKÓLANEMI**

# Fylgist með dúfunum á sjónvarpsskjá í stofunni

Vopnfirðingurinn Þórhalla Þorsteinsdóttir fylgist með dúfunum sínum sem eru úti í dúfnakofa í gegnum sjónvarpið. Synir Þórhöllu settu upp vídeómyndavél í dúfnakofanum úti í garði og tengdu við sjónvarpið hennar þannig að nú þarf hún ekki að fara út að fylgjast með dúfunum nema einu sinni á dag. Þá fer hún út til að gefa þeim.

Þórhalla hefur alltaf verið mikill dýravinur enda ættuð frá Borgarfirði eystri og hefur átt ketti og kanínur, kindur og endur, gæsir, páfagauka og hamstra svo að það helsta sé talið. Hún hefur séð um hesta fyrir syni sína og svo hefur hún verið með dúfur í fjölda ára. Dúfurnar hafa lengst af verið í fjárhúsum en ekki er langt síðan þær voru fluttar í nýjan dúfnakofa úti í garði.

Þórhalla er með fjórtán stórar og fallegar íslenskar dúfur í dúfnakofanum sínum, alveg upp við íbúðarhúsið. „Þessar eru flestar dökkar en sumar þeirra eru svolítið skræpóttar,“ segir hún og kveðst fegin því að dúfurnar fari aldrei í önnur hús nema stundum á barnaskólann í nágrenninu.

„Þau eru orðin svo vön þessu börnin og líta stundum eftir þeim,“ segir hún og hefur aldrei orðið vör við að hundar, kettir eða önnur dýr sæki í dúfurnar enda séu þær duglegar að fljúga á milli.

**INNI Í STOFU** Þórhalla Þorsteinsdóttir getur fylgst með dúfunum sínum í sjónvarpinu eins og sjá má á þessari mynd. Þórhalla hefur alltaf átt mikið af dýrum, þar á meðal ketti sem hún segir að séu ekkert að eltast við dúfurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/BJARKI BJÖRGÓLFSSON

Þórhalla hefur haft mikla ánægju af dýrunum sínum og leyfir nú krökkum að fara inn í gestaherbergi til að horfa á dúfurnar í sjónvarpinu og svo sjái hún þær sjálf þar. „Hún hefur gaman af því að eyða tímanum fyrir framan sjónvarpsskjáinn og svo fer hún alltaf út einu sinni á dag til að gefa þeim,“ segir Bjarki Björgólfsson, sonur Þórhöllu.

Bjarki segir að móðir sín hafi eitt sinn fengið gefins álftarunga sem hafi verið orðinn tæp átta kíló um haustið. Hún hafi alltaf gefið unganum og svo hafi hann einu sinni komið röltandi inn í eldhús á eftir einhverjum gestum og teygt sig upp á ísskápinn. Álftarunginn átti heima í fjárhúsunum og varði þar sitt svæði með kjafti og klóm.

„Kindurnar komust ekki að fjárhúsunum, álftarunginn stökk upp á hausinn á þeim til að verja sitt svæði,“ segir Bjarki. Hann bætir við að um haustið hafi álftin því miður ruglast í ríminu og ráðist á húsmóður sína svo að séð hafi á henni.

ghs@frettabladid.is


**Skrifstofuvörur** á janúartilboði

Á tilboði í janúar 2007
Bréfabindi, ljósritunarpappír, merkipennar, töflutússar og veggklukka

Katrín Edda Svansdóttir
*- sölumaður í þjónustuveri RV*

**148** kr.

Bréfabindi A4,
5cm og 8cm kjölur.

**898** kr. pk.

Merkipennar,
bláir, svartir, rauðir og grænir, 12 stk í pk.

**1.240** kr. ks.

Mopak ljósritunarpappír, 5x500 blöð í ks.

Rekstrarvörur
*- vinna með þér*
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

RV6222A


# Verðum að skilja veröld barnanna

Ef við ætlum að skilja veröldina sem börnin okkar hrærast í verðum við að vera þátttakendur í henni. Þetta segir María Kristín Gylfadóttir, formaður Heimilis og skóla, sem hefur hleypt af stað herferð sem miðar að öruggari netnotkun og bættu siðferði á netinu. Til þess að auðvelda fólki leiðina að því markmiði verður vakningaverkefnið SAFT með auglýsingar sem eiga að kynna fimm lykilorð sem hjálpa börnum og fullorðnum að bæta netsamskipti sín. Markmiðið segir María vera að hvetja til heilbrigðari samskipta þar inni en hún segir fólk í auknum mæli leita ráða vegna þess sem það hefur orðið fyrir eða vitni að í netheimum.

**MARÍA KRISTÍN GYLFADÓTTIR** Formaður Heimilis og skóla, sem stendur fyrir vakningarverkefninu SAFT, segir fullorðið fólk ekki síður þurfa að bæta samskipti sín á netinu en börnin.

María segir áhyggjuefni að venjulegt siðferði og samskipti virðast ekki hafa færst yfir á samskipti fólks á netinu, hvort sem um er að ræða börn eða fullorðna. Ljótt orðbragð, nafnlausar svívirðingar og einelti og séu dæmi um slíkt. „Það kemur allt of oft fyrir að fullorðnir gleyma að það læra börnin sem fyrir þeim er haft. Dæmi um það eru svívirðingarnar sem maður getur séð á spjallrásinni barnaland.is og svo kynlífsmyndbönd,“ segir María.

Hún minnir fólk á að erfitt sé að hindra fólk í að setja efni á netið á meðan ráðamenn sjá ekki tilefni til að setja lagasetningar um það. Á meðan verði það að hafa grundavallarsiðareglur í huga og sýna því sem börnin þeirra eru að gera á netinu áhuga.

- kdk

**BÖRN Á NETINU** SAFT miðar að því að bæði börnum og fullorðnum sé kennt að umgangast netið á heilbrigðan hátt.

# Fullkominn svefn

Árið 1852 hóf fjölskylda í litlum sænskum bæ, Köping, að handgera rúm. Fimm kynslóðum síðar eru þau enn að búa til rúm sem af mörgum eru talin vera þau bestu í heimi og hvergi er slegið af kröfunum um þægindi. Hästens rúmin eru einu handgerðu rúmin í heiminum sem eru eingöngu unnin úr náttúrulegum efnum. Það er hvorki einfalt né ódýrt, en árangurinn er óviðjafnanleg þægindi. Ullin heldur á þér hita þegar kalt er en heldur hita frá þér þegar heitt er. Hrosshárin loftræsta raka úr dýnunni. Hörinn kemur í veg fyrir stöðurafmagn. Bómullin gefur rúminu mýkt. Viðarumgjörðin er úr furu sem vex hægt norðan við heimskautsbaug og gerir rúmið eins sterkbyggt og endingargott og hugsast getur. Syfjar þig? Komdu í verslun okkar og upplifðu hvernig svefninn í Hästens rúmi er gjöf frá náttúrunni.
Við munum örugglega vekja þig fyrir lokun.

Hästens
since 1852

Gæðavara byggð á 150 ára
sænskri hefð nú fáanleg á Íslandi.

Verið velkomin.

Hästens verslunin í Reykjavík
Grensásvegi 3
108 Reykjavík
simi 581 1006

www.hastens.com

**Svona erum við**
> Meðlimir í Ásatrúarfélaginu




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

FBL GREINING: HVERNIG GETA EINSTAKLINGAR LAGT MILLJARÐ Í VELGERÐARSJÓÐ FYRIR AFRÍKU?

# Á bak við milljarðinn eru eignir

Ólafur Ólafsson, starfandi stjórnarformaður Samskipa, og eiginkona hans, Ingibjörg Kristjánsdóttir landslagsarkitekt, vöktu athygli um helgina þegar þau, í tilefni af fimmtugsafmæli Ólafs, lögðu einn milljarð króna í sjóð til að styðja uppbyggingu í Afríku. Milljarðurinn á að gefa af sér 150-200 milljónir króna í verkefni á ári. Ólafur og Ingibjörg vöktu líka athygli í fyrra þegar þau gáfu 36 milljónir króna til skóla í Afríku.

**Hvernig er þetta hægt?**

Þetta er hægt í gegnum viðskiptalífið. Ingólfur H. Ingólfsson, félagsfræðingur á spara.is, segir að almenningur geti sjaldan eða aldrei eignast einn milljarð króna í sparnaði en hægt sé að verða ofurríkur með þátttöku í viðskiptalífinu ef heppnin er með. Hann bendir á að almenningur greiði um 36 prósent af tekjum sínum í skatta en eignamennirnir greiði ekki nema tíu prósent. Þeir eigi miklu meira afgangs en almenningur. Það sé kannski hluti af skýringunni.

**Hvað er á bak við svona tölu?**

Milljarður er ekki ýkja há upphæð í viðskiptum á Íslandi. Þegar vel gengur safnast eignir upp. Yfirleitt eru þær bara tölur á blaði en auðvitað eru fjármunir geymdir einhvers staðar og menn nota hluta af þeim í skemmtanir og velgjörðastarf. Á bak við milljarðinn eru alltaf einhver verðmæti sem gefa af sér arð sem á að nýta. Verðmætin geta verið hvaða eign sem er, húseign eða verðbréf svo dæmi séu tekin.

**Er það á færi hvaða manns sem er að eignast milljarð?**

Tveir til fimm aðilar verða ofurríkir á hverri öld. Íslendingar hafa þegar eignast þann kvóta á þessari öld. Almenningur getur eignast peninga gegnum sparnað, til dæmis í fjárfestingum á hlutabréfamarkaði. Tvennt skiptir mestu, tími og vextir. Sé króna lögð fyrir á dag frá fæðingu til 65 ára aldurs er afraksturinn 760 milljónir miðað við 20 prósenta vexti á hlutabréfamarkaði. Sé sama upphæð með 10 prósenta vöxtum er afrakstur inn 2,5 milljónir króna.

**SPURT & SVARAÐ**
**NÝR REKTOR HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK**

## *Vill tryggja þverfaglega færni*

Svafa Grönfeldt tók formlega við embætti rektors Háskólans í Reykjavík af Guðfinnu S. Bjarnadóttur við brautskráningu í Háskólabíói á laugardag.



**Hvert verður fyrsta verkefnið í dag?**

Að kynnast starfsmönnum skólans. Ég hef verið að kynna mér starfsemina og reyna að kynnast sem flestum en fundurinn verður fyrsta verkefni dagsins.

**Hvaða málefni eru mikilvægust?**

Að marka stefnu skólans, hver framtíðarsýn hans er og hvert við viljum fara með hann. Mín sýn er sú að þeir sem komi út úr skólanum hafi afburða samskiptahæfni og afburða greiningarhæfni, til viðbótar við sérfræðiþekkingu.

**Hvað mun hafa breyst við næstu útskrift?**

Þau mál sem efst eru á baugi eru að styrkja enn frekar það nám sem fyrir er. Fyrsta verkefnið er kannski að tryggja samþættingu deilda og þverfaglega færni.

# Kosningabaráttan vestanhafs þykir hefjast óvenju snemma

**Nærri tvö ár eru þangað til forsetakosningar verða haldnar í Bandaríkjunum. Þessa dagana eru frambjóðendurnir þó hver á fætur öðrum að stimpla sig inn í baráttuna.**

Kosningabaráttan fyrir forsetakosningarnar í Bandaríkjunum er komin á fullt og þykir óvenju snemma á ferðinni. Vel á annan tug stjórnmálamanna í Bandaríkjunum hafa nú þegar gefið kost á sér í forsetaframboð árið 2008, og nokkrir eiga væntanlega eftir að bætast í hópinn strax á næstu vikum.

Almenn óánægja með Íraksstríðið og George W. Bush, núverandi forseta, á líklega hvað stærstan þátt í því hve mikið líf er strax komið í kosningabaráttuna. Þessi óánægja hefur ekki síst hleypt miklu lífi í framboðsmál Demókrataflokksins, en heldur daufara hefur verið yfir repúblikönum.

**Clinton og Obama**

Mesta athygli vekja þau Hillary Clinton og Barack Obama, sem bæði hafa á síðustu dögum tekið fyrsta formlega skrefið í áttina að framboði með því að stofna svokallaða könnunarnefnd.

Clinton þykir hafa einna mesta reynslu, bæði sem fyrrverandi forsetafrú og frá setu í öldungadeild Bandaríkjaþings. Margt vinnur þó á móti henni og þá ekki síst eiginmaður hennar, Bill Clinton, og þær hatrömmu deilur um hann sem enn eru mörgum í fersku minni.

Barack Obama er hins vegar ein helsta stjarna Demókrataflokksins um þessar mundir og nýtur mikilla vinsælda. Hann er 45 ára gamall og hefur setið tvö ár á þingi í öldungadeild Bandaríkjanna, en hafði áður verið öldungadeildarþingmaður á ríkisþinginu í Illinois í átta ár.

Bæði þykja þau samt eiga góða möguleika og þætti sigur hvors þeirra um sig söguleg tíðindi einfaldlega vegna þess að Clinton er kona og Obama dökkur á hörund. Til þessa hefur hvorki kona né blökkumaður komist á forsetastól í Bandaríkjunum.

**Þriðji maðurinn**

Ekki síður þættu það tíðindi ef Bill Richardson, ríkisstjóri í Nýju-Mexíkó, næði sigri þar sem hann er af mexíkóskum ættum. Hann tilkynnti á sunnudaginn um framboð sitt, en þykir reyndar ekki endilega eiga mikla möguleika á sigri.

Þriðji demókratinn sem talinn er eiga góða möguleika í þessari baráttu, fyrir utan Obama og Clinton, er John Edwards, sem á sínum tíma var varaforsetaefni flokksins þegar John Kerry tapaði naumlega fyrir George W. Bush árið 2004.

Væntanlegir frambjóðendur Repúblikanaflokksins hafa ekki vakið jafn mikla athygli og demókratarnir en þekktastir þeirra eru Rudolph Giuliani, fyrrverandi borgarstjóri í New York, og öldungadeildarþingmaðurinn John McCain, sem á síðustu misserum hefur látið í sér heyra til að gagnrýna ýmislegt varðandi stríð Bandaríkjanna gegn hryðjuverkum, og þá ekki síst meðferð fanga í Guantanamo og víðar enda kynntist hann sjálfur pyntingum af eigin raun þegar hann var stríðsfangi í Víetnam á sínum tíma.

**Sækjast eftir forsetaframboði árið 2008**

**Auk Baracks Obama hafa nú Hillary Clinton og Bill Richardson tilkynnt að þau hafi tekið fyrsta formlega skrefið í átt að forsetaframboði vestra árið 2008. Alls hafa því átta demókratar og níu repúblikanar myndað könnunarnefnd. Auk framangreindra eru demókratinn John Edwards og repúblikanarnir John McCain og Rudy Giuliani í þeim hópi.**

| Demókratar sem hafa stofnað könnunarnefnd*: | |
|---|---|
| Hillary Rodham Clinton *(1)* | Öld. frá New York |
| Chris Dodd | Öld. frá Connecticut |
| John Edwards | Fyrrv. öld. frá Norður-Karólínu |
| Mike Gravel | Fyrrv. öld. frá Alaska |
| Dennis Kucinich | Fulltr. frá Ohio |
| Barack Obama *(2)* | Öld. frá Illinois |
| Bill Richardson *(3)* | Ríkisstj. í Nýju-Mexíkó |
| Tom Vilsack | Ríkisstjóri Iowa |
| **Hugsanlegir frambjóðendur demókrata:** | |
| Joe Biden | Öld. frá Delaware |
| Wesley Clark | Fyrrv. herforingi |
| Al Gore | Fyrrv. varaforseti |
| John Kerry | Öld. frá Massachusetts |

| Repúblikanar sem hafa stofnað könnunarnefnd: | |
|---|---|
| Sam Brownback | Öld. frá Kansas |
| Jim Gilmore | Fyrrv. ríkisstjóri í Virginíu |
| Rudy Giuliani *(4)* | Fyrrv. borgarstj. New York |
| Duncan Hunter | Fulltr. frá Kaliforníu |
| John McCain *(5)* | Öld. frá Arizona |
| Ron Paul | Fulltr. frá Texas |
| Mitt Romney | Fyrrv. ríkisstjóri í Massachusetts |
| Tom Tancredo | Fulltrúi frá Colorado |
| Tommy Thompson | Fyrrv. ríkisstjóri í Wisconsin |
| **Hugsanlegir frambjóðendur repúblikana:** | |
| Mike Bloomberg | Borgarstj. í New York |
| Newt Gingrich | Fyrrv. forseti fulltrúad. |
| Chuck Hagel | Öld. frá Nebraska |
| Mike Huckabee | Fyrrv. ríkisstj. í Arkansas |
| George Pataki | Fyrrv. ríkisstj. í New York |

***Könnunarnefnd:** gerir frambjóðendum heimilt að afla fjár og eyða því með löglegum hætti án þess að gefa upp frá hverjum féð er fengið.

Pictures: Associated Press © GRAPHIC NEWS

**Langt í land**

Enn er þó langt þangað til úrslitin ráðast. Flokkarnir byrja ekki að velja sér frambjóðendur fyrr en í byrjun næsta árs þegar fyrstu forkosningarnar hefjast. Kosið verður í hverju ríkinu á fætur öðru og stendur það ferli yfir allt fram undir haustið 2008, eða þangað til flokkarnir taka endanlega ákvörðun um frambjóðendur á flokksþingi, sem demókratar ætla að halda í Denver í lok ágúst en repúblikanar í Minneapolis í byrjun september.

Kosningabaráttan fyrir forsetakosningar í Bandaríkjunum er jafnan óvægin og í það minnsta framan af snýst hún ekki síst um fjáröflunarmöguleika. Talið er að ákvörðun Obamas um að tilkynna um áhuga sinn á framboði þetta snemma eigi stóran þátt í að Clinton ákvað að gera slíkt hið sama nú strax. Hún gat ekki beðið mikið lengur af ótta við að sterkir fjárfestar hlypust undan merkjum og færu yfir til Obamas, eins og reyndar auðkýfingurinn George Soros gerði býsna snarlega.

Sjálfar forsetakosningarnar verða svo samkvæmt fastri venju haldnar fyrsta þriðjudaginn í nóvember, sem árið 2008 ber upp á 4. nóvember.

**HILLARY FRAM** Hillary Rodham Clinton talar í New York í gær, eftir að hún tilkynnti að hún sæktist eftir forsetaútnefningu Demókrataflokksins árið 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FRÉTTASKÝRING
**GUÐSTEINN BJARNASON**
gudsteinn@frettabladid.is

SHARP®

# Frumkvöðlar LCD tækninnar.

Japanski tæknirisinn SHARP er frumkvöðull að þróun sjónvarpa með LCD skjá – tækni sem leysir nú gömlu lampasjónvörpin af hólmi. SHARP á því heiðurinn af þeirri skemmtilegu byltingu sem allur heimurinn nýtur nú góðs af.
**Treystu SHARP! Þeir fundu upp sjónvarp nútímans.**
**Veldu SHARP!**

## ÞESSI GLÆSILEGU SHARP LCD SJÓNVÖRP...

Skjástærð: 32”
Upplausn: 1366 x 768 WXGA (16:9)
Contrast: 1200:1
Birta: 450 cd/m2
Sjónsvið: 176°/176°
6 ms svartími
Clear Flat hljóðkerfi
60,000 klst. ending á skjá
(samsvarar 16 árum m.v. 10 klst. notkun á dag)
Tengi: 2x HDMI INPUT, 2x SCART IN, S-VIDEO IN, COMPONENT IN (VIA VGA), PC INPUT (VGA), RS232, C.I. SLOT

**SHARP LC32GA9E 32”**
**Verð: 179.900.-**

## ... Á BETRA VERÐI EN NOKKRU SINNI FYRR!

Skjástærð: 37”
Upplausn: 1366 x 768 WXGA (16:9)
Contrast: 1200:1
Birta: 450 cd/m2
Sjónsvið: 176°/176°
6 ms svartími
Clear Flat hljóðkerfi
60,000 klst. ending á skjá
(samsvarar 16 árum m.v. 10 klst. notkun á dag)
Tengi: HDMI INPUT, 2x SCART IN, S-VIDEO IN, COMPONENT IN (VIA VGA), PC INPUT (VGA), RS232, C.I. SLOT

**SHARP LC37BV8E 37”**
**Verð: 229.900.-**

20” LCD SHARP SJÓNVARP – TILVALIÐ Í ELDHÚSIÐ OG BÚSTAÐINN – Á ÓTRÚLEGU VERÐI:

Skjástærð: 20”
Upplausn: 640 x 480 (4:3)
Contrast: 500:1
Birta: 430 cd/m2
Sjónsvið: 170°/170°
Íslenskt textavarp
OPC Sjálfvirkur birtuskynjari
Tengi: SCART, AV/S-Video, hljóðútgangur, heyrnartól

**SHARP LC20SH1E 20”**
**Verð: 69.900.-**

KVIKA

HD ready

LCD sjónvörp
í þessum gæðaflokki
hafa aldrei
kostað minna
en einmitt nú!

ORMSSON

| ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 | ORMSSON SMÁRALIND | ORMSSON AKUREYRI | ORMSSON KEFLAVÍK | MODEL AKRANESI | ÁRVIRKINN SELFOSSI | ÞRISTUR ÍSAFIRÐI | VÍK NESKAUPSTAÐ | VÍK REYÐARFIRÐI | VÍK EGILSSTÖÐUM | BÓKABÚÐIN HÚSAVÍK |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SÍMI 530 2800 | SÍMI 530 2900 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 421 1535 | SÍMI 431 3333 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 474 1477 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 464 1515 |

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Á hverjum degi fer mikill mannauður í krafti kvenna forgörðum.

# Vítavert gáleysi

**STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR**

Hér er ekki um meðvitaða mismunun að ræða, miklu frekar gáleysi," sagði Eggert Magnússon, fráfarandi formaður Knattspyrnusambands Íslands, í viðtali í Morgunblaðinu á sunnudaginn og hitti þar svo sannarlega naglann á höfuðið.

Tilefnið var munur á launum og þóknunum til leikmanna íslensku A-landsliðanna eftir því hvort þeir leika með karlalandsliði eða kvennalandsliði. Í þessari orðum formanns KSÍ felst mikill sannleikur um þau viðhorf sem standa konum fyrir þrifum í jafnréttisbaráttunni, sannleikur sem nær langt út fyrir knattspyrnu og íþróttir.

„Gáleysi" þeirra sem um valdaþræði halda er nefnilega ákaflega mikið þegar kemur að hlut kvenna. Klisjan um að konur treysti sér ekki til að taka þá ábyrgð sem fylgir því að gegna valdamiklum störfum, sitja í stjórnum fyrirtækja, taka þátt í stjórnmálum, nú eða bara verða til svara í fjölmiðlum er lífseig. Hún er svo lífseig að hún er iðulega nefnd sem höfuðástæða þess hversu hægt jafnréttisbaráttan gengur. „Gáleysið" sem Eggert nefndi svo réttilega í viðtalinu er hins vegar sjaldan dregið fram til skýringar.

*„Gáleysið" sem er í því fólgið að leita eingöngu álits hjá karlmönnum í fréttavinnslu er óviðunandi.*

Það er hlutverk þeirra sem á valdapóstum sitja og einnig okkar fjölmiðlafólks að hrista af okkur þetta „gáleysi" og taka höndum saman um að gera konur valdameiri og sýnilegri í samfélaginu. Konur skortir fyrirmyndir á þessum sviðum samfélagsins og því kann að þurfa að hvetja þær áfram en um leið er sýnileg kona öðrum konum fyrirmynd og hvatning. „Gáleysið" sem er í því fólgið að leita eingöngu álits hjá karlmönnum í fréttavinnslu er óviðunandi, eða að sækjast fremur eftir starfskröftum karla en kvenna þegar kemur að stjórnunarstörfum af því að það virðist liggja beinna við.

Þeir karlar eru sjálfsagt til sem hreinlega kæra sig ekki um að hlutur kvenna aukist, í stjórnmálum, stjórnunarstöðum og á öðrum valdapóstum. Ástæða er þó til að trúa að þeir séu í minnihluta, jafnvel miklum minnihluta. Flestir líta svo á að mikilvægt sé að sjónarmið beggja kynja komi fram þar sem mikilvægar ákvarðanir eru teknar, að það sé til hagsbóta fyrir allt samfélagið, konur og karla, unga og aldna, að ákvarðanir og stjórnun byggist á sem mestri reynslu mismunandi fólks af báðum kynjum.

Steinunn Sigurðardóttir sagði í viðtali hér í Fréttablaðinu um helgina, í viðtali í greinaflokki um stöðu íslensku skáldsögunnar: „Til þess að öðlast einhverja mynd af því sem er í gangi þurfa bæði karlar og konur að taka þátt í að teikna hana." Óhætt er að taka undir þessi orð Steinunnar og setja þau í víðara samhengi, eins og gert var við orð Eggerts. Full þátttaka beggja kynja í að byggja upp og stýra því samfélagi sem við búum í er grundvallaratriði á 21. öldinni.

Að láta það misfarast fyrir „gáleysi" er stórkostleg sóun á mannauði, sóun sem er fáránleg og verður að stöðva.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

ABC-kort

Hjálpaðu bágstöddum börnum og njóttu afsláttar í leiðinni

BabySam

Með ABC-kortinu færðu 10% afslátt í BabySam og 1% af upphæðinni rennur beint til ABC-barnahjálpar.

abc BARNAHJÁLP

Þú sækir um ABC-kortið hjá Netbankanum á www.nb.is

Netbankinn

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Falin atkvæði

Það er áfall fyrir Hjálmar Árnason að fá svona slælega útkomu í prófkjöri Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi. Í kjölfarið hefur hann ákveðið að hætta við framboð og snúa sér að öðru. Það er aftur áfall fyrir Framsóknarflokkinn, sem hefur mátt reiða sig á öflugan málflutning Hjálmars í erfiðum málum á kjörtímabilinu. Augljóslega hefur verið gengið framhjá Hjálmari í prófkjörinu. Kosningasmalar Guðna Ágústssonar og Bjarna Harðarsonar hafa hvatt sitt fólk á Suðurlandi til að kjósa þá tvo í efstu sætin. En Hjálmar getur líka sjálfum sér um kennt. Hann sagðist hafa verið hvattur af um 1.900 manns til að bjóða sig fram í fyrsta sætið. Samtals fékk hann 1.421 atkvæði í prófkjörinu í 1.-3. sæti. Eitthvað hefur smölunin á Suðurnesjum klikkað.

### Góður griðastaður

Þingmenn tala mikið um stéttskiptingu í þjóðfélaginu. Samt er það þannig að á fáum vinnustöðum er meiri stéttskipting en á Alþingi. Allir muna eftir því hvað sumir þingmenn gerðu mikið fjaðrafok út af dúkalögðum borðum þar sem Davíð Oddsson vandi komu sína í kaffipásum. Færri vita að ætlast er til þess í starfsreglum Alþingis að starfsmenn ávarpi ekki þingmenn að fyrra bragði. Þá mega þeir ekki setjast við sama borð og þingmenn í matsalnum. Kannski eru gild rök fyrir þessum vinnureglum. Sagt er að Alþingi sé eini staðurinn þar sem þingmenn eigi fá frið fyrir ágangi fólks.

### Ár stórafmælanna

Afmælisveisla Ólafs Ólafssonar í Samskipum þykir hafa tekist svo prýðisvel að boðsgestir eru strax farnir að bíða eftir næsta stórafmæli eignamanna. Glöggir bloggarar hafa fundið út að árið er stórafmælisár. Næstu stórafmæli verða hjá Eggert Magnússyni í West Ham sem verður sextugur 20. febrúar, Björgólfi Thor Björgólfssyni í Samson sem verður fertugur 19. mars og Hannesi Smárasyni í FL Group verður fertugur 25. nóvember. Á næsta ári verður minna um stórafmælin, aðeins eitt verulega stórt og það hjá Jóni Ásgeiri Jóhannessyni í Baugi sem verður fertugur 27. janúar. Hvernig ætli skemmtiatriðin verði þá?

bjorgvin@frettabladid.is/
ghs@frettabladid.is

# Beðið eftir ríkissáttasemjara

INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR
**Í DAG** | Kjör kennara

Kennarar eru upp til hópa þolinmóðir og umburðarlyndir. Óþolinmæði gefst enda illa í samskiptum við nemendur. Jafnframt er starfið ákaflega skemmtilegt og gefandi en að sjálfsögðu mjög krefjandi, eins og flest skemmtileg störf reyndar eru. En stundum virðast kennarar óþarflega þolinmóðir utan kennslustofunnar. Þannig hafa t.d. staðið yfir viðræður við sveitarstjórnarmenn síðan í ágúst um launahækkun í samræmi við verðlagsþróun í landinu og í samræmi við sérstakt ákvæði þar um í síðustu kjarasamningum stéttarinnar. Það er að vísu hæpið að tala um kjarasamninga því eins og flestir vonandi muna náðust alls ekki samningar þrátt fyrir langt og erfitt verkfall heldur skrifuðu kennarar undir með hótun um lagaboð ella yfir höfði sér. En fyrir síðustu helgi gáfust menn upp á málþófinu um umrætt ákvæði og leituðu til ríkissáttasemjara til að leysa málið, sem aldrei átti að verða neitt mál. Hinn almenni kennari hefur beðið í þessa sex mánuði eftir því að samkomulag næðist án þess að mikið hafi heyrst frá þeim. „Þolinmæði þrautir vinnur allar" segir gamall málsháttur en hún virðist koma kennurum í kjarabaráttu að litlu gagni. Fundir viðræðunefndanna munu ekki allir hafa gengið hljóðlátlega fyrir sig en nefndarmenn hafa verið sammála um að láta ekkert spyrjast út af fundum. Og kennarar hafa bara beðið, hljóðir og þolinmóðir.

Það er hlálegt að hlusta á ráðamenn þjóðarinnar og ekki síður hina sem þessa dagana sækjast eftir að komast í ráðamannastöður tala fjálglega um mikilvægi menntunar við þessar aðstæður. Frambjóðendur til síðustu sveitarstjórnarkosninga höfðu mikinn áhuga á grunnmenntun og skólum landsins, ef marka má það sem þeir skrifuðu og sögðu í aðdraganda kosninganna. Lítið virðist fara fyrir þeim áhuga þegar til kastanna kemur. Nú eru margir á höttunum eftir þingmannssæti

*Einu sinni voru þingmenn og kennarar á svipuðum launum.*

og segjast telja menntun ákaflega mikilvæga. Ég efast um að efndir verði sýnilegar. Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga boðaði í haust breytingar á samskiptum sveitarfélaga og grunnskólakennara með aukinni áherslu á gæði skólastarfs. Kennarar fögnuðu þessum ummælum en lítið eða ekkert hefur heyrst. Meðan enginn vilji til að standa við svokallaða samninga er sjáanlegur fer lítið fyrir breyttum og bættum samskiptum.

Lág laun starfsmanna skólasamfélags sveitarfélaganna, þ.e. leikskóla og grunnskóla, eru löngu farin að bitna á starfinu en ósköp lítið heyrist frá þeim sem málið snertir. Leikskólar eru lokaðir vegna manneklu og það er ekki spurt um auglýstar stöður skólaliða í grunnskólum með þeim afleiðingum að gæslu er víða ábótavant. Verðbólga mælist 7–9% ef marka má fréttir af þeim vettvangi og sagan hefur sýnt okkur að starfsfólk skóla hefur ekki fyrr fengið síðbúna bót kjara sinna en það er aftur orðið aftast á merinni. Eins og kennarar nú. Samningar grunnskólakennara eru lausir í lok þessa árs. Undirtektir sveitarstjórnarmanna síðasta hálfa árið við beiðni kennara um að staðið verði við samninga lofa ekki góðu. Það verður fróðlegt að heyra hvað ríkissáttasemjari gerir og væntanlega bíða kennarar með öndina í hálsinum.

Það er ekki atvinnuleysi á Íslandi og kennarar, sem hafa góða og fjölbreytta menntun og krefjandi starfsreynslu í farteskinu, geta væntanlega valið úr ýmsum störfum. Ég veit ekkert starf skemmtilegra en kennslu og mig langar ekki að starfa við neitt annað. Ég er ánægð með vinnustaðinn minn, ég hef gott samstarfsfólk og nemendur mínir eru skemmtilegir og áhugasamir. En þegar yfirmennirnir, þ.e. sveitarstjórnarmenn og ráðherra, sýna mér og mínum störfum ítrekað bæði virðingarleysi og áhugaleysi hlýt ég að hugsa mig um.

Boltinn er núna hjá ríkissáttasemjara og við bíðum spennt. Á undanförnum árum hafa ítrekað heyrst þær raddir að kennarar ættu að setja kjör sín í hendur kjaradóms, sem hefur t.d. með málefni þingmanna að gera. Einu sinni voru þingmenn og kennarar á svipuðum launum. Þingmenn sigldu fram úr hægt og bítandi og voru, satt best að segja, lengi vel á afar lélegum launum, a.m.k. ef miðað var við starfsumhverfi þeirra. En það er liðin tíð og það er löngu tímabært að lág laun kennara verði líka liðin tíð.

# Lækkar verð á kjöti?

**UMRÆÐAN**
Matvælaverð

JÓHANNES GUNNARSSON

Allt frá því að ríkisstjórnin tilkynnti um aðgerðir til að lækka matvælaverð hafa staðið deilur um hve mikið matvæli lækka í verði vegna þessara aðgerða. Þetta er ekki síst vegna boðaðrar lækkunar á tollum á kjöti um 40%. Einnig koma til nýgerðir samningar stjórnvalda og Evrópusambandsins um að heimilt verði að flytja hingað inn takmarkað magn af kjöti frá löndum sambandsins án tolla. En mun verð á kjöti lækka vegna þessa, ekki er vanþörf á því, m.a. vegna mikilla hækkana á kjöti tvö síðustu ár?

Tollar á innflutt kjöt eru mjög háir og hafa talsmenn Neytendasamtakanna alltaf nefnt þá með réttu ofurtolla. Það er ljóst að 40% lækkun ofurtollanna hefur enga þýðingu fyrir neytendur. Þeir verða áfram allt of háir til að innflutningur á kjöti lækki verð á því.

En hvað þá með nýja samninginn við Evrópusambandið? Í fyrsta lagi er um óverulegt magn að ræða miðað við neyslu kjöts hér á landi eða um 2%. Í öðru lagi verður þessi innflutningur boðinn út og þeir sem bjóða hæst fá þennan innflutning. Hafa ber í huga að verð á kvótum hefur farið hækkandi. Auk þess er ástæða til að ætla að ef eitthvað er þá verði boðið enn hærra í þessa kvóta heldur en gert er í kvótana sem nú eru fluttir inn á lágum tollum. Því þarf að grípa til mun róttækari breytinga en hér hafa verið nefndar ef það á að skila neytendum ávinningi.

Á þingi Neytendasamtakanna sem haldið var í lok september sl. var m.a. lagt til að tollar og innflutningskvótar á kjúklinga- og svínakjöti yrðu lagðir af og innflutningur gefinn frjáls, svo fremi að innfluttu vörurnar uppfylli eðlilegar heilbrigðiskröfur. Bent var á að fákeppni ríki í framleiðslu á þessum vörum sem í eðli sínu er verksmiðjuframleiðsla, auk þess sem innflutt fóður er stærsti kostnaðarliðurinn. Jafnframt verði tryggt að verð á öllum aðföngum til þessara greina verði sambærilegt við það sem er í nágrannalöndunum, þar á meðal verð á kjarnfóðri, sem er mun dýrara en í nágrannalöndunum vegna fákeppni. Með þessu myndi verð á svína- og kjúklingakjöti lækka verulega, en samhliða myndi þetta hafa áhrif á verð vara sem keppa við þessar kjöttegundir, þar á meðal annað kjöt og fisk. Þetta væru kjarabætur sem heimilin myndi muna mikið um.

*Höfundur er formaður Neytendasamtakanna.*

## ALLT HITT

[ HEILSA ]

**Farsóttafréttir** eru komnar út á vef Landlæknisembættisins, www.landlaeknir.is. Í þessu fyrsta tölublaði ársins 2007 er fjallað um nýtt fyrirkomulag almennra bólusetninga sem tók gildi 1. janúar og salmonellusýkingar á Íslandi árin 2005 og 2006.

**Lýsi** gerir öllum gott og ágætt að venja sig á að byrja daginn á eins og einni skeið af því.

**Hálka** er víða um land og ættu gangandi vegfarendur að vara sig á henni ekki síður en þeir akandi. Ekki er gott að detta í hálku og auðveldlega hægt að brjóta einhver bein. Eldra fólk ætti að fara sérstaklega varlega og hiklaust að nota mannbrodda þar sem það á við.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 23. janúar, 23. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.35 | 13.39 | 16.45 |
| Akureyri | 10.36 | 13.24 | 16.13 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
**550 5000**
Auglýsingasími Allt
**550 5880**
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is

Fjórir félagar úr gönguhópnum. Frá vinstri: Kristinn Jónsson og Sveinn Jónsson, sem báðir eru fyrrverandi formenn í KR, Rögnvald Erlingsson og Bjarni Árnason.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Gengið í aldarfjórðung

***Sveinn Jónsson er félagi í tuttugu og fimm ára gömlum gönguhópi.***

Gönguhópurinn sem Sveinn Jónsson er félagi í var upphaflega stofnaður um miðjan níunda áratuginn og hittist reglulega á Melavöllum. „Meginuppistaðan í hópnum, sem telur tólf meðlimi, er KR-ingar. Enda kveður almenn regla á um að hittist fimm Reykvíkingar séu yfirgnæfandi líkur á að þrír þeirra séu KR-ingar. Einn Valsari hefur reyndar slæðst með," segir Sveinn og hlær stríðnislega.

Að sögn Sveins hefur tilgangurinn frá byrjun verið sá að halda sér í formi með góðri og hæfilegri hreyfingu. „Menn hlupu þetta allir í upphafi. Í tímans rás hefur hlaupið síðan breyst í göngu og við höfum fært okkur frá Melavöllum yfir í Laugardal. Menn mæta með sínar íþróttatöskur og skipta yfir í íþróttafatnað eins og sönnum íþróttamönnum sæmir. Síðan göngum við vasklega í um það bil 45 mínútur, lyftum í æfingasal Laugardalshallarinnar og gerum Müllers-æfingar. Á föstudögum gerum við okkur síðan dagamun með því að fara út að borða á Salatbarnum að æfingum loknum."

Á Sveini má heyra að þótt aldarfjórðungur sé liðinn frá stofnun hópsins séu félagarnir engan veginn af baki dottnir. „Aldeilis ekki," segir hann kampakátur. „Þvert á móti erum við á blússandi siglingu."

*roald@frettabladid.is*

## Þrjú ný samheitalyf

ACTAVIS SETUR NÝ LYF Á MARKAÐ Í EVRÓPU.

Þrjú ný samheitalyf sem Actavis hefur sett á markað í Evrópu voru þróuð á Íslandi. Þau eru meðal fjölmargra lyfja sem fyrirtækið ætlar að markaðssetja í Evrópu á næstu mánuðum. Á síðasta ári voru um 300 markaðssetningar á nýjum lyfjum á hina ýmsu markaði samstæðunnar og búist er við að þau verði enn fleiri á þessu ári.
Lyfin eru hormónalyfið Fínasterið, þunglyndislyfið Mirtazapín og flogaveikilyfið Topiramate. Fínasterið, sem er samheitalyf frumlyfsins Proscar frá lyfjafyrirtækinu Merck, er notað við góðkynja stækkun blöðruhálskirtils.
Mírtazapín munnlausnartöflur eru samheitalyf frumlyfsins Remeron frá lyfjafyrirtækinu Organon.
Topiramate verður selt í Portúgal en þar var ekkert einkaleyfi fyrir lyfinu, en einkaleyfið rennur út 2009 á helstu mörkuðum í Evrópu. Heiti frumlyfsins er Topimax frá frumlyfjafyrirtækinu Janssen-Cilaq.

*Gleðilegt nýtt ár og þökkum viðskiptin á liðnu ári.*
*Starfsfólk Subway*

JANÚAR
Kafbátur mánaðarins
Kalkúnsbringa og skinka
...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða
6 tommu bátur 329 kr.
Gildir í jan. 2007 • Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjörnumáli
7 kafbátar með 6 grömm af fitu eða minna
Vertu skynsamur, vertu hjartagóður.
HjartaHeill
SUBWAY

**Teygjur og göngutúrar** með vinnufélögum eru nauðsynlegar til að taka sér pásu frá tölvunni og skrifborðsstólnum. Korters-teygjur eða göngutúrar auka líkamlega og andlega vellíðan.

# Sýklalyf auka hættu á endurteknum sýkingum

***Síðustu ár hefur sýklalyfjanotkun barna aukist umtalsvert, sem getur haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér þegar horft er til framtíðar. Vilhjálmur Ari Arason læknir segir mikilvægt að snúa þróuninni við.***

Vilhjálmur segir að læknar og foreldrar verði að vinna saman. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Vilhjálmur segir það allt of algengt að börnum séu gefin sýklalyf af minnsta tilefni þegar betra væri að bíða og sjá til hvort þau jafni sig ekki af sjálfsdáðum. „Auðvitað er þetta í góðri trú en afleiðingarnar geta verið mjög alvarlegar," segir hann.

Alvarlegasta afleiðing ofnotkunar sýklalyfja er sýklalyfjaónæmi en einnig benda rannsóknir til þess að börn sem hafa fengið sýklalyf við sýkingum eins og eyrnabólgu séu líklegri til þess að fá hana aftur og aftur en börn sem eru látin jafna sig án meðhöndlunar. „Við sjáum það best með því að mæla tíðni á röraísetningum, sem er reyndar miklu meiri hér en annars staðar. Það er allt upp í að tæplega helmingur barna fái rör í eyrun eins og í Vestmannaeyjum. Þar sem betur hefur verið passað upp á sýklalyfjagjöf hefur hins vegar verið hægt að snúa þessu við. Sýklalyfjaónæmi er líka mjög alvarlegt vandamál þegar horft er til framtíðar og slæmt ef við erum að tapa því frá okkur að geta notað sýklalyfin þegar mikið liggur við."

Algengt er hérlendis að sögn Vilhjálms að börn séu komin aftur í leikskólana um leið og þau eru orðin hitalaus þó að þau séu ennþá á sýklalyfjakúrum. „Eftir sýklalyfjakúra blómstra ónæmar bakteríur og komast frekar að slímhúðinni og börn sem eru nýbúin að taka sýklalyf bera þessar bakteríur í ákveðinn tíma. Bakteríurnar bera þau jafnvel til annarra barna, sem hafa ekki verið á sýklalyfjum og í leikskólum og á öðrum stöðum þar sem börn eru mikið saman grasserar þetta. Á Norðurlöndunum og annars staðar þekkist það ekki að börn séu sett í leikskóla á sýklalyfjakúrum. Þó að foreldrar haldi að það sé í lagi að setja barn í leikskóla þegar það er komið á sýklalyf því það sé hætt að smita, er það ekki rétt því þá er það bara að bera með sér aðra og ónæmari stofna."

Betra er að bíða og sjá til hvort börnin jafni sig ekki sjálf en að gefa þeim strax sýklalyf.

Vilhjálmur telur mikilvægt að læknar og foreldrar vinni saman að því að minnka sýklalyfjanotkun barna. „Börn eru ekki þrýstihópur svo foreldrarnir verða að vera það. Ungir foreldrar eru kannski ekki í bestu aðstöðunni til þess að láta heyra í sér því þetta fólk er í klemmu gagnvart vinnuveitendum og frítökurétturinn er takmarkaður, þannig að það er gífurleg pressa. Ég hugsa að það endurspeglist svolítið í því hve mikið álag er orðið á læknavaktir. Veik börn koma varla á daginn lengur heldur alltaf á kvöldin og um helgar og eru kannski aldrei hjá sama lækni. Oft er mikill þrýstingur frá foreldrum á að skrifað sé upp á sýklalyf handa börnunum þar sem þeir eru hræddir um að þurfa að vera mikið frá vinnu. Áherslan ætti náttúrlega að vera á að foreldrar eigi greiðan aðgang að sínum lækni á daginn og fái frí frá vinnu til þess að fara með börnin til læknis. Foreldrar ættu einnig að geta verið heima hjá börnum sínum ef þau eru veik svo að þau fái tíma til þess að jafna sig af sjálfsdáðum." *emilia@frettabladid.is*

„Hingað eru allir velkomnir og svo er jafnvel hægt að gera sunnudagsrúnt úr þessu, byrja í sundi hjá okkur og koma svo við í blómaskálanum Vín og fá sér ís á leiðinni heim," segir Orri.

# Nýja laugin bylting frá því sem var

***Ný og glæsileg sundlaug hefur verið opnuð við Hrafnagilsskóla í Eyjafirði.***

„Þetta er glæsileg sundlaug og mikil breyting frá gömlu lauginni, það er eiginlega ekki hægt að líkja þeim saman," segir Orri Stefánsson, íþrótta- og æskulýðsfulltrúi Eyjafjarðarsveitar, en ný sundlaug var opnuð að Hrafnagili í mánuðinum. Nýja sundlaugin er 25 m á lengd auk heits potts, vaðlaugar, glæsilegrar rennibrautar og eimbaðs. Nemendur í Hrafnagilsskóla, sem eru um 200 talsins, nota laugina auk þess sem laugin stendur almenningi til boða.

„Við höfum fengið mjög góðar viðtökur, hingað koma margir að skoða og gestir eru almennt ánægðir með aðstöðuna. Ég hef í það minnsta ekki fengið neina kvörtun," segir Orri og bætir við að vonast sé eftir fleiri ferðamönnum í sumar. „Þetta er mikil bylting frá því sem var enda er þetta aðstaða eins og hún gerist best í sundlaugum. Það er því um að gera fyrir Akureyringa og aðra að keyra hingað og skella sér í sund. Hingað eru allir velkomnir og svo er jafnvel hægt að gera sunnudagsrúnt úr þessu, byrja í sundi hjá okkur og koma svo við í blómaskálanum Vín og fá sér ís á leiðinni heim." *- iáh*

Sundlaugin að Hrafnagili er 25 m á lengd auk heits potts, vaðlaugar, glæsilegrar rennibrautar og eimbaðs.

## Erfðabreyttar húðfrumur ónæmar fyrir bakteríum

BANDARÍSKIR VÍSINDAMENN TELJA SIG HAFA BÚIÐ TIL HÚÐFRUMUR SEM ERU AÐ NOKKRU ÓNÆMAR FYRIR BAKTERÍUM.



Brunasár geta leitt til alvarlegra sýkinga.

Hópur vísindamanna frá Háskólanum í Cincinnati hefur á undanförnum misserum gert tilraunir á húðfrumum til að bæta líf þeirra sem orðið hafa fyrir alvarlegum brunasárum. Þeir telja sig nú hafa búið til erfðafræðilega breyttar húðfrumur sem eru að nokkru ónæmar fyrir bakteríum.
Komust vísindamennirnir að því að þegar þessum erfðafræðilegu húðfrumum var bætt við ræktaða húð í tilraunastofu drap húðin mun fleiri bakteríur en venjuleg húð.
Húðfrumunum var erfðafræðilega breytt til að búa til meira af próteininu human beta defensin 4 (HBD4). Próteinið er til í líkamanum og er hluti af náttúrulegu ónæmiskerfi hans.
Brunasár leiða oft til sýkinga þar sem húðin á verra með að verjast bakteríum og sýklum. Þess vegna er nauðsynlegt að halda húðinni hreinni meðan hún grær. Húð sem er búin til í tilraunastofu hefur hingað til haft þann galla að hún er líklegri til að leiða af sér sýkingu en venjuleg húð. Ástæðan er sú að húð sem er grædd á líkama manna tengist ekki blóðrásarkerfinu strax og fær því ekki mótefnin úr ónæmiskerfi líkamans til að verjast sýkingum.
Að sögn vísindamannanna verður, með því að nota erfðafræðilega breyttar húðfrumur, hægt að draga úr hættunni á sýkingu, auka líkur á að húðin sem grædd er á líkamann lifi af og minnka þörfina á sýklalyfjum.
Vísindamennirnir munu hefja tilraunir á dýrum snemma á þessu ári og því nokkuð í að hin nýja húð verði notuð til lækninga á mönnum. *www.bbc.co.uk*


Byrjendanámskeið
eru að hefjast hjá Taekwondo deild ÍR.

**Fullorðnir:**
Þriðjudaga kl. 19:00
Fimmtudaga kl. 19:00
Laugardaga kl. 10:30

**Börn:**
Þriðjudaga kl. 18:00
Fimmtudaga kl. 18:00

Æfingar fara fram í ÍR-heimilinu, Skógarseli 12
Nánari uppl. í síma **896-1168** og **www.irtaekwondo.net**

Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

Næstu námskeið og fyrirlestrar:
**24. janúar Ævintýralíf**
Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi
**30. janúar Um mataræði og krabbamein í blöðruhálskirtli**
Oddur Benediktsson prófessor
**01. febrúar Heilsukostur - Matreiðslunámskeið**
Meistarakokkar Maður lifandi
**13. febrúar Erum við andleg og líkamleg eiturefna-úrgangs-ruslaskrímsli...?!**
Edda Björvinsdóttir leikkona
**20. febrúar Lífstíll, mataræði og óæskileg röskun á örveruflóru líkamans**
Helgi Valdimarsson læknir
**Nánari upplýsingar www.madurlifandi.is**

Nýjar línur
á auðveldan hátt
FLEX-buxur verð kr
19.995.-
Vaxtalaus kjör í 3 mán með
Visa/Euro kr. 6.665.- pr. mán.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
Ný glæsileg netverslun www.hreysti.is

Fyrir lifrina
Heilsu-hornið
Póstsendum um land allt
S: 462 1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet/heilsuhorn
Útsölustaðir m.a: Yggdrasill, Fjarðarkaup, Maður lifandi í Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind í Hagkaupum, Lyfjaval í Mjódd og Hæðarsmára og Lyfja á Selfossi.

Hálsmixtúra og Magamixtúra úr íslenskum fjallagrösum

Hrein lífræn jógúrt!

Hreina lífræna jógúrtin frá Biobú er framleidd **án sykurs**. Aðeins er notaður lífrænn hrásykur í öðrum jógúrt tegundum frá Biobú.
Bio·Bú
Biobu ehf. • Sími: 587 4500 • Netfang: biobu@biobu.is • www.biobu.is

Bowen Tækni
Námskeið í Bowen Tækni
Einföld, mjúk og áhrifarík meðferð sem farið hefur sigurför um Evrópu.
Virkar vel á hverskonar vandamál.
Kennt í Reykjavík 2. – 5. mars 2007
Íslenskt námsefni og íslenskur kennari.
Uppl. sima 421 4569 og 897 7469 • Margeir
www.bowentaekni.com • jmsig@simnet.is

Rúna Björk Smáradóttir ilmkjarnaolíufræðingur notar til dæmis eucalyptus við kvefi og rósmarín fyrir aukna einbeitingu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ilmandi góð vellíðan

***Ilmkjarnaolíur hafa verið nýttar frá dögum Kleopötru til að fegra og lækna. Olíurnar eru mikið notaðar á Íslandi og nú eru námskeið í boði fyrir þá sem vilja kynna sér fræðin betur.***

„Ilmkjarnaolíur vinna heildrænt með líkamann og hafa meðal annars jákvæð áhrif á tauga- og stoðkerfi, auk þess að fyrirbyggja ýmsa kvilla," segir Rúna Björk Smáradóttir líf- og ilmkjarnaolíufræðingur.

Rúna Björk hefur unnið með ilmkjarnaolíur í um sex ár og heldur námskeið fyrir almenning auk þess að kenna fræðin í Fjölbrautaskólanum í Ármúla. „Ilmkjarna-olíur hafa verið notaðar í mörg hundruð ár. Á tímum Kleópötru voru plönturnar lagðar í fitu til að ná úr þeim virkum efnum en síðan uppgötvuðu gullgerðarmenn eimingaraðferðina og eimuðu allt sem hönd á festi," segir Rúna Björk brosandi. Enn þann dag í dag eru ilmkjarnaolíur unnar með eimingu og eru síðan nýttar í snyrtivörur, ilmvötn og til náttúrulækninga.

„Eimingarframleiðslan er flókið ferli sem er ekki á færi leikmanna. Við fáum olíurnar tilbúnar og blöndum ýmsar uppskriftir gegn mismunandi kvillum," segir Rúna Björk.

Óhefðbundnar lækningar færast sífellt í vöxt og Rúna Björk segir að ilmkjarnaolíur nýtist vel við ýmsum kvillum. Hún nefnir svefnleysi og vöðvabólgu sem dæmi. „Það getur verið gott að nota olíurnar í bakstra gegn minni háttar tognun í stað verkjalyfja og ég veit um dæmi þar sem olíurnar eru notaðar við svefnleysi á spítölum og hafa gefið góða raun," segir Rúna Björk og leggur áherslu á mikilvægi þess að nota hágæðaolíur. „Falsaðar olíur virka ekki og geta í versta falli verið skaðlegar."

Á námskeiðinu kennir Rúna Björk hvernig hægt er að blanda mismunandi ilmkjarnaolíuuppskriftir, hvaða olíur eru í boði og við hverju þær gagnast.

Næsta námskeið verður haldið í Fjölbrautaskólanum við Ármúla föstudagskvöldið 26. janúar klukkan 20.00-22.00 og laugardaginn 27. janúar klukkan 11-14. Verð er 15.900 krónur og innifalið í því er vegleg námskeiðsmappa með uppskriftum, lýsingum á ilmkjarnaolíum og áhrifum þeirra á líkama, huga og fleira.

Einnig eru efni og áhöld til blöndunar á námskeiðinu innifalin. Hægt er að skrá sig með tölvupósti á palmarosa@palmarosa.is (vinsamlegast gefið upp nafn, símanúmer og tölvupóstfang) eða í síma 691 3129 (Rúna).

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Rúnu Bjarkar, www.palmarosa.is.

*rh@frettabladid.is*

## Uppskriftir að ilmandi blöndum frá Rúnu Björk:

**ILMVATN GEGN FYRIRTÍÐASPENNU**
Eftirfarandi blöndu er gott að bera á úlnliði og bak við eyrun eins og ilmvatn. Blandan léttir á einkennum fyrirtíðaspennu, s.s. streitu, pirringi, kvíða og þunglyndi.

4 ml Jojoba grunnolía
4 dropar Clary salvía
3 dropar Geranium
2 dropar Neroli
2 dropar Ylang ylang
1 dropi benzoin
1 dropi rósarolía

**HAMINGJUBLANDA**
Eftirfarandi blanda hjálpar til við að reka burtu vetrardrungann. Blandan léttir lundina og skerpir hugann. Hún bætir einbeitinguna og hentar því einnig vel fyrir námsmenn. Hægt er að setja blönduna í leirbrennara, rafmagnsdreifara eða einfaldlega í skál með vatni og hafa í herberginu. Svo er auðvitað hægt að setja tvo dropa af blöndunni í vasaklút og anda að sér eftir þörfum.

4 dropar sítrónugras
4 dropar appelsínuolía
2 dropar basilika

**ÓNÆMISÖRVANDI BLANDA**
Eftir flensur og aðrar erfiðar sýkingar er ónæmiskerfið oft hálfslappt og líkaminn viðkvæmur fyrir frekari sýkingum, s.s. frunsum. Eftirfarandi blöndu er hægt að setja út í baðið eða bera á húðina. Notið u.þ.b. eina teskeið af blöndunni í bað.

60 ml grunnolía
7 dropar rósmarínolía
7 dropar tea tree-olía
5 dropar Geranium
5 dropar lofnarblóm (lavender)
3 dropar Elemi
3 dropar timían
2 dropar Palmarosa

**„UPP ÚR SÓFANUM"**
Í skammdegissleninu er oft þörf á smá hvatningu. Notið í herbergisdreifara eða setjið í eldhúsbréf og andið að ykkur eftir þörfum. Blandan eflir framkvæmdagleði og skerpir hugann.

6 dropar Bergamot
3 dropar rósmarín
2 dropar basilika

**HREINSANDI ANDLITSMASKI**
Eftirfarandi maski hjálpar húðinni að losa sig við óhreinindi og dauðar húðfrumur. Þar sem maskinn inniheldur ávaxtasýrur (í appelsínusafanum) og piparmint ætti ekki að nota hann á mjög viðkvæma húð. Blandið öllu saman og berið á andlit og háls. Leggist niður og bíðið í 20 mínútur. Skolið vel af og berið rakakrem (eða olíu) á húðina ef þörf er á. Athugið að nauðsynlegt er að prófa sig áfram með magn innihaldsefna. Bætið við hafraþjöli ef maskinn er of þunnur og grænu tei ef hann er of þykkur.

2-3 msk hafraþjöl
1-2 tsk appelsínusafi (ferskur og nýkreistur)
1-2 msk grænt te (volgt)
1 dropi piparmynta ilmkjarnaolía
1 dropi Lavender ilmkjarnaolía

**BAÐBLANDA FYRIR ELSKENDUR**
Þegar fara á í bað með elskunni sinni er gott að eiga rómantíska baðolíu. Blönduna er einnig hægt að nota í nudd en þá er gott að tvöfalda uppskriftina og blanda út í 30 ml af grunnolíu.

3 dropar sandalviður
2 dropar rósviður
1 dropi Ylang ylang
1 dropi Patchouli

**EINBEITINGAR- OG MINNISBOMBA**
Þessi blanda er algjört dúndur fyrir námsmenn (og aðra!). Blandan bætir einbeitingu, gefur orku og eflir minni! Hægt er að setja nokkra dropa af blöndunni í ilmker, ilmdreifitæki eða í litla flösku og anda að sér.

6 dropar rósmarín
5 dropar greip
5 dropar basilika
4 dropar timían

**SYNERGÍA FYRIR ÖNDUNARFÆRIN**
Þessi blanda er góð gegn kvefi, hálsbólgu, flensu og þeirra fylgifiskum. Blandan eflir ónæmiskerfið og getur því komið í veg fyrir sýkingar sem oft fylgja í kjölfar kvefs. Setjið nokkra dropa af synergíunni í pappír og andið að ykkur eða 5-7 dropa í baðið.

20 dropar appelsína
10 dropar Eucalyptus
10 dropar Juniper
10 dropar fura
6 dropar basilika
6 dropar rósarviður
4 dropar rngifer

**HITANDI (FÓTA)BAÐ**
Ef kalt er í veðri er gott að stinga sér (eða bara fótunum) í bað með hitandi ilmkjarnaolíum. Setjið blönduna út í baðið eða fótabaðið rétt áður en stigið er útí. Ef húðin er þurr er gott að blanda ilmkjarnaolíunum fyrst við teskeið af góðri grunnolíu, t.d. Sweet Almond.

3 dropar svartur pipar
2 dropar engifer
2 dropar rósmarín

**Slímlosandi blanda**
Eftirfarandi blanda losar um stíflur og slím í öndunarfærum. Hún er góð við bronkítis, ennisholubólgum og þrálátum sýkingum. Blandið við 30 ml af grunnolíu og berið á bringu og háls nokkrum sinnum á dag.

12 dropar Eucalyptus
5 dropar piparmynta

# Stuðningur við aðstandendur átröskunarsjúklinga

FYRIRLESTUR UM MEISTARARITGERÐ Í HJÚKRUNARFRÆÐI VERÐUR HALDINN Í EIRBERGI Á FÖSTUDAG.

Margrét Gísladóttir flytur fyrirlestur um meistararitgerð sína sem hún skrifaði við hjúkrunardeild Háskóla Íslands. Ritgerðin ber heitið „Fræðslu- og stuðningsmeðferð fyrir aðstandendur einstaklinga með átröskun til að styðja þá til bata“.

Tilgangur rannsóknarinnar var að hjálpa aðstandendum í stuðningshlutverki í bataferli vandamanns með átröskun. Í rannsókninni var notað aðlagað tilraunasnið með eins hóps fyrir- og eftirprófun. Athugað var orsakasamhengi með íhlutun en gerð var prófun fyrir og eftir fræðslu og stuðningsmeðferð.

Einstaklingar með átröskun höfðu sjúkdómsgreininguna lystarstol, lotugræðgi eða átröskun, sem var ekki skilgreind að öðru leyti, og voru á aldrinum 13-31 árs. Aðstandendur voru foreldrar, makar eða systkini eldri en 18 ára. Veitt var fræðsla og stuðningsmeðferð fyrir 21 þátttakanda í þremur hópum. Hver hópur kom í fjögur skipti og stóð meðferðin í 3-4 vikur fyrir hvern hóp fyrir sig.

Niðurstöður rannsóknarinnar gáfu vísbendingar um að fræðslu- og stuðningsmeðferð geti komið aðstandendum og átröskunarsjúklingum á batavegi að gagni. Mikilvægt sé því að hjúkrunarfræðingar sinni stuðningi við aðstandendur, slíkt muni skila sér í bata skjólstæðinga með átröskun.

Fyrirlesturinn fer fram í Eirbergi við Eiríksgötu 34, stofu C-103, föstudaginn 26. janúar klukkan 15.00 og eru allir velkomnir.

Fyrirlesturinn fer fram í Eirbergi næstkomandi föstudag.

# Fjórtán ára fá sprautu

***Fjórtán ára unglingar eiga nú að fá bólusetningu við kíghósta til viðbótar þeim sem þeir fengu sem börn. Þær reglur tóku gildi um síðustu áramót.***

Hér á landi eru börn bólusett gegn kíghósta við þriggja, fimm og tólf mánaða aldur og endurbólusett við fimm ára aldur. Frá og með 1. janúar síðastliðnum verða fjórtán ára unglingar einnig bólusettir í þeim tilgangi að minnka líkur á smiti í þjóðfélaginu. Nýtt kíghóstabóluefni var tekið í notkun hér á landi 1. janúar 2000 sem hefur litlar aukaverkanir í för með sér, mun minni en algengt var er eldra bóluefni var notað.

Á vef sóttvarnarlæknis kemur fram að brýnt sé að bólusetningar náist til nær allra barna í hverjum fæðingarárgangi. Með því móti sé unnt að mynda svonefnt hjarðónæmi gegn skæðum smitsjúkdómum. Það þýðir að ónæmi gegn þeim verður nægilega algengt í landinu til þess að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdómanna.

*Heimild/landlaeknir.is*

Kíghóstabóluefnið hefur litlar aukaverkanir.

Fólk með kvef þarf að passa að þvo sér reglulega um hendur.

# Hreinar hendur gegn kvefi

***Sýklar setjast á hendur og þaðan á hurðarhúna, penna og annað sem margir snerta yfir daginn.***

Á mannmörgum vinnustöðum, skólum og leikskólum ganga stundum pestir mann fram af manni.

Til að koma í veg fyrir að smitast af einhverri óáran er nauðsynlegt að þvo sér reglulega um hendurnar, en það gera samt ekki nema um 32 prósent fullorðinna einstaklinga.

Fólk sem er með kvef er oftar en ekki meira eða minna með hendurnar í andlitinu á sér. Það tekur fyrir vitin þegar það hnerrar og hóstar og fæstir hlaupa beint inn á baðherbergi að þrífa hendurnar eftir á. Við þetta dreifast sýklar áfram til annarra því við erum jú í snertingu við hurðarhúna og fleira sem aðrir snerta, margoft yfir einn dag.

Pennar eru annar liður í því að bera pestir á milli fólks. Í bönkum og í verslunum liggja pennar sem við notum þegar við skrifum á debet- og kreditkortanótur. Til að forðast það að smitast á þennan hátt er gott að hafa með sér sinn eigin penna til að nota. Hafa skal það almennt í huga að reyna að forðast að komast í snertingu við eitthvað sem gæti smitað okkur, og þvo sér um hendurnar reglulega yfir daginn. Sérstaklega ef við erum á stöðum þar sem margir koma saman. *- mhg*

# Leitartæki endurnýjuð

***Krabbameinsfélag Íslands fékk eina milljón króna að gjöf.***

Soroptimistaklúbbur Árbæjar afhenti Krabbameinsfélagi Íslands nýlega eina milljón króna til að endurnýja tækjabúnað sem notaður er við krabbameinsleit í brjóstum.

Samkvæmt frétt á vef Krabbameinsfélagsins, www.krabb.is, metur félagið gjöfina mikils sem og áhuga kvennanna í Soroptimistaklúbbnum á því að hægt verði að kaupa búnað til að taka stafrænar myndir á Leitarstöðinni. *- eö*

Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is

Hugsaðu um heilsuna
PREMIER AIR
Lofthreinsitæki

-hreinsar burt 99.97 % agna
-notar ekki vatn
-minnkar svifryk
-hreinsar út ofnæmisvaka
-hreinsar lykt
ís-húsið 566 6000

## Persona.is

EGGERT S. BIRGISSON, SÁLFRÆÐINGUR SKRIFAR

# Heilsukvíði - ótti um að vera með alvarlegan sjúkdóm

Heilsukvíði er flokkaður sem líkömnunarröskun og aðaleinkenni heilsukvíða er ótti eða fullvissa um að vera með alvarlegan sjúkdóm. Þessi ótti eða fullvissa er til staðar þó engin merki um sjúkdóm sjáist við ýtarlegar rannsóknir og þrátt fyrir fullyrðingar lækna um að enginn sjúkdómur sé til staðar. Óttinn tengist skynjun hversdagslegra líkamlegra einkenna sem túlkuð eru sem einkenni alvarlegs sjúkdóms. Hverslags eðlileg líkamleg einkenni geta orðið tilefni til mikils kvíða hjá þeim sem er með heilsukvíða. Það getur verið hraður hjartsláttur, sviti, lítil sár, hósti eða höfuðverkur.

Þannig getur sá sem haldinn er heilsukvíða túlkað höfuðverk sem ótvírætt merki þess að hann sé með heilaæxli. Þó að viðkomandi sé fullvissaður um það af lækni sínum eftir að hafa farið í ítarlega læknisskoðun og heilaskönnun að engin merki sjáist um heilaæxli dugir sú hughreysting skammt og eftir stuttan tíma er hann eða hún oft komin til annars læknis til að athuga hvort sá finni ekki heilaæxlið.

Fólk með heilsukvíða getur orðið kvíðið um eigin heilsu af því að lesa um eða heyra um alvarlega sjúkdóma eða ef einhver sem það þekkir greinist með sjúkdóm. Lesi sá sem er með heilsukvíða til dæmis um alvarlegan sjúkdóm þar sem eitt af einkennunum er doði í útlimum fer sá hinn sami strax að athuga hvort hann finni fyrir doða í útlimum. Geri hann það túlkar hann það sem einkenni þessa alvarlega sjúkdóms og kvíðinn eykst til muna. Þess má geta í þessu sambandi að leiti fólk að ákveðnum líkamlegum einkennum hjá sér er ekki ólíklegt að það finni þau en tæki að öðrum kosti ekki eftir þeim. Athyglin gerir það að verkum að fólk tekur eftir ýmsum tilfinningum í líkamanum sem það alla jafna tæki ekki eftir. Þeir sem vilja geta sannreynt þetta með því að beina athygli og sjón að lófa sínum í eina til tvær mínútur og athugað hvað gerist. Venjulega finnur fólk til doða eða seyðings í lófanum við þetta.

Áður fyrr gekk heilsukvíði undir nafninu ímyndunarveiki (hypochondriasis), það nafn er reyndar enn við lýði en heilsukvíði þykir lýsa röskuninni betur. Að kalla röskunina ímyndunarveiki gefur nefnilega til kynna að einkennin sem fólk finnur fyrir séu ímyndun ein. Einkennin eru það þó ekki, þau eru til staðar, en kvíðinn sem þau valda er óeðlilegur.

Talið er að um 1 til 5 prósent fólks sé með heilsukvíða. Heilsukvíði getur byrjað á hvaða aldri sem er en algengast er að hann byrji snemma á fullorðinsárum og sé langvinnur. Kvíðinn getur verið mismikill og er venjulega meiri þegar álag í lífi fólks er mikið. Heilsukvíði er ekki lífshættulegur sjúkdómur en fólk sem hefur verið með heilsukvíða í langan tíma er í talsvert meiri sjálfsvígshættu en aðrir.

Sýnt hefur verið fram á með rannsóknum að hugræn atferlismeðferð gagnist vel við heilsukvíða en það er háð því að fólk sé tilbúið að skoða þann möguleika að þau líkamlegu einkenni sem það finnur fyrir stafi af öðru en alvarlegum eða lífshættulegum sjúkdómi.

Visomat® Comfort 20/40
nýr blóðþrýstingsmælir
í handhægri tösku
– hröð og nákvæm mæling!

– Sjálfvirk mæling blóðþrýstings og púls
– Stór skjár er sýnir systole, diastole og púls ásamt meðaltalsmælingu
– Geymsluminni fyrir allt að 30 niðurstöður
– Gæðavottun (DIN EN 1060/4)
– 3ja ára ábyrgð
LYRA
www.lyra.is

Glas af trönuberjasafti, hálftíma fyrir gin og tónik, hjálpar lifrinni að vinna úr áfenginu.

# Með gulrót gegnum gleðinnar dyr

***Trönuberjasafi og ákveðnar gerðir af grænmeti draga úr eitrunaráhrifum áfengis.***

Flestir sem bragða áfengi hafa reynslu af því að þessi munaðarvara taki sinn toll daginn eftir og ýmsum ráðum hefur verið beitt til að koma í veg fyrir það. Það skynsamlegasta af öllu er eflaust að læra að skemmta sér án þess að hafa áfengi um hönd, en ekki eru allir tilbúnir til þess.

Til að koma í veg fyrir að eitrunaráhrifin frá áfenginu hafi of mikil áhrif á líkamsstarfsemina er hægt að jafna álagið á ýmsan hátt.

Til dæmis ætti fólk að sleppa því að drekka áfengi sem inniheldur gervisætuefni. Slíkir drykkir gera það að verkum að áfengið fer um fjörutíu prósentum hraðar út í blóðrásina og erfiðara verður að hafa stjórn á áhrifunum og eftirköstunum þar með. Trönuberjasafi hefur góð áhrif á líkamann á margvíslegan hátt og þá sér í lagi ef það er hreinn og ósætur trönuberjasafi. Að drekka trönuberjasafa hálftíma til klukkutíma áður en áfengi er haft um hönd styrkir lifrina og hjálpar henni að vinna úr áfenginu.

Trönuberjasafi inniheldur andoxunarefni sem reynast lifrinni svo vel að henni tekst að hreinsa áfengið úr blóðrásinni allt að tólf sinnum hraðar en ef trönuberjasafanum væri sleppt.

Að lokum má benda á að hrátt grænmeti hefur fleiri kosti í för með sér en að halda línunum í lagi. Í hráu grænmeti á borð við brokkólí, blómkál og gulrótum er mikið magn af glutahione-amínósýrum. Þessar amínósýrur draga úr eitrunaráhrifum áfengisins og minnka þannig líkurnar á slæmum timburmönnum, „fráhvörfum“, næsta dag.

- mhg

# Pilluáminning á SMS

***Gleymirðu að taka pilluna eða önnur lyf?***

Pilluáminningin er tilraun sem læknanemar standa fyrir og er aðaláherslan lögð á getnaðarvarnarpillur kvenna.

Einnig er hægt að nýta áminninguna fyrir önnur lyf eða aðra hversdagslega hluti sem geta gleymst í amstri dagsins.

Þjónustan er opin öllum og ókeypis. Nánari upplýsingar má fá hjá Félagi um forvarnarstarflæknanema.



Nánari upplýsingar: www.astradur.is Áminning pöntuð: www.p.molar.is

Hjartavernd fékk átta hundruð þúsund af áheitafé sem safnaðist í Reykjavíkurmaraþoni Glitnis. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Nýr og betri hjartariti

***Hjartavernd nýtur góðs af Reykjavíkurmaraþoni Glitnis.***

Nýr hjartariti hefur verið tekinn í notkun hjá Hjartavernd en hann var keyptur fyrir áheitafé sem safnaðist í Reykjavíkurmaraþoni Glitnis síðasta sumar. Eftir að áheit voru gerð upp komu um átta hundruð þúsund krónur í hlut Hjartaverndar.

Hjartaritinn, sem er frá General Electric, var afhentur af starfsfólki Glitnis sem hét á Hjartavernd með maraþonhlaupi sínu.

- eö

allt matur
Alla föstudaga

Tannlæknar og tannfræðingar geta gefið góð ráð um virkni tannkrema og hvað hentar hverjum og einum best.

# Ekki skola eftir tannburstun

***Flúor heldur áfram að hafa góð áhrif eftir að tennurnar hafa verið burstaðar.***

Í hillum verslana og apóteka er að finna margar gerðir af tannkremum. Lýðheilsustöð mælir með tannkremi með flúor að styrkleika 0,01 prósent, eða 1.000 ppm. Flúorstyrk tannkremsins er hægt að sjá á innihaldslýsingu vörunnar. Ekki er ráðlegt að nota barnatannkrem sem innihalda lægri flúorstyrk (500 ppm). Í staðinn á að nota sama tannkrem og fullorðna fólkið notar, bara í minna magni.

Flúor úr tannkreminu heldur áfram að virka á tennurnar eftir tannburstun þannig að litlir úrkölkunarblettir ná e.t.v. að kalkast aftur. Því er mikilvægt að skola ekki munninn eftir tannburstun, bara skyrpa. Það kemur heldur ekki að sök þó að fólk kyngi svolitlu magni af flúortannkremi. Ef fólk vill endilega skola munninn eftir tannburstun er hollara að setja örlítið tannkrem aftur á burstann, bursta létt yfir tennurnar og skyrpa tannkreminu svo í vaskinn.

Á markaði eru tannkrem sem innihalda ýmis önnur efni sem getur dregið úr tannholdssjúkdómum, tannstein og viðkvæmum tannhálsum. Tannfræðingar og tannlæknar geta gefið góð ráð um virkni þessara tannkrema og því er um að gera að leita leiða hjá þeim.

Lýðheilsustöð auglýsir eftir umsóknum vegna forvarnastyrks í þágu barna og ungmenna þar sem sérstaklega er auglýst eftir verkefnum sem taka til félagslegrar stöðu ungs fólks og ungs fólks af erlendum uppruna.

# Styrkir til forvarna

***Forvarnasjóður stuðlar að áfengis- og vímuvörnum barna og ungmenna.***

Lýðheilsustöð auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Forvarnasjóði. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að áfengis- og vímuvörnum barna og ungmenna á mismunandi skólastigum eða meðal ungmenna utan skóla.

Styrkirnir eru veittir til verkefna eða afmarkaðra rannsókna og áhersla er lögð á samstarfsverkefni, þar sem sérstaklega er auglýst eftir verkefnum sem taka til félagslegrar stöðu ungs fólks og ungs fólks af erlendum uppruna.

Mikilvægt er að fram komi í umsókn hvernig hægt verði að meta afrakstur verkefnisins.

Lýðheilsustöð metur umsóknirnar í samstarfi við áfengis- og vímuvarnaráð og áskilur sér réttinn til að senda umsóknir til fagaðila og óska eftir nánari upplýsingum um verkefni, framkvæmdaaðila og fjármögnun. Einnig áskilja styrkveitendur sér rétt til að skilyrða styrkveitingar og greiða út styrkinn í samræmi við framvindu. Sé sótt um styrk til framhaldsverkefna þarf framvinduskýrsla að liggja fyrir.

Umsóknarfrestur er til 31. janúar 2007 og skal sótt um á sérstökum eyðublöðum hjá Lýðheilsustöð. www.lydheilsustod.is - rh



Birkiaska
Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is
BETUSAN

Minnistöflur
Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is
FOSFOSER MEMORY
Valið fæðubótarefni ársins 2002 í Finnlandi

Látum okkur líða vel
Endurmótum líkamann og bætum líkamsstöðuna með áhrifaríkum teygjuæfingum. Frábær bók með myndum og skýringum sem hægt er að nota sér bæði heima, á vinnustað og í ræktinni.
Teygjur
UPPLAGIÐ Á ÞROTUM
Einföld og markviss ráð um hvernig hægt er að hreinsa óæskileg efni úr líkamanum: Brennslan verður hraðari, húðin fallegri, líkamlegir kvillar hverfa og andleg vellíðan eykst.
Bókaútgáfan Salka
Skipholt 50c – 105 Reykjavík
s. 552 1122 – www.salkaforlag.is
Salka

allt heimili
Alla fimmtudaga

Fótaaðgerðafræðingar eru sérstaklega menntaðir og þjálfaðir til að meðhöndla fótamein og annast ráðgjöf varðandi fóthirðu og fótabúnað. MYND/GUNNAR GUNNARSSON

# Að eiga fótum fjör að launa

***Þórunn Guðgeirsdóttir, löggiltur fótaaðgerðafræðingur, segir að mörgu að huga við fóthirðu.***

Fæturnir þurfa að bera okkur allt lífið og erfitt er að nálgast varahluti. Heilbrigðir fætur án fótameina og sársauka eru lífsgæði sem allir ættu að leitast við að veita sér. Þórunn gefur lesendum Fréttablaðsins nokkur góð ráð varandi fóthirðu.

- Ýmiss konar vandamál geta orsakað vanlíðan í fótum. Þessi vandamál geta verið meðfædd, áunnin vegna rangs skófatnaðar eða orsakast af sjúkdómum.
- Niðurgrónar neglur getur verið hægt að laga með því að klippa þær rétt, einnig er hægt að fá smíðaðar spengur hjá fótaaðgerðafræðingum til að rétta þær.
- Við sveppasýkingum á húð fæst sveppakrem í apótekum og er mikilvægt að meðhöndla sýkt svæði því sveppasýking er smitandi og getur borist í neglur.
- Við sveppasýkingu í nöglum þarf að fá meðhöndlun hjá lækni. Tekið er sýni úr nöglinni og ef sveppasýking reynist vera getur læknir vísað á lyf til inntöku.
- Við þurrum og sprungnum hælum er mikilvægt að fjarlægja harða húð og bera feitt mýkjandi krem á svæðið. Regluleg meðhöndlun hjá fótaaðgerðafræðingi getur verið til mikilla bóta.
- Vörtur orsakast af veirusýkingu og geta verið sársaukafullar. Meðhöndla má þær sjálfur með efni sem fæst í apótekum. Einnig má láta frysta þær hjá læknum eða láta meðhöndla þær hjá fótaaðgerðafræðingum. Vörtur hverfa í sumum tilfellum af sjálfu sér.
- Vörtur eru smitandi og algengar hjá börnum, best að meðhöndla strax.
- Sigg og líkþorn geta verið sársaukafull. Huga ber að skóm, hvort skórnir klemmi að eða séu lausir á fætinum, en lögun fótarins/tánna getur verið orsökin. Hægt er að fjarlægja sigg og líkþorn hjá fótaaðgerðafræðingum, regluleg meðhöndlun er oft nauðsynleg. Ýmiss konar hlífar geta verið til bóta.
- Líkþornaplástur ætti aldrei að nota því hann getur skaðað húðina í kring og í versta tilfelli valdið sári.
- Ef fólk er með tábergssig, ilsig, holufót (háa rist) getur verið til bóta að nota innlegg í skó. Innlegg eru sérsmíðuð fyrir hvern einstakling ef í ljós kemur við göngugreiningu að þeirra er þörf.
- Ef fótleggir eru mislangir má í sumum tilfellum rétta það af með innleggjum, stundum getur þurft að byggja undir sjálfan skóinn, æskilegast er að setja hækkun undir allan fótinn/skóinn en ekki bara hælinn.
- Við bjúgsöfnun á fótum er í mörgum tilfellum nauðsynlegt að leita til læknis til að reyna að komast að orsökinni og e.t.v. í samráði við lækni að fá sjúkrasokka. Sjúkrasokka er einnig gott að nota fyrirbyggjandi þegar sitja þarf lengi á ferðalögum í bíl eða flugvél. Sjúkrasokka þarf stundum að nota á meðgöngu.
- Fætur sykursjúkra þarfnast sérstakrar aðgæslu. Tilfinningaskyn getur smátt og smátt minnkað. Æðarnar geta þrengst sem orsakar minnkað blóðflæði til fótanna. Húðin verður þurrari. Sykursjúkir ættu undantekningalaust að láta fótaaðgerðafræðing líta á fætur sínar a.m.k. einu sinni á ári.
- Fótaaðgerðafræðingar geta framkvæmt mælingu til að ganga úr skugga um hvort tilfinningaskynið hefur skaðast. Þetta er einnig gert á göngudeild sykursjúkra.
- Fótaaðgerðafræðingar gefa góð ráð um fóthirðu og skófatnað.
- Fætur þeirra sem þjást af gigt geta aflagast og er þá til bóta að fá ráðleggingar um fóthirðu og val á skófatnaði. Innlegg geta verið til bóta. Einnig er til bóta að fjarlægja harða húð/sigg.

Þórunn starfar sem fótaaðgerðafræðingur á Egilsstöðum og situr í fræðslu- og kynningarnefnd Félags íslenskra fótaaðgerðafræðinga.

- Þegar keyptir eru skór þarf að huga að ýmsu. Skórnir eiga að passa strax, ekki á að ganga þá til. Skór eiga að vera breiðir að framan svo nægilegt pláss sé fyrir tærnar. Einnig nægilega háir yfir tærnar og í réttri lengd svo tærnar geti hreyfst við gang án þess að rekast í.

**Barnafætur í fyrirrúmi**

- Skórnir eru mikilvægur þáttur í fótavernd barna.
- Fyrsta ár barnsins er best að nota skó sem minnst og leyfa tánum og fótunum að vera frjálsum.
- Þegar barnið fer að ganga er gott að setja það í skó sem eru með góðan stuðning í hælinn en mjúkan sóla. Ekki er æskilegt að hafa barnið í skónum mjög lengi í einu.
- Mikilvægt er að sokkar og sokkabuxur séu nægilega stór og kreppi ekki tærnar. Ekki er æskilegt að nota skó frá öðrum, t.d. eldri systkinum, því ef skórinn hefur aflagast getur hann orsakað fótskekkju.
- Algengt er að börn séu með platt-fót/ilsig og/eða skekkjur í hælum. Í sumum tilfellum er nauðsynlegt fyrir þau að fá innlegg, gjarnan í samráði við bæklunarlækni.
- Í sumum tilfellum þarf ekki að grípa inn í en getur verið til bóta að gera æfingar sem teygja á hásin og vöðvum/sinum aftan á fótlegg og læri. Góðir skór með mjúkum sveigjanlegum sóla og góðum stuðningi í hæl eru mikilvægir.
- Gæta þarf þess að klippa neglur barna reglulega, best er að klippa þær beinar, ekki í spíss.
- Fótaaðgerðafræðingar eru löggilt heilbrigðisstétt. Þeir eru sérstaklega menntaðir og þjálfaðir til að meðhöndla fótamein og annast ráðgjöf varðandi fóthirðu og fótabúnað. Það er enginn með of „slæma“ eða of „ljóta“ fætur til að láta meðhöndla þá. Fæturnir þurfa að endast okkur allt lífið og það er erfitt að fá varahluti. Ekki væri úr vegi að láta líta á fætur sínar að minnsta kosti einu sinni á ári. Flestum finnst sjálfsagt að fara með bílinn í skoðun einu sinni á ári. Ekki er síður mikilvægt að hugsa vel um fætur sína.

## Ódýrari skoðun hjá tannlæknanemum

TANNLÆKNADEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS TEKUR Á MÓTI SJÚKLINGUM Á MIÐVIKUDÖGUM.

Hjá tannlæknadeild Háskóla Íslands er hægt að panta skoðun, tannhreinsun og myndatöku. Eftir það fer fram greining og ástandsmat. Síðan hafa tannlæknanemar samband við sjúkling ef þörf er á viðgerðum. Þó er ekki alltaf hægt að framkvæma meiriháttar viðgerðir, tannréttingar eða aðgerðir á tannlæknadeildinni. Skoðun og viðgerð hjá tannlæknadeildinni er þó nokkuð ódýrari en hjá tannlækni og til að mynda kostar skoðun og röntgenmyndataka aðeins 2.500 krónur. Fyrir öryrkja, eldri borgara og börn yngri en 18 ára er þetta ókeypis.

www.hi.is Tannlæknadeild Tannlækningastofnun - Læknagarði - Vatnsmýrarvegi 16 - 101 Rvk. - S: 525-4850 - Tölvupóstur: tj@hi.is

Gott eftirlit með tannheilsu er mikilvægt fyrir bæði börn og fullorðna. Hjá tannlæknanemum við Háskóla Íslands er hægt að fá skoðun og myndatöku sem er mun ódýrari en hjá tannlæknum.

HAFÐU BÁÐAR HENDUR Á STÝRI

www.rs.is

*Nú getur þú hringt og svarað símtölum með GPS tækinu!*

**Garmin nüvi 660**

Það er vit í Garmin nüvi sem ferðafélaga. Garmin nüvi er GPS leiðsögutæki með korti af allri Evrópu, með stórum skjá en fer vel í vasa. Tækið inniheldur m.a. MP3 spilara, ljósmyndarýni, reiknivél, gengisreikni, heimsklukku, orðabók, ferðahandbók og einingabreyti. Tækið er einnig með Bluetooth þannig að það nýtist sem handfrjáls búnaður við GSM í bílnum.

GARMIN. Bluetooth radiomidun R. SIGMUNDSSON

Umboðsmenn | **Akureyri:** Haftækni · **Blönduós:** Krákur · **Egilsstaðir:** Bílanaust · **Grundarfjörður:** Mareind · **Ísafjörður:** Bensínstöðin · **Reyðarfjörður:** Veiðiflugan · **Selfoss:** Hársnyrtistofa Leifs **Vestmannaeyjar:** Geisli · **Reykjavík:** Arctic Trucks, Bílanaust, Elko, Everest, Gísli Jónsson, Hlað, Intersport, Stormur, Toyota aukahlutir, Útilíf, Vesturröst, Yamaha · **Fríhöfnin**

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000 | www.garmin.is

[ SÉRBLAÐ UM JEPPA – ÞRIÐJUDAGUR 23. JANÚAR 2007 ]

# Farið á fjöll

## EFNISYFIRLIT

NISSAN PATHFINDER
*Reynsluakstur* BLS. 2

KÖTTURINN Í SEKKNUM
*Ástandsskoðun* BLS. 4

METINGUR JEPPAMANNA
*Fjallasport* BLS. 6

ÞORRABLÓT Á FJÖLLUM
*4x4 ferðaklúbburinn* BLS. 8

BREYTTIR BÍLAR Í KASAKASTAN
*Arctic Trucks* BLS. 10

ÞAÐ BORGAR SIG AÐ HALDA KYRRU Í BÍLNUM
*Öryggisatriði í ferðum* BLS. 12

GLAÐUR MEÐ GÓÐAN BÍL
*Björn Hlynur leikari* BLS. 14

# Höggdeyfar eru mikilvægari en maður heldur

ÖRYGGI Rannóskn sem gerð var nýlega leiðir í ljós að slitnir höggdeyfar hafa áhrif á ökumanninn. Viðbragðstími ökumanns lengist um allt að 26% ef höggdeyfar eru ónýtir, þeir draga úr virkni ABS hemlakerfis. Slitnir höggdeyfar [illegible] veggripi bíla, lengja [illegible] auka hættu [illegible] auka veltihættu. Slitnir höggdeyfar [illegible] kröppum [illegible] djúpum hjólförum [illegible] verður mun ójafnara sem eykur hættuna í akstri. Mikilvægt er að láta athuga höggdeyfana eftir 20.000 kílómetra akstur eða allavega einu sinni á ári. Það er engin tilviljun að þeir sem oft fá[illegible] snjósköflunum á [illegible] snjódekk[illegible] Hl[illegible] og hvort sem því er ætlað að spyrna eða bremsa. Demparar (lagi) auka því rásfestu og stöðugleika bíls til mikilla muna með [illegible] fjaðrir (gormar) og demparar sportbíls eru stinnari en fólksbíls. Til fjaðrakerfis teljast [illegible] (gormar) og demparar sportbíls [illegible]ri en fólksbíls. Til fjaðrakerfis [illegible]mar), demparar og [illegible] jafnvægis-[illegible]urbóta [illegible]da er [illegible]ggða [illegible]-turna) [illegible] að aftan. Í [illegible] er boðið upp á [illegible] í sama bíl, getur t.d. [illegible]run", „sportfjöðrun" eða [illegible]run" og er þá keppnis-[illegible] sú stinnasta. Bíllinn verður [illegible]gri og dálítið harðari án þess að verða hastur.

[illegible] verða hastur [illegible] að sportlegri [illegible] eða alla-vega einu þungamiðju bílsins. Af þessu leiðir að

Bílanaust

Nissan Pathfinder við „náttúrulegar“ aðstæður.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bakkmyndavélin er gagnleg þegar bakka þarf út á ystu nöf.

Lyklalaust aðgengi er að Pathfinder og ef lykillinn er í vasanum þarf bara að ýta á takka á hurðinni til að komast inn. Kerfið er mjög þægilegt en með auknum tæknibúnaði, sérstaklega þeim sem knúinn er rafmagni, aukast líkurnar á að eitthvað bili.

Takkarnir í stýrinu eru það eina sem er illa heppnað í innréttingunni. Án efa eiga þeir að vera kröftugir, en virka í staðinn ódýrir.

# Kröftugur að utan – mjúkur að innan

Nissan Pathfinder er fullfær um að leysa verkefni sín, bæði á malbikinu og mölinni.

Nissan Pathfinder er, eins og svo margar aðrar bílategundir, í stöðugum vexti. Sumar tegundir verða betri með aldrinum og aukinni stærð, öðrum fer aftur. Pathfinder er í flokki hinna fyrrnefndu en þriðja útgáfan af bílnum er stærri og meira er lagt í aukabúnað.

Ytra útlit Pathfinder gefur til kynna ýmislegt um bílinn. Kubbslegt form hans segir að honum sé ekki ætlað að fara hratt, heldur komast þangað sem hann stefnir og yfirstíga allar hindranir á leiðinni. Útlitið er á vissan hátt gróft en á sama tíma heillandi og kröftugt.

Þegar sest er inn í bílinn er allt annað uppi á teningnum. Mælaborðið er stílhreint, fátt sem stingur mann, og allir mælar auðlæsilegir og takkar aðgengilegir. Innviði virkar vandað og ljósa leðrið venst fljótt og vel, svo vel að erfitt er að sjá bílinn fyrir sér öðruvísi.

Aðgengi að bílnum er lyklalaust. Hægt er að taka upp lykilinn og opna bílinn, en einnig er hægt að hafa lykilinn í vasanum og ýta á lítinn takka á hurðarhúninum. Skynjari er í bílnum sem skynjar að lyklarnir eru í grenndinni og því er hægt að aflæsa bílnum og opna hann. Lyklarnir eru svo áfram í vasanum því startarinn á bílnum er takki sem snúið er rétt eins og um venjulegan lykil væri að ræða.

Fjögurra lítra bensínvélin kippir vel í og skilar meira en nægum krafti. Bíllinn er eins þægilegur í akstri og svona stór bíll getur verið, og þegar tefla þarf á tæpasta vað aftur fyrir sig kemur bakkmyndavélin sér vel.

Aftursætin í bílnum falla afar vel niður ef stækka þarf skottpláss, en með þennan geim sem skottið er er lítil þörf á því. Sætin í skottinu falla einnig vel niður í gólfið, en það er ekki hægt að segja að það sé þrautalaust að ná þeim upp.

Nissan Pathfinder er fyrst og fremst rúmgóður og fjölhæfur bíll. Hann hefur útlit og kraft villibjarnar, en þegar inn er komið er hann mjúkur og þýður eins og bangsi.

*tryggvi@frettabladid.is*

Innréttingin í Pathfinder er vönduð og ljósa leðrið gerir hann bjartan og vistlegan að innan.

**NISSAN PATHFINDER LE IT**

**Vél:** 4 lítra bensín
250 hö / 390 Nm
**Þyngd:** 2.200 kg
**Eyðsla:** 16 l/100 km

**Plús**
Frágangur innra rýmis
Vél

**Mínus:**
Sæti í skotti

**Verð frá:** 4.390.000 kr
**Verð prufubíls:** 5.990.000 kr

# SÖNN ÁNÆGJA HVENÆR SEM ER, Í HVAÐA VEÐRI SEM ER.

# GRAND VITARA

Verð frá 2.790 þús.

Grand Vitara er glæsilegur og vandaður jeppi framleiddur í Japan af Suzuki, einum stærsta bílaframleiðanda heims, framleiðanda sem hefur áratuga reynslu í hönnun og framleiðslu á notendavænum og sparneytnum fjórhjóladrifsbílum og jeppum.
Grand Vitara er fullbúinn jeppi af réttri stærð fyrir nútíma fólk sem gerir miklar kröfur um aksturseiginleika, öryggi og hagkvæman rekstur.
Undir glæsilegri yfirbyggingunni leynist sterkbyggð grind, aflmikil vél og fullkomið fjórhjóladrif, með háu og láu sídrifi.
Öryggisbúnaðurinn er eins og best gerist. ABS/EDB hemlakerfi, ESP stöðugleikakerfi og spólvörn, 4 öryggisloftpúðar og hliðargardínur auk ISO FIX barnasólafestinga eru staðalbúnaður.
Síðast en ekki síst gera einstakir aksturseiginleikar Grand Vitara aksturinn ánægjulegan hvort sem ekið er í borgarumferðinni eða upp á fjöllum.

SUZUKI
...er lífsstíll!

Suzuki bílar hf. Skeifunni 17. Sími 568 51 00. www.suzikibilar.is

Hugtök Okt. 06

Traust
dráttarbeisli
Ásetning á staðnum.

VÍKURVAGNAR EHF.

Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

allt bílar
Alla laugardaga

# Breyttir björgunarjeppar

Björgunarsveit Hafnarfjarðar hefur yfir tveimur mikið breyttum jeppum að ráða sem eru af gerðinni Nissan Patrol. Þeir vinna sem par þar sem annar jeppinn er alltaf til taks ef hinn lendir í torleiði. Útköll sem þeir sinna eru margvísleg en markmiðið er að þessir bílar komist áfram þegar aðrar bjargir þrjóta. Bílarnir eru sérútbúnir fyrir erfið útköll á jöklum og á hálendinu. Til dæmis eru þeir útbúnir með mjög lágan gír sem kallast skriðgír. Í erfiðu færi er þá hægt að láta bílana fara löturhægt yfir og halda jafnframt togi á háum snúningi og yfirvinna djúpan snjó eða grýtta jörð. Driflæsingar eru á fremra og aftara drifi, sem gerir það að verkum að bíllinn tekur á öllum hjólum þegar þarf. Oft er farið um langan veg í erfiðu færi og eru auka-eldsneytistankar undir þeim og dælt er á millitank með dælu sem stjórnað er inn úr bílnum. Auk þessara breytinga eru bílarnir útbúnir helstu skyndihjálpar-, staðsetningar- og fjarskiptabúnaði.

Traust og örugg fjarskipti:
maxon talstöðvar
fyrir húsbílinn eða jeppann.
Vandaðar talstöðvar sem hafa margsannað gildi sitt í áraraðir í vinnuvélum, lögreglubílum og leigubílum.

Bjóðum 4 rása og 99 rása Maxon bílstöðvar ásamt ísetningu á ótrúlega lágu verði.

maxon bílstöðvar

maxon handstöðvar

Nett, frábær loftnet á flestar gerðir bifreiða.

ÚLARADIÓ
rafeindaþjónusta
FELLSMÚLA 28 108 REYKJAVÍK SÍMI: 554 1550, 588 7211

OTTÓ AUGLÝSINGAR

Ganga þarf úr skugga um að í lagi sé með bíl áður en hann er keyptur.

## Ástandsskoðun bíla

Áður en nýr bíll er keyptur er gott, og í raun nauðsynlegt, að ástandsskoða hann. Bæði til að ekki sé keyptur kötturinn í sekknum og einnig að ökutækið standist allar öryggiskröfur.

Þetta er sérlega mikilvægt er kemur að jeppum en þeir þurfa margir hverjir að þola raunir sem fæstir bílar þola. Álag veldur sliti og skemmdum og því þarf kaupandinn að ganga algjörlega úr skugga um að hann viti hvað hann er að fara út í áður en bíllinn er keyptur.

Ástandsskoðun er hægt að fá víða. Allar skoðunarstöðvar bjóða upp á slíka þjónustu og hægt er að semja við flest verkstæði að ástandsskoða bíla. Verðið fer eftir því hvað er skoðað í bílnum. Algengasta skoðunin felur í sér að skrokkur, undirvagn og innrétting er könnuð, sem og stýrisbúnaður, miðstöð og slíkt. Þess konar skoðun kostar á bilinu 6.000 til 8.000 kr.

Einnig er hægt að athuga ástand vélar og drifbúnaðar og kostar skoðunin þá meira og tekur lengri tíma. Slíkar skoðanir geta margborgað sig og ætti ekki að kasta krónunni til að spara aurinn í þessu tilviki frekar en öðrum.

## Spil geta komið sér vel á fjöllum

Arctic trucks selur mikið úrval af spilum. Algengasta spilið er DS9500i-spilið en það er 4,3 tonna spil og er frá Come-Up. Spilið er 5 hestöfl, eða 3.730W. Það er til bæði 12v og 24v. Spilið er með þriggja þrepa plánetugír og gírhlutfallið er 159:1. Spilið sjálft er 33 kíló og kemur í tösku svo auðvelt er að færa það milli bíla. Spil getur komið sér vel ef bíll er illa fastur á fjöllum uppi.

# Sýnum verðlaunabílinn frá
# GM Chevrolet Silverado 1500

**Valinn Truck of the year af MotorTrend**
**Frábær hönnun**
**Meiri dráttargeta**
**V8 vél 5,3L sem skiptir yfir í V4 undir litlu álagi**
**315 hestöfl**

**Eyðsla frá einungis 10,51 lítar í langkeyrslu**
**Spól- og skriðvörn**
**Ekki hraðatakmarkari**
**Þarf ekki meirapróf**

## Eigum til örfáa nýja dísel pallbíla án hraðatakmarkara!

ib.is
IB ehf. Selfossi

verslun
verkstæði
sérpantanir
smurstöð.

Sími 4 80 80 80 Fossnesti A 800 Selfossi

# Langstærstur hluti fólks lætur breyta jeppanum

Reynir Jónsson er framkvæmdastjóri fyrirtækisins Fjallasport sem sér um breytingar á jeppum. Hann telur um 75 prósent jeppakaupenda gera breytingar á sínum bíl.

Reynir Jónsson stendur við Fordinn.

Fyrirtækið Fjallasport á Viðarhöfða sérhæfir sig í hönnun og breytingum á 4x4 jeppum og hefur verið starfrækt í tæp tíu ár. Reynir Jónsson er framkvæmdastjóri Jeppasports og segir hann ásóknina í þjónustu fyrirtækisins vera mikla. „Við eigendurnir höfum verið í fjallaferðum og breytingum síðan við fengum bílprófið. Svo höfum við verið að reka þetta fyrirtæki síðan 1998 og sérhæfum okkur í því að breyta jeppum, getum þessvegna komið þeim upp í 49″ dekk. Svo framkvæmum við líka minni breytingar að sjálfsögðu og erum að selja Thompson dekk ásamt öllu því sem þarf í jeppaferðalög. Við höfum bæði verslun og verkstæði hjá okkur,“ sagði Reynir.

Fjallasport sérhæfir sig í Toyota og Nissan ásamt amerískum pick-up-um. „Við hækkum upp bíla og setjum undir þá stærri dekk. Svo setjum við brettakanta, driflæsingar, toppgrindur, ljóskastara, drátt-arbeisli og grillgrindur framan á,“ sagði Reynir en hann telur að langstærstur hluti jeppakaupenda láti breyta bílum sínum. „Það er ljóst að það er mjög stór hluti fólks á Íslandi. Ég held að um 75 prósent jeppafólks láti að minnsta kosti gera eitthvað.“

Fjölmargir hér á landi líta á jeppa sem áhugamál og segir Reynir að metingurinn sé tals-verður. „Það er mikill metingur milli tegunda. Þegar menn ferðast á fjöllum finnst hverjum sinn fugl fagur. Það hefur verið mikil ásókn í þessa ameríska bíla undanfar-in ár. Þeir hafa verið á hagstæðu verði og þótt spennandi kostur. Svo er Land Cruiser alltaf jafn vin-sæll. Við höfum þróað mjög flotta breytingapakka á ýmsar gerðir.“

Sum verkefni sem Fjallasport tekur að sér eru að sjálfsögðu stærri en önnur. „Við tókum Ford F350 sem var á 9″ dekkjum og náðum að auka afl hans upp í 350 hestöfl. Venjulega setur maður einn auka milligír í hann en við settum tvo. Hann tekur 500 lítra af olíu og við smíðuðum undir hann loftpúða-fjöðrun. Settum á hann einhverja tvo kastara og hann er mjög ýktur í dag,“ sagði Reynir.

*- egm*

Ford F350 á 49″ háum dekkjum, með loftpúðafjöðrun og tveimur milligírum, 600 hestöfl.

IVECO
Nýr Daily
Með öll gen ATVINNUBÍLSINS
Lipur, mjúkur og hljóðlátur
með einstakt vinnuumhverfi

*Staðalbúnaður:*
- ***ASR Spólvörn***
- ***ABS Hemlakerfi***
- ***ESP Stöðuleikastýring***
- ***Nýr EURO 4 mótor***
- ***Tímastillt olíumiðstöð***
- ***Stórir rafdrifnir upphitaðir speglar***

***Í boði eru fimm vélastærðir***
***Frá 106 hö. til 176 hö.***

***Heildarþyngd frá 2,9 til 6,5 tonn***

*Aukabúnaður:*
***5 þrepa Rafskipting***
***Loftpúðafjöðrun og driflæsing***

VÉLAVER hf
Krókhálsi 16
Sími 588 2600
www.velaver.is

KOMINN AFTUR!

SSANGYONG

# KYRON

## FULLVAXINN LÚXUSJEPPI

## Á FRÁBÆRU VERÐI!

KYRON X-TRANSITION

141 hestafla vél, tog 310 Nm
Sjálfskiptur eða beinskiptur

Glæsileg, þægileg innrétting

Byggður á grind og með hátt og lágt drif

## SsangYong KYRON

KYRON er nýr jeppi frá SsangYong í S-Kóreu hlaðinn nýjungum.




**Komdu, skoðaðu og prófaðu KYRON, því stuttur reynsluakstur segir meira en mörg orð.**

**Umboðsaðilar:**

**Bílasalan ÓS,** Akureyri - s 462 1430
**Bílhorni hjá Sissa,** Keflavík - s 420 3300
**Bílasala Austurlands,** Egilsstaðir - s 471 3005

Bílabúð Benna
Tangarhöfða 8-12
s. 590 2000 • fax 590 2099 • benni@benni.is

Agnes Karen segir fólki sem hefur áhuga á jeppaferðum stöðugt fjölga.

# Þorrablótið haldið á fjöllum

Ferðafélagið 4x4 stendur fyrir öflugu starfi meðal áhugafólks um jeppaferðir. Þorrablót félagsins verður haldið á fjöllum í byrjun febrúar.

„Margt er að gerast hjá félaginu, við stefnum á að fara í paraferð í næsta mánuði þar sem sambýlisfólk og pör geta komið. Farið verður inn í Hvalgil. Fyrstu helgina í mars er svo kvennaferðin, sem er orðin mjög vinsæl," segir Agnes Karen Sigurðardóttir, stjórnarkona í Ferðafélaginu 4x4.

„Í apríl verður svo farið í stórferð en yfir henni hvílir mikil leynd enn um sinn. Við förum í eina slíka ferð yfir Hofsjökul sem heppnaðist mjög vel og þátttakan var mikil."

Margir sem fá áhuga á jeppaferðum byrja smátt og er þá tilvalið að setja sig í samband við Litludeildina, en hún starfar innan Ferðafélagsins og er vettvangur fyrir óbreytta og lítið breytta bíla. „Margir byrja þar og fara svo á kaf í þetta þegar þeir eru komnir með ákveðna reynslu," segir Agnes.

Sigurlaugur Þorsteinsson er formaður Litlu deildarinnar og hann segir mikið um að vera á næstu mánuðum hjá deildinni.

„Dagsferð verður um helgina og það er fyrsta ferðin á þessu ári. Við erum ekki búin að fastsetja hvert farið verður en það verður líklega farið í Skjaldbreið eða á Langjökul," segir Sigurlaugur. Hann segir að þá muni deildin koma að skipulagningu kvennaferðarinnar í febrúar og gógleði í mars.

„Þeim fjölgar stöðugt sem koma í þessar ferðir og greinilegt að áhugi á jeppaferðum er mikið að aukast. Við förum með stóran hóp starfsmanna Strætó í ferð bráðlega en þeir höfðu samband við okkur því þá langaði að komast á fjöll."

Jeppafólk heldur sitt þorrablót vanalega á fjöllum og verður það í Setrinu í ár en það er skáli Ferðafélagsins 4x4. „Undirbúningurinn er kominn á fullt og mikill áhugi fyrir blótinu í ár eins og undanfarin ár," segir Agnes. *- öhö*

„Þegar maður hefur byggt sumarbústað frá grunni leggur maður ýmislegt á sig til að komast í hann um hverja helgi, bæði í lúmskt slæmri færð og um hávetur." Subaru eigendur vita að hann er allt öðruvísi en aðrir bílar. „Ég hef góða stjórn við erfiðar aðstæður og hann drífur út um allt. Mér finnst ég miklu öruggari fyrir vikið." Það ætti enginn að kaupa sér bíl án þess að koma fyrst og reynsluaka Subaru.

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

SYMMETRICAL AWD

Hyundai Hellion er 236 hestöfl.

# Skordýr á hjólum

Leitað var til móður náttúru við hönnun hins nýja hugmyndabíls Hyundai.

Hugmyndabíll Hyundai, HCD10 Hellion, hefur vakið nokkra athygli á bílasýningunni í Detroit fyrir frakkt útlit. Bíllinn er eins konar blanda af litlum þriggja dyra sportbíl og jeppa, og er ætlað að sameina bestu þætti beggja heima. Innblástur að ytra byrði bílsins er fenginn úr heimi skordýra, nánar tiltekið frá ytri skel þeirra, og mynda þrjú „rif“ öryggisgrind utan um farþega.

Rifin, ásamt léreftsblæjunni (sem er algjörlega handvirk) og utanáliggjandi húddlæsingum, vísa til frönsku braggabílanna samkvæmt hönnuðum bílsins.

Bíllinn er búinn nýjustu kynslóðinni af ESP-stöðugleikastýringu, sjálfvirkum skriðstilli, 20″ teflónhúðuðum álfelgum, tvöföldu krómpústi, þráðlausu internetsambandi (sem er frábært ef maður vill skrifa tölvupóst á Miklubrautinni) og innbyggðu DVD-afþreyingarkerfi. Bíllinn er fjórhjóladrifinn með 3 lítra 236 hestafla V6 CRDi-dísilvél.


Pólýhúðun

Pólýhúðum allt frá hillum upp
í utanhússklæðningar.
Pólýhúðun er sterk, hagkvæm og umhverfisvæn.

Pólýhúðun
Powder coating
Smiðjuvegi 1 • s. 544-5700 • www.polyhudun.is



LEGACY SUBARU

JÓNSSON & LE'MACKS • SÍA Ljósm.: Torfi

Subaru er á sérlega góðu verði þessa dagana og að sjálfsögðu fylgja frí vetrardekk með. Komdu og reynsluaktu Subaru í dag!

Sedan verð frá **2.490.000,-** Wagon verð frá **2.640.000,-** Cross Wagon verð frá **2.760.000,-**

www.subaru.is

## Jeppi tekinn á leigu

HÆGT ER AÐ NÁLGAST JEPPA Á FLESTUM BÍLALEIGUM.

Ekki þarf að eiga jeppa til að geta notið þeirra. Sumir hafa ekki efni á slíkum farkosti á meðan aðrir hafa einungis not fyrir þá einu sinni á ári.

Hægt er að leigja jeppa á flestum bílaleigum. Kostnaðurinn er mismunandi en miðað við ótakmarkaðan akstur (því enginn tekur jeppa á leigu til að keyra minna en 100 km) og kaskótryggingu (því ef maður hefur ekki efni á jeppa hefur maður ekki efni á að rústa einn í eigu annarra) er kostnaðurinn á bilinu 5.500 kr. dagurinn og upp í 22.000 kr.

Eðlilega fer verð jeppanna eftir stærð og gæðum þeirra. Ódýrast er að leigja jeppling eða lítinn jeppa og svo hækkar verðið eftir því sem bíllinn stækkar. Bestu kjörin eru hjá Budget þar sem hægt er að fá stóra jepplinga á 5.500 kr. daginn en þá verður maður að vera heppinn því ekki er hægt að panta ákveðna jeppategund fyrirfram.

Hjá Hertz kostar Toyota Land Cruiser 90 15.800 kr. dagurinn, en vilji maður fá stóra bróður snýr maður sér til Avis. Land Cruiser 100 kostar þar öðru hvoru megin við 20.000, eftir því hversu lengi hann er leigður.

Ef leggja á út í stórræði er Höldur ef til vill besti staðurinn. Þar er hægt að fá Land Rover Defender fyrir 22.000 kr.

Hún tók sig vel út á Rauðavatni, fyrsta útgáfan af breyttum Nissan Navarra. Ýmsu þurfti að breyta og til að mynda er hann kominn með nýtt drif að framan.

# Breyttir bílar í Kasakstan

Arctic Trucks breytir bílum bæði fyrir heimamarkað og hinn stóra heim.

Flestir tengja fyrirtækið Arctic Trucks við breytta jeppa í fjallaferðum á hálendi Íslands. Þetta er vissulega sá grunnur sem fyrirtækið byggir á en það sem færri vita er að starfsemin er mun víðfeðmari. Svo víðfeðm reyndar að bílar breyttir af Arctic Truck keyra nú meðfram risavöxnum olíuleiðslum á sléttum Kasakstans. „Við höfum breytt bílum fyrir ýmsa aðila sem flestir nota þá sem björgunartæki," segir Loftur Ágústsson, markaðsstjóri Arctic Trucks. „Þar með talið olíufyrirtæki í Kasakstan og norski herinn svo eitthvað sé nefnt."

Farartækjum fyrir erlend fyrirtæki og stofnanir er flestum breytt í Noregi þar sem Arctic Trucks eru með verkstæði. „Það er ódýrara að vinna bílana þar en hér, þó að Noregur sé langt í frá ódýrasta landið til að gera svona hluti," segir Loftur og hlær. „Þar er líka skriffinnskan mun auðveldari og einfaldara að athafna sig."

Hérlendis felst starfsemin fyrst og fremst í breytingum á jeppum fyrir almenning. „Það er mjög mismunandi hvað fólk er að biðja um," segir Loftur. „Sumir eru að leita að tækjum til að fara á fjöll í alvöru ferðir, á meðan aðrir vilja líta vel út. Við reynum að hvetja fólk eftir megni að nota jeppana í ferðalög því það er ekkert fallegra, í raun ekkert sem kemst í hálfkvist við það, að sjá yfir snævi þakið landið í góðu skyggni frá fjallstindi."

Stöðugt er verið að bæta aðferðirnar sem notaðar eru við breytingar á bílum. Menn reyna nýja hluti sem annaðhvort ganga upp eða ekki, og þegar nýir bílar koma á sjónarsviðið eru bifvélavirkjarnir hjá Arctic Trucks ekki lengi að byrja að úthugsa hvernig best sé að hækka þá. Nýjasta dæmið er 38″ breyting fyrir Nissan Navarra pickup jeppann sem kynntur var á síðasta ári. Það þarf ekki að koma á óvart að þessi bíll hafi orðið fyrir valinu því á fyrsta söluári hans seldust alls 220 bílar. Ýmsu er búið að breyta en af öðru ólöstuðu virðist framdrifið hafa verið erfiðasta viðfangsefnið að leysa. Upprunalega framdrifið var ekki talið nægjanlega sterkt fyrir 38″ dekk og því var gripið til þess ráðs að skipta framdrifinu alveg út fyrir nýtt drif sem er af gerðinni Dana44, sömu gerðar og afturdrifið. Þessi lausn er ekki sú einfaldasta en hún er aftur á móti ein sú sterkasta.

„Það eru alltaf einhver vandamál sem þarf að leysa," segir Loftur Ágústsson. „Svoleiðis er bara jeppamennskan. Vandamál sem menn leysa í sameiningu til að komast á áfangastaðinn." *- tg*

Arctic Trucks er með verkstæði bæði hérlendis og í Noregi. Fréttablaðið/Heiða

VÍKURVAGNAKERRURNAR
ÞESSAR STERKU

Allar gerðir af kerrum
Allir hlutir til kerrusmíða
VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

# Ljós í myrkri

**25% afsláttur**
Á LJÓSKÖSTURUM
[+2 ÁRA ÁBYRGÐ]

**NS2BB // Þokuljós**
Halogen, blá (2 stk)
Verð: 5.175.-

**NS4BB // Þokuljós**
Halogen, blá (2 stk)
Verð: 4.425.-

**NS21BB // Þokuljós**
Halogen, blá (2 stk)
Verð: 4.425.-

**NS29SB // Ökuljós**
Halogen m/díóðum
blá (2 stk). Verð: 7.425.-

**NS34BB // Ökuljós**
Halogen, blá (2 stk)
Verð: 7.425.-

**NS880SB // Ökuljós**
Halogen, blá (2 stk)
Verð: 14.925.-

**NS907SSB // Ökuljós**
Halogen m/díóðum
blá (2 stk). Verð: 14.925.-

**NS2100BC // Ökuljós**
Halogen, glær (1stk)
Verð: 5.175.-

**NS2015BC // Ökuljós**
Halogen, blá (2 stk)
Verð: 5.175.-

Skeifan 11, 108 Reykjavík // Bíldshöfði 12, 110 Reykjavík //
Smiðjuvegur 68, 200 Kópavogur // Dalshraun 13, 220 Hafnarfjörður
// Draupnisgata 1, 600 Akureyri // Eyrarvegur 29, 800 Selfoss //
**Upplýsingar í síma 520 8000 // www.stilling.is // stilling@stilling.is**

Stilling

# Það borgar sig að halda kyrru fyrir í bílnum

Að mörgu þarf að huga áður en haldið er á fjöll og gott að vera við öllu búinn.

Sigurlaugur Þorsteinsson er vanur jeppamaður. Hann hefur einnig starfað innan björgunarsveitanna og veit því vel hvernig best er að búast til jeppaferða. Hann segir að ef óhöpp verði borgi sig að halda kyrru fyrir því björgunarsveitir finni bíla mun fyrr en fólk á gangi.

„Númer eitt, tvö og þrjú er að gæta að því að bíllinn sé í góðu standi en vera með auka nesti, svefnpoka og góða kuldagalla meðferðis því maður veit aldrei í hverju maður getur lent," segir Sigurlaugur, sem hefur mikla reynslu af fjallaferðum.

„Góðir dráttarspottar eru mikilvægir og einnig er gott að hafa loftdælu til að blása í dekk og helstu varahluti meðferðis, svo sem viftureim og olíu. Réttur útbúnaður getur skipt sköpum ef upp koma óhöpp á fjöllum." Sigurlaugur segir einnig mjög mikilvægt að fólk hafi góð samskiptatæki meðferðis þannig að hægt sé að láta vita af sér ef eitthvað komi upp á.

„NMT-símar eða talstöðvar koma að góðum notum, en GSM-símar duga sjaldnast í svona ferðum."

Sigurlaugur segir að ef fólk lendi í óhöppum á fjöllum sé mikilvægt að halda kyrru fyrir í bílnum. „Það eru miklu meiri líkur á að bíllinn finnist en fólk á gangi. Ef fólkið er farið úr bílnum getur það þýtt mikla leit og skapar óþarfa hættu. Það borgar sig því að vera í bílnum og hita hann reglulega upp með því að gangsetja hann. Það þarf þó að gæta að því að láta hann ganga það lengi í hvert skipti að geymirinn tæmi sig ekki." - öhö

Björgunarsveitarmenn eiga mun auðveldara með að finna bíl í byl en staka manneskju.

*Ert þú leið(ur) á að skipta um perur?*

**DÍÓÐULJÓSIN FRÁ OKKUR ERU:**

ORKUSPARANDI
ÓBRJÓTANDI
10.000 KLST. ÁBYRGÐ
PASSA FYRIR ALLAR
GERÐIR VÖRU- OG
FLUTNINGABÍLA

et ehf VERSLUN
Klettagarðar 11, 104 Reykjavík
Sími 568 1580 • Fax 568 0844

*Ljósin frá okkur geta lýst leið þína lengi lengi ...*

**TRUCK - LITE**

**Ljósasamlokurnar frá okkur eru:**

ÓBRJÓTANDI
HÖGGÞOLNAR
ENDAST OG ENDAST

# ÚTSALA

## SKÍÐAFATNAÐUR

Gönguskíði
**50%**
afsláttur

Húfur
**30%**
afsláttur

Skíða- og snjóbretta-hjálmar
**30%**
afsláttur

Skíða-hanskar frá **500**

**Scott skíðaúlpa**
~~22.600~~ 6.900

**Dynastar Classic snjóbrettaskór**
~~15.900~~ – 7.950

**Be-zo barna-skíðagalli**
~~8.990~~ 2.990

**Dynastar Agyl skíði**
~~14.800~~ – 7.400

**Scott barnaúlpa**
~~12.900~~ 4.900

**Nitro Voltage snjóbretti**
~~29.130~~ – 20.391

**Lange RRS 80 skíðaskór**
~~26.900~~ – 9.900

**Sin Team barnasnjóbretti**
~~16.900~~ 10.140

MARKIÐ

www.markid.is • sími 553 5320 • Ármúla 40

PIPAR • SÍA • 70121

Björn Hlynur stendur stoltur við Wrangler-inn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Á kolsvörtum kagga í snjónum

Leikarinn Björn Hlynur Haraldsson keyrir um á kolsvörtum Wrangler og hefur vakið talsverða athygli á götum borgarinnar. Hann segist ekki vera bílasjúklingur en er ánægður með farartækið sitt.

Leikarinn Björn Hlynur Haraldsson er meðal fremstu leikara þjóðarinnar í dag. Hann er einn af stofnendum leikhúshópsins Vesturports og hefur sýnt færni sína bæði á sviði og á hvíta tjaldinu. Farartækið sem hann ekur á er ekki af verri endanum en það er kolsvartur Wrangler sem hefur verið að gera góða hluti síðustu vikurnar þegar snjóþyngslin á höfuðborgarsvæðinu hafa verið sem mest.

„Það er mjög stórt stökk að fara yfir á svona jeppa, sérstaklega núna þegar snjórinn er svona mikill þá er þetta alveg frábært. Maður kemst allt sem maður vill. Maður hefur bara átt einhverjar japanskar tíkur og þarf því að venjast því aðeins hvað þessi eyðir miklu," sagði Björn Hlynur, sem fann þennan Wrangler á Egilsstöðum.

„Ég hef aldrei verið mikill jeppakall en alltaf þó verið veikur fyrir þessari tegund, hún hefur alltaf verið í uppáhaldi hjá mér. Svo var ég á ferðalagi í sumar og keyrði framhjá bílasölu á Egilsstöðum. Ég er ekki alveg týpan sem er alltaf á bílasölum en ég sá þennan kolsvarta Wrangler og ég bara keypti hann. Frændi minn sem er einnig mikill Wrangler-aðdáandi fór austur og sótti hann fyrir mig," sagði Björn, sem hefur þó ekki farið í nein sérstök ferðalög á jeppanum.

„Ég veit nú ekki hvort þetta sé beint eitthvað hálendistæki en hann virkar vel í sköflunum hér í borginni. Það er gaman að vera ánægður með bílinn sinn, maður þarf ekki að vera einhver bílasjúklingur til þess," sagði Björn Hlynur Haraldsson að lokum. *- egm*


www.volvo.is

VOLVO S40 VOLVO V50 VOLVO S60 VOLVO V70 VOLVO C70 VOLVO S80 VOLVO XC70 VOLVO XC90

VELDU VOLVO S40. FALLEG STÆRÐFRÆÐI.

Volvo S40 er hátækni. Gott dæmi um fallega stærðfræði og verkfræðilega snilld. Fullur af orku. Búinn fádæma aksturseiginleikum. Þú finnur ekki fyrir hreyfingu Volvo S40 á jöfnum hraða. Aðeins fyrir veginum. Afstætt lögmál. Þú sérð umhverfið líða framhjá; hefur kannski á tilfinningunni að bíllinn sé kyrr og jörðin á hreyfingu. Draumabíll.

Reynsluaktu draumabíl bílablaðamanns Morgunblaðsins: „Volvo hefur nefnilega tekist það sem margir hafa áður reynt og flestir án árangurs; að smíða gæðabíl án þess að slá nokkuð af kröfunum en um leið að stilla verðinu í hóf." Komdu í Brimborg. Skoðaðu fallegt dæmi um áratuga umhyggju Volvo fyrir öryggi fjölskyldunnar. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo.

## Verkfræðileg snilld einkennir Volvo S40

Berðu saman verð og gæði. Berðu saman staðalbúnað Volvo S40 við staðalbúnað í öðrum lúxusbílum. Þú finnur WHIPS bakhnykksvörn, SIPS hliðarárekstrarvarnarkerfi og spólvörn með stöðugleikastýringu í Volvo S40. Einnig ABS hemlakerfi með EBD hemlajöfnun, 4 loftpúða auk hliðarloftpúða, tölvustýrða loftkælingu með hitastýringu, hágæða hljómflutningstæki með 8 hátölurum, rafdrifnar rúður, upphituð sæti, 16" álfelgur og margt fleira. Sjö hátæknivélar standa þér til boða. Bensín eða dísil. Komdu í Brimborg.

EuroNCAP öryggisstofnunin verðlaunaði Volvo S40 með bestu einkunn (5 stjörnur), sama gerði US NCAP. Breska bílablaðið Auto Express mat Volvo S40 sem besta bílinn í sínum flokki lúxusbíla; betri en BMW 3 series og Jaguar X-type. Volvo S40 er besti kosturinn að mati bandaríska vegaöryggiseftirlitsins (IIHS) og sænska tryggingafélagið Folksam verðlaunaði Volvo S40 fyrir að vera með bestu háls- og bakhnykksvörnina. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo!

Komdu í Brimborg. Spurðu söluráðgjafa Volvo á Íslandi um verð og gæði. Við gerum þér gott tilboð um staðgreiðsluverð fyrir gamla bílinn.

*Finndu fegurðina sem býr í gæðum einfaldleikans. Skoðaðu nýtt stjórnborðið sem ekki átti að vera hægt að framleiða.*

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.volvo.is

Volvo S40 bensín. Verð frá 2.695.000 kr.*
Volvo S40 dísil. Verð frá 2.895.000 kr.*

* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara, að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

# Hágæða vörur á góðu verði

## auka- og varahlutir fyrir vinnuvélar, tæki og trukka

NÝTT NÝTT

**VARÚÐARLJÓS • LJÓSKASTARAR • DÍÓÐULJÓS • KELSA LJÓSAGRINDUR Á FLESTA VÖRUBÍLA**

aldrei að skafa

## Webasto olíumiðstöðvar

Þú hitar bílinn áður en þú ferð út í kuldan og þarft aldrei að skafa!

Webasto Feel the drive

**Parlok vörubílabretti úr polyethylen**

PARLOK

**SV vörubílademparar**
**viðhaldsfríir - mjög sterkir**

SV

## Ryðfríir kassar

margar gerðir
frábært verð

NÝTT **Holland dráttarstólar 25 og 36 tonna • Undirvagnsvarnir með ljósum** NÝTT

Webasto olíumiðstöðvar Parlok vörubílabretti
Varúðarljós, ljóskastarar, díóðuljós Be-Ge vörubíla
og vinnuvélastólar **BAWER** ryðfríir kassar fyrir vörubíla

## Bílasmiðurinn hf

Bíldshöfða 16 | 567 2330

VOLVO

Volvo. For life.

*Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú litir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!*

**SÉRPANTANIR VOLVO**

Kynntu þér Sérpantanaþjónustu Volvo hjá Brimborg. Gerðu hagstæðari kaup og sérhannaðu þinn eigin Volvo.

brimborg

***Öruggur staður til að vera á***

Brimborg Reykjavík:
Bíldshöfða 6, sími 515 7000
Brimborg Akureyri:
Tryggvabraut 5, sími 462 2700
www.volvo.is

Fiat Panda

Bíll ársins í Evrópu 2004

# Lipur og spræk Panda

PI PAR • SÍA • 70084

- Sparneytinn – eyðir undir 6 lítrum á hverja 100 km.
- Stór að innan svo það fer vel um alla í bílnum.
- Frábær í bæjarsnúningana – „city“-hnappurinn léttir stýrið sem auðveldar þér að leggja í stæði o.þ.h.
- Fáanlegur 4x4.

## Verð frá 1.290 þús.

Fiat Ducato

Fiat Dobló

Fiat Punto

Fiat Multipla

Fiat Croma

Saga er umboðsaðili fyrir Alfa Romeo, Ducati, Ferrari, Fiat og Maserati

**Opið:**
virka daga frá 8–18
laugardaga frá 12–16

SAGA

Malarhöfða 2a • 110 Reykjavík
Sími 570 9900 • www.fiat.is

# allt - sem þig vantar

[ ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is ]

**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22**

**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

**AFGREIÐSLAN ER OPIN:**
**VIRKA DAGA 8–18**
**UM HELGAR 11–16**


INGVAR HELGASON
NOTAÐIR BÍLAR

Mikið úrval af notuðum bílum á ótrúlegu verði. Líttu við og gerðu góð kaup.

Snyrtilegan eiganda og enga glanna fyrir mig, takk!



ALLT AÐ 100% LÁN!

Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 | Keflavík Sími 421 8808 | Akureyri Sími 464 7940 | www.ih.is

TV125 Opel Astra 1.6GL nýskr.10/03 bs. Ek. 56 þús.km. Verð 1.220.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

YB269 Mitsubishi Pajero 32" nýskr.12/05 ssk. Ek.11 þús.km. Verð 5.080.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

OX788 Opel Astra 1.6GL nýskr.07/04 ssk. Ek.43 þús.km. Verð 1.350.000. Tilboð 1.180.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

MH832 Nissan Navara SE 33" nýskr.12/06 ssk. Ek.11 þús.km. Verð 4.140.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

RU731 HondaCR-V EXE nýskr.06/05 ssk. Ek.25 þús.km. Verð 2.880.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

PZ191 Nissan Almera Acenta nýskr.05/05 bs. Ek.18 þús.km. Verð 1.560.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

TM436 Opel Combo C Van nýskr.10/03 bs., ek.40 þús.km. Verð 1.060.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

UI156 Opel Vectra Elegance 1.8 nýskr.10/03 ssk. Ek.42 þús.km. Verð 1.750.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

VN266 Nissan Almera Visia nýskr.06/03 bs. Ek.60 þús.km. Verð 1.060.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

TO646 Opel Zafira Comfort nýskr.11/03 bs. Ek.82 þús.km. Verð 1.480.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

ZR367 Subaru B9 Tribeca nýskr.09/05 ssk. Ek.10 þús.km. Verð 4.290.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

SS143 Nissan 350Z nýskr.05/05 bs. Ek.6 þús.km. Verð 4.200.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

NI961 Nissan Micra Visia nýskr.02/05 bs. Ek.17 þús.km. Verð 1.410.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

YX321 Nissan Pathfinder 2.5 SE nýskr.12/05 ssk. Ek.23 þús.km. Verð 4.390.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

VG659 Toyota Avensis 2.0 nýskr.12/05 bs. Ek. 28 þús. km. Verð 2.920.000. Tilboð 2.780.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

LL847 Subaru Legacy Wagon nýskr.10/04 ssk. Ek.52 þús.km. Verð 1.930.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

RY562 Subaru Legacy Wagon luxury Plús nýskr.05/05 ssk. Ek.41 þús.km. Verð 2.430.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

VN668 Nissan X-Trail Sport nýskr.02/05 ssk. Ek.43 þús.km. Verð 2.360.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

DK260 Subaru Legacy Wagon nýskr.10/02 ssk. Ek.138 þús.km. Verð 1.130.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

NV187 Opel Vectra Elegance nýskr.11/05 bs. Ek.22 þús.km. Verð 1.830.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

DN355 Nissan Primera Acenta nýskr. 06/03 ssk. Ek.28 þús.km. Verð 1.470.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

RH239 Subaru Impreza GX nýskr.10/03 ssk. Ek.91 þús.km. Verð 1.350.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

RE527 Subaru legacy Wagon luxury nýskr.09/05 ssk. Ek.37 þús.km. Verð 2.590.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

UM046 Hyundai Getz nýskr.03/05 bs. Ek.16 þús.km. Verð 1.170.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

LK908 Ford Focus High series nýskr.04/00 bs. Ek.120 þús.km. Verð 740.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

SL379 Nissan Almera Comfort nýskr.02/03 bs. Ek.67 þús.km. Verð 1.050.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

PS126 Nissan Patrol Luxury 33" nýskr.09/05 bs. Ek.27 þús.km. Verð 4.180.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

OF765 Mercedes Benz 230 Kompressor nýskr.06/05 ssk. Ek.26 þús.km. Verð 3.580.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

LS466 Subaru Legacy Wagon nýskr.12/96 ssk. Ek.172 þús.km. Verð 580.000.Tilboð 420.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

MK270 Toyota Avensis 1.8 nýskr.07/05 ssk. Ek.39 þús.km. Verð 2.380.000. Tilboð 2.180.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

NK424 Cadillac Escalade nýskr.11/02 ssk. Ek.120 þús.km. Verð 3.980.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

NO901 Hyundai Santa Fe nýskr.07/03 ssk. Ek.86 þús.km. Verð 2.130.000. Tilboð 1.880.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

YZ285 Volkswagen Polo nýskr.03/99 bs. Ek.125 þús.km. Verð 470.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

TB596 Saab 9-3 1.8 Linear nýskr.01/06 bs. Ek.14 þús.km. Verð 2.380.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

NH737 Opel Zafira Comfort 1.8 nýskr.10/00 ssk. Ek.93 þús.km. Verð 1.070.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

VF174 Nissan Double Cab E 38" nýskr.09/03 bs. Ek.116 þús.km. Verð 2.380.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.

# TOPPBÍLAR

Citroen XSARA Picasso 1.8 16V, árgerð 2001, ekinn 80 þ.km, bensín, 5 gírar, verð 990.000. Rnr. 995389.

Daewoo Lanos S, árgerð 1999, ekinn 78 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 400.000. Rnr. 995166.

Fiat Palio Weekend 75, árgerð 1999, ekinn 169 þ.km, bensín, 5 gírar, verð 520.000. Rnr. 995617.

Ford Focus S/D Ambiente High Series, árgerð 1999, ekinn 91 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 700.000. Rnr. 995415.

Mazda 323 S/D LX, árgerð 1995, ekinn 116 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 290.000. Rnr. 230244.

MMC Lancer W/G GLXI, árgerð 1997, ekinn 125 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 450.000. Rnr. 995479.

MMC Lancer W/G GLXI, árgerð 1998, ekinn 92 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 530.000. Rnr. 995478.

Peugeot 206 XR Présence, árgerð 1999, ekinn 112 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 490.000. Rnr. 995423.

Renault Clio RN H/B, árgerð 2001, ekinn 83 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 550.000. Rnr. 240388.

Renault Clio RN H/B, árgerð 2003, ekinn 54 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 890.000. Rnr. 250004.

Renault Kangoo W/G sendibíll, árgerð 1998, ekinn 130 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 380.000. Rnr. 995751.

Renault Twingo H/B, árgerð 1998, ekinn 97 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 280.000. Rnr. 240445.

Toyota Corolla, árgerð 2001, ekinn 102 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 690.000. Rnr. 240529.

Toyota Corolla 1,4 VVTI, árgerð 2003, ekinn 70 þ. km, bensín, 5 gírar. Verð 1290.000. Rnr. 240598.

Toyota Corolla 1,4 VVTI, árgerð 2005, ekinn 42 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 1560.000. Rnr. 115920.

Toyota Corolla 1,4 VVTI, árgerð 2005, ekinn 53 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 1450.000. Rnr. 240405.

Toyota Corolla 1,4 VVTI, árgerð 2005, ekinn 59 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 1490.000. Rnr. 240530.

Toyota Corolla 1,6 VVTI Sport, árgerð 2004, ekinn 28 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 1650.000. Rnr. 201517.

Toyota Corolla S/D Terra, árgerð 2000, ekinn 123 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 650.000. Rnr. 995767.

Toyota Corolla XLI, árgerð 1997, ekinn 170 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 420.000. Rnr. 240180.

Toyota Corolla XLI S/D, árgerð 1997, ekinn 175 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 390.000. Rnr. 995460.

VW Golf GL, árgerð 1998, ekinn 106 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 350.000. Rnr. 230235.

VW Golf H/B CL, árgerð 1998, ekinn 99 þ.km, Bensín, 5 gírar. Verð 560.000. Rnr. 995320.

VW Golf H/B NEW, árgerð 2001, ekinn 77 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 770.000. Rnr. 995647.

VW Polo, árgerð 1998, ekinn 80 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 390.000. Rnr. 995512.

VW Polo, árgerð 1999, ekinn 90 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 450.000. Rnr. 995332.

VW Polo, árgerð 1999, ekinn 76 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 500.000. Rnr. 995333.

VW Polo H/B m/vökvast., árgerð 1998, ekinn 88 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 390.000. Rnr. 995649.

Toyota Yaris Terra, árgerð 2005, ekinn 61 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 1080.000. Rnr. 115921.

Toyota Yaris Terra, árgerð 2005, ekinn 60 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 1190.000. Rnr. 210330.

Toyota Yaris Terra, árgerð 2005, ekinn 54 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 1230.000. Rnr. 210331.

Toyota Yaris Terra, árgerð 2005, ekinn 57 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 1290.000. Rnr. 240490.

Toyota Yaris Terra, árgerð 2005, ekinn 29 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 1330.000. Rnr. 210329.

Toyota Yaris Terra, árgerð 2005, ekinn 25 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 1390.000. Rnr. 240482.

Toyota Yaris Terra árgerð 2006, ekinn 9 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 1460.000. Rnr. 240599.

Ford Focus Ambiente, árgerð 2003, ekinn 55 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 1050.000. Rnr. 230140.

TM BÍLALÁN
TOPPBÍLAR bílasala
Kletthálsi 2 – 110 Reykjavík Sími 587 2000
Opið virka daga 10-18 • Laugardaga 12-16 •Sunnudaga lokað • www.toppbilar.is

# BÍLAR & FARARTÆKI

Bílamarkaðurinn
Smiðjuvegi 46E
567-1800
Löggild bílasala

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

100 bílar bílasala 100bílar.is

Dodge DURANGO SLT 5,7 HEMI, árg. 2004, ek. 78 þús.km, Verð 3390 þús.kr, áhv. 2900 þús. kr.

**100 bílar ehf**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-19 og laugardaga 12-17**
**www.100bilar.is**

HEIMSBÍLAR www.heimsbilar.is

Jeep Wrangler, árg. 2004 ek. 8.þ mílur 5 gíra 4000cc V6 Verð 2.390.þús Áhv. 1.800.þús Getum bætt bílum á plan og skrá. S. 567 4000.

JEEP GRAND CHEROKEE LAREDO Árg 11/2003 ek 49.þ km 2WD/4WD Kassi, Fallegur Bíll Verð 2.290.þús Áhv 1.400. þús Getum bætt bílum á plan og skrá. S: 5674000

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 4000**
**www.heimsbilar.is**

## Bílar til sölu

Góður fjölsk.bíll. Nissan Alm. árg. 2000. Nýsk. 2008. S- & V-dekk. V. 494 þús. S. 899 3267.

Nissan Patrol Elegans árg. '05 ek. 27 þús. km. Ssk., leður og lúga, aðgerðarstýru, dráttarkr. 5 manna. Verð 4,290, ath skipti á ódýrari. Uppl. í s. 824 2884.

**Ekkert út og 16 þ. pr. mán**
Renault Clio RN, árg '03, ek.83 þ.,1200 vél, Sk. '08, ásett 850 þ.,100% lán 780 þ. S. 661 8197.

**Gullfallegur og góður á súperkjörum**
Renault Laguna,11/01,1600, 5 gíra, Sk. '07, ek.91 þ. Ásett 1130 þ. 100% lán 1025 þ. S. 661 8185.

**Mjög gott eintak af passat !! Auðveld Kaup**
VW Passat Trend, árg. 09/00, ek.103Þ þ.1600, sk. '07. Ásett 1.030 þ. Fæst á láni 900 þ. S. 897 2425.

**Algjör Gullmoli !!!!!!**
Nissan Micra, árg. '05, ek. 8 þ.,5 gíra, abs, cd, sk. '08. Ásett 1.470 þ.100% lán 1.39 þ. S. 820 0151.

**Nýr bíll til sölu**
Hilux D/C 3.0 diesel, sjálfskiptur, 33" breyttur filmur, húddhlíf heitklæðning á pall, krómgrind á palli, kastaragrind + kastarar, krókur. Flottur bíll! Ath. skipti. Uppl. í síma 861 7600.

Toyota excab '92. Ek 182 þús. V6 bensín. 38". Þarfnast smá viðhalds. Verð 500 þús. Uppl. í síma 692 2429.

Nissan Micra, árg. '99, 5 dyra, ek. 107 km. Með cd, útvarp, mjög vel með farin. Verð 350 þ. Uppl. í s. 696 7267.

## 0-250 þús.

Til sölu er Nissan Almera 1.6 slx „98 5 dyra, beinskipt. ekinn 162 þús. CD, rafmagn í rúðum/speglum. Fjarstúrðar samlæsingar. Airbag. ABS. Listaverð 380 þús. Fæst á 250 þús stgr, vegna smá galla í lakki á húddi. Sumar/ vetrardekk. uppl i s 848 0944

Til sölu Mitsubishi Lancer station. Árg. '99, beinskiptur, skoðaður '07, kúla, ný tímareim. Góður bíll. Til sýnis að Reykjavegi 65, Mosfellsbæ. Verð 250þ. eða tilboð. S. 860 3574.

VW Polo árg „96. 3 dyra. 1.4 L. Beinsk., ekinn 146 þús., rauður. Sk '07., álfelgur, ný vetrard. Verð 170 þús. Uppl. í s. 892 7852.

Til sölu MMC Pajero jeppi, vínrauður, árg '91. Nýskoðaður, upphækaður á 33" dekkjum, verð 100 þús. Ek. 225 þús. Uppl. í s. 864 8459.

Góður Volvo 460, 2.0., árg. '97, keyrður 96.000. Verð 200-250 þús. Tilboð óskast. s. 892 9592.

Daihatsu '97. Skoðaður '07. Sumar og vetrard. Nýtt útvarp. K. um 200 þús. í ágætis standi. Verð 50 þ. S. 660 3320.

Rauður Ford Escort '97, ek. 214 þús., 5 dyra, station, v&s-dekk. S. 863 5228.

## 250-499 þús.

vw Golf '98 cli ek. 159þ. Nýskipt um bremsur, púst, stýrisendar, gírkassa. Áhv.220þ. fæst á yfirtöku á láni og 200þ. S. 865 9616.

Til sölu Renault Senic árg. '00, sumar-og vetrardekk fylgja. Bíll í toppstandi, fæst á góðu verði. Uppl. í síma 893 4644.

## 2 milljónir +

MMC pajero s. Árg. '02. Dísel, ek. 85þ. Einn með öllu. Uppl í s. 848 2996.

Subaru Forester '06 ek 6þ. ssk., með öllu. Ásett 2.790þ. Tilboð óskast, uppl. í s. 695 2031.

Opel Astra OPC 2006- 240hp - Silfurlitaður ekinn 8000 km - til sölu vegna flutninga - Yfirtaka á láni (1.970.000 - 31.000 á mán) og 250.000kr. Uppl í síma 615 0852.

## Bílar óskast

Óska eftir bíl á 0-100 þús., ekki eldri en árg. '95, má þarfnast lagfæringar. Uppl. í s. 691 9374.

## Jeppar

Toyota Hilux 1992 ek. 230 þ. km. Breyttur fyrir 35" er á 33" nýjum dekkjum, kastarar að framan og aftan, nýr vatnskassi og yfirfarin vél. ný VHS talstöð , nmt sími og dvd . Klár í ferðina. Tilboð 490 þús staðgr. Verður að seljast. Uppl. 897 4583.

## Pallbílar

**Pallbíll ársins!**
MotorTrend hefur útnefnt nýja Chevrolet Silverado 2007 pallbíl ársins! Fæst með 8cyl Hybrid vél. Forstjóri Toyota segir Hybrid bíla „mun haghvæmari en dísel". Islandus.com kynnir HYBRID fólksbíla, jeppa og pallbíla frá helstu framleiðendum. Öflugar umhverfisvænar vélar sem brenna allt að 40% minna eldsneyti! Íslensk stjórnvöld veita Kr. 300.000 afslátt af tollum/VSK. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com

**Hybrid í stað Dísel!**
Forstjóri Toyota segir Hybrid bíla „mun haghvæmari en dísel". Islandus.com kynnir HYBRID fólksbíla, jeppa og pallbíla frá helstu framleiðendum. Öflugar umhverfisvænar vélar sem brenna allt að 40% minna eldsneyti! Íslensk stjórnvöld veita Kr. 300.000 afslátt af tollum/VSK. Hjá Islandus.com færðu hagstæðasta innkaupsverðið frá USA og bílinn heim í flugi með Icelandair. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! T.d. Toyota Camry frá Kr. 3.450.000. Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com

**7,5 l/100 innanbæjar!**
Forstjóri Toyota segir Hybrid bíla „mun haghvæmari en dísel". Islandus.com kynnir HYBRID fólksbíla, jeppa og pallbíla frá helstu framleiðendum. Öflugar umhverfisvænar vélar sem brenna allt að 40% minna eldsneyti! Íslensk stjórnvöld veita Kr. 300.000 afslátt af tollum/VSK. Hjá Islandus.com færðu hagstæðasta innkaupsverðið frá USA og bílinn heim í flugi með Icelandair. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! T.d. Toyota Highlander lúxusjeppi 208 hestöfl frá Kr. 4.390.000. Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com

Bílamarkaðurinn
www.bilamarkadurinn.is
Smiðjuvegur 46-e
s: 567-1800

EINN MEÐ ÖLLU
AUDI A 4 3,0 QUATTRO 06/02
Ek.65 þ.km. Tilboð kr.200,-
útb.+ yfirtaka á láni

Power moli !!!! 405 HÖ
BMW M5 SHADOWLINE 03/02
Ek 100 þ.km. 6 gíra Gott lán getur fylgt

Annar Powermoli m/ Öllu
BMW M5 04/00 Ek.104 þ.km
6 Gíra. V.3890,- Lán 2800,-

VW BEETLE 1.6 BASICLINE
10/01 Ek.89 þ.km. V.1,190,-
Lán.1,000,-

JEEP GRAND CHEROKEE
LAREDO 3,7 NEW 2005
Ek.42 þ.km V.3450,- Lán
1700,- 30 Þ.pr.mán



Einn Svartur með ÖLLU
FORD F 150 LARIAT 2006
Ek.31þ.km Dr.beisli, Króm-
felgur, CD.magazýn o.fl

Topp Sjálfskiptur jeppi
ISUZU TROOPER 3.0 TDI 35"
09/00 Ek.114 þ.km Gott lán
getur fylgt

CADILLAC ESCALADE 7 MANNA
DVD 05/04 Ek.49þ.km
Innfluttur Nýr Einn með öllu,
Gott lán getur fylgt, Skipti
ódýrari S/V.Dekk

DÍESEL LÚXUSVAGN M/Öllu
BMW 740 DISEL E-65 10/02
EK.93 Þ.km. HÁTT OG GOTT LÁN
GETUR FYLGT. Skipti ódýrari

***Getum útvegað allar gerðir lúxusbíla á örugglega langbesta verðinu!!***

***Opnunartími: Mánudaga-Föstudaga 10:00 -19:00.***
***Laugard. 10:00 - 17:00***
***Sunnud. 13:00 - 17:00***

Skoðið myndirnar á www.bilamarkadurinn.is

### Útsala - Útsala - Útsala!

Stórútsölur bílaframleiðenda. Allt að Kr. 500,000 afsláttur á nýjum bílum. Bílinn heim í flugi með Icelandair. Nokkur dæmi á 2006-2007 bílum: Jeep Grand Cherokee frá 2.450, Ford Explorer frá 2.690, Porsche Cayenne frá 5.990, Toyota Tacoma frá 1.990, Ford F150 frá 1.990, Toyota Fjcruiser torfærujeppi frá 3.390. Nýr 2007 Benz ML320 Dísel! Þú finnur hvergi lægra verð. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com

## Húsbílar

Til sölu Hobby Prestige gerð 680 árg. 91 hjólhýsi, staðsett á Laugarvatni. Á sama stað húsbíll Miller Ontario árg. '06. Uppl. í s. 895 5462.

## Mótorhjól

### Götuskráð Pit Bike

Götuskráð Pit Bike. 50cc skellinaðra kr. 169.000. 125cc, kr. 199.000. Auka felgur með kubbadekkjum fylgir með. Masai umboðið. Kaplahrauni 1. Hafnafirði. S 565 1725. www.masai.is

## Vélsleðar

Polaris XC-800 árgerð 2001, nelgt belti, brúsagrind, farangurspokar. Algjör gullmoli. Ekinn aðeins 1.500 km. Verð 550.000. Toppbílar Kletthálsi 2, sími 587 2000.

Óska eftir að kaupa Arctic Cat Prowler árg 1991 eða yngri. Uppl. í síma 892 1419.

## Hjólhýsi

Bürstner Flipper 395 árgerð 1974 Með Fortjaldi, Ísskáp, Miðstöð og Eldunaraðstöðu. Verð 450.000. Tilboð 390.000. S. 511 2200 eða www.seglagerdin.is

LMC Dominant 560 RDB árgerð 2006 Aukahlutir: Markísa, Sjónvarpsloftnet, Grjótgrind, Hljómflutningstæki og Teppi Verð 2.790.000. Tilboð 2.650.000. S. 511 2200 eða www.seglagerdin.is

## Fellihýsi

## Vinnuvélar

**www.snjokedjur.is**

Mikið úrval fyrir vinnuvélar og vörubíla. www.snjokedjur.is Skm ehf. Uppl. í s. 517 8400.

## Lyftarar

### Körfubílaleigan.

Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. S. 893 3573.

Lyftarar, brettatjakkar, skæralyftur, lyftuborð, trillur, vagnar, hjólabúnaður og ýmis léttitæki. Vandaðar vörur, góð verð, öflug viðgerða og varahlutaþjónusta. Léttitækni ehf, Stórhöfða 27, s. 567 6955. Allar upplýsingar á www.lettitaekni.is

## Bílaþjónusta

## Varahlutir

### Bílapartasalan Ás

Skútahraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, Toyota. Notaðir varahlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrifs.

### Hedd Dráttabílaþjónusta & Bílapartar.

Bílapartasala sem sérhæfir sig í Musso, Bens, VW, Skoda, Audi, Mmc, Freelander og fl. Opið mán.-föst. 9-18. Iðndalur 10. 190 Vogum. S 557 7551.

### Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

### Bílapartar ehf S. 587 7659.

Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. www.bilapartar.is bilapartar@bilapartar.is

### Partar s. 565 3323

Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á.m. Ford, Opel, Daewoo. Kaupum bíla

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

### Partasalan Sími 557 7740.

Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Partar VTS . Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18. Lau. 10-15. Sími 421 8090.

### Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560

Subaru, Nissan, MMC, Toyota, Ford, Hyundai, Suzuki, Daihatsu, Opel, VW, Peugeot, Reno, Skoda o.fl. Dalshraun 20. Sendum frítt á flutning.

Varahlutir í Sunny árg. '93, Legacy '93, Accent '95. S. 896 8568.

## Viðgerðir

BÍLASPÍTALINN

Almennar viðgerðir, hjólastillingar, bremsuviðgerðir. Kaplahrauni 1. S. 565 4332.

## Bílaleiga

Til sölu 1/6 hluti í Piper Cherokee pa- 28- 180. Er í flugskýli. Góður hópur uppl. S. 846 0608.

## KEYPT & SELT

## Til sölu

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10 þ., þvottavél á 10 þ. Þvottvél+þurrkari á 12 þ. Þurrkari á 10 þ. Barnaföt ódýr, uppþvottavél á 10 þ., hillusamstæða á 10 þ., leðurstóll á 5 þ. og flúorljós á 2 þ. Dráttartóg á 2 þ. Frystikista á 10 þ. S. 896 8568.

### Þvottavélar & Þurrkarar

Til sölu nokkrar yfirfarnar þvottavélar og þurrkarar. Tökum bilaðar upp í. Einnig varahlutir í þvottavélar. S. 847 5545.

DAEWOO MUSSO 2900 DIESEL 7/2004, ek. 82 þús. 5 dyra, ssk. álf. 31" cd, líknarbelgir, rafm. í rúðum og speglum, samlæsingar og fl. Ath. skipti á ódýrari. Verð 2.390 þús.

HYUNDAI TERRACAN 2900 DIESEL 3/2003, ek. 126 þús. 5 dyra, 5 gíra, abs, álf. dráttarbeisli, cd, rafm. í rúðum og speglum, líknarbelgir, þjónustubók og fl. Verð 1.890 þús.

JEEP GRAND CHEROKEE 4,7 LTD árg. 2005, ek. 65 þús. km. 5 dyra, ssk. abs, krómfelgur, dráttarbeisli, cd magasín, leður topplúga, fjarstýrðar samlæsingar, hiti í sætum, rafm. í rúðum, speglum og sætum,aksturstölva, regnskynjari, pedalastilling og fl. áhvíllandi 3.400 þús. 55 þús. pr. mán. Verð 3.890 þús.

KIA SPORTAGE GRAND WAGON, 10/1998, ek. 115 þús. 5 dyra, 5 gíra, 2x álf. sumar og vetrardekk, dráttarkrókur, cd, rafm. í rúðum og speglum. Nýleg tímareim. Verð 490 þús.

HYUNDAI SANTA FE 2,4 bensín, 3/2004, ek. 87 þús. 5 dyra, 5 gíra, abs, álf. fjarstýrðar samlæsingar, cd, filmur, rafm. í rúðum og speglum, líknarbelgir. Ný

DAEWOO MUSSO GRAND LUXE E-32, 7/2001, ek. 102 þús. abs, álf. 31" fjarstýrðar samlæsingar, leður, topplúga, rafm. í rúðum og speglum. líknarbelgir og fl. Fallegur bíll. Ath. skipti á ódýrari. Verð 1.550 þús.

Volvo S-80 2,9L,(210hö),árg 4/1999 ekin 110þús km,sjálfskiptur,sumar og vetrardekk,álfelgur,abs,aksturstalfa,spólvörn,geislaspilari leður innrétting,líknabelgir,rafmagn í öllu,reyklaus.Verð:1,890,000-

NISSAN PATROL ELEGANCE 3,0, 7/2001, ek. 119 þús. 5 dyra, ssk. abs, álf, 33" dráttarkrókur, fjarstýrar samlæsingar, leður, topplúga, rafm. í rúðum og speglum, líknarbelgir og fl. Verð 2.450 þúis.

DAEWOO MUSSO 2900 TDI HIGH OUTPUT, 11/2000, ek. 145 þús. 5 dyra, 5 gíra, álf. 35" dráttarkrókur, cd, fjarstýrðar samlæsingar, rafm. í rúðum og speglum, kastaragrind, líknarbelgir og fl. Ath. skipti á ódýrari. Verð 1.390 þús.

Toyota Corolla Luna 1,6L,árg 10/2006 ekin 2þús km,5dyra,beinskiptur,sumar og vetrardekk,álfelgur,bakkskynjarar,filmur,fjarst samlæs,cd spilari,hitit í sætum,loftkæling,spoiler,gúmí motta í skotti. Verð 2,290,000-

SSANGYONG REXTON RX-270 TDI, 4/2005, ek. 38 þús. 5 dyra, ssk. abs, álf. 31" fjarstýrðar samlæsingar, cd, líknarbelgir, rafm. í rúðum og speglum, þakbogar, þjónustubók. Verð 3.190 þús.

NISSAN X-TRAIL SPORT 2/2005, 2,0, ek. 24 þús. 5 dyra, ssk. abs, álf. fjarstýrðar samlæsingar, cd, kastarar, líknarbelgir, veltistýri, spoiler, þjónustubók og fl. Flottur lítið ekinn bíll. Verð 2.350 þús.

***BÍLABÚÐ BENNA - NOTAÐIR***

***NOTAÐIR – BÍLDSHÖFÐA 10 • SÍMI 577 2800/587 1000***

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

## Tölvur

**Ódýrar tölvuviðgerðir!**
Alhliða tölvuviðgerðir og uppfærslur. Uppl. í s. 899 8894.

**Ódýrar tölvuviðgerðir.**
Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. Magnús s. 695 2095.

## Vélar og verkfæri

Sambyggð trésmíðavél til sölu. 3ja fasa, Margir aukahlutir. Uppl. í síma 691 1399.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

Tek að mér regluleg þrif. Fyrirtæki og heimili. Einnig flutningsþrif. S. 848 7367.

## Ráðgjöf

Vandamál? Greiði úr fjárhagslegum og félagslegum vandamálum þínum. Jón s. 696 1311.

## Búslóðaflutningar

Ertu að flytja? Láttu okkur um flutninginn. Erum alhliða flutningsfyrirtæki með áratuga reynslu. Sími 568 8830.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pínófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

**Búslóðaflutningar**
og allir almennir flutn. Aukamaður/menn ef óskað er. Stór s. 661 1977, millistærð s. 659 1047.

**Búslóðaflutningar**
Píanó flutn. og allir almennir flutn. Aukamaður ef óskað er. MJ flutningar. S. 692 7078 & 616 1108.

## Húsaviðhald

**Pípulagnir**
Pípulagningarmeistari getur bætt við sig stórum sem smáum verkefnum. Uppl. í síma 892 8720.

**Steypusögun og Kjarnaborun JIS ehf.**
**Steypusögun, kjarnaborun fljót og góð þjónusta. Gerum föst verðtilboð!**
**Upplýsingar í síma 659 6343.**

**Almenn iðnverktaka**
**Tökum að okkur alhliða verkefni í t.d breytingum og viðhaldi, fyrir heimili og fyrirtæki. Menntaður rafvirki.**
**Upplýsingar í síma 698 1838.**
**Sigurtak ehf.**

## Glerjun og gluggaviðgerðir!

Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

## Byggingafélag

Getum bætt við okkur verkefnum jafnt úti sem inni. Tilboð eða tímavinna. Uppl. í s. 893 9722, Kristján.

Verktakar geta bætt við sig verkefnum í pípulögnum og trésmíði. Upplýsingar í síma 663 5315 & 699 6069.

## Innanhússmíðar

Gerum upp, endurnýjum, standsetjum og málum. Marco s. 846 7007.

Smiðir geta bætt á sig verkum í almennri innivinnu. Upp í síma. 898 4516.

## Stífluþjónusta

## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 11 ára reynsla. Ríkharður S. 615 2000, 8-23 alla daga.

## Spádómar

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Spennandi tími fram undan? Spákonan Yrsa í beinu samb. S. 908 6414. Símaspá, draumaráðningar.

## Iðnaður

Stigahandrið, inni og úti 10 ára reynsla að baki www.jarnsmidi.com S. 534 0910.

## Rafvirkjun

## Önnur þjónusta

Snjómokstur. Tökum að okkur snjómokstur á höfuðborgarsvæðinu allan sólarhringinn. S. 820 0070 & 577 5177 Línuborun ehf.

Tökum að okkur gámalosun og gámaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Erum einnig með 20 tonnmetra krana + körfu fyrir almennar hífingar. S. 820 0070 & 577 5177 Línuborun ehf.

Snjómokstur. Get bætt við mig verk. í RVK. og nágrenni. S. 894 4136.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife! Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg www.lifsstill.is. S. 896 4662.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Nudd

Viltu nudd ? Hafðu samband við Lily í síma 869 6914.

Reynir Katrínarson. Nuddmeðferðir-heilun-spámiðlun. Tímapantanir í s. 861 2004.

## Snyrting

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**Tréskurðarnámskeið**
Námskeið í tréskurði. Uppl. í s. 896 6234, Jón Adolf.

# HEIMILIÐ

## Gefins

8 vikna yndislegir kettlingar fást gefins. Uppl. í s. 693 2268.

## Dýrahald

**Hundaræktin að Dalsmynni auglýsir.**
**Kíktu á heimsíðu okkar www.dalsmynni.is**
**Sími 566 8417 - www.dalsmynni.is**

2 yndislegar Yorkshire Terrier tíkur til sölu. Tilbúnar til afhendingar, ættbók frá H.R.F.Í., bólusettar, örmerktar, tryggðar. Uppl. í s. 690 2661 (Tóti) eða 690 2640 (Sigrún).

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Rúmgott og bjart 15 fm herb. í kjallara til leigu í Fífuseli. Með aðgangi að baðherb. Sjónvarpstengi. Reykl. Laust nú þegar. Áhugasamir hafi samb. í s. 899 0312.

200 fm einbýlishús til leigu í Vogum á Vatnaleysu. M/heitum potti, tvöldum bílskúr, stutt í skóla. S. 862 4104 & 848 5868.

## Húsnæði óskast

Einstæður faðir með 6ára dreng óskar eftir 2.herbergja íbúð, uppl. í s. 893 5340.

Óska eftir einbílishúsi til leigu á höfuðborgarsvæðinu Upp. í S: 862 0700

Þrítugan karlmann bráðvantar 2ja herb. íb. á höfuðborgarsvæðinu. Getur borgað 2-3 mán fyrirfram og reddað tryggingu og meðmælum ef óskað er. Uppl. í s. 840 6677.

Óska eftir 4 herb. húsnæði/íbúð á stór Rvk svæðinu. Uppl. í s. 849 7014 & 557 1841.

## Sumarbústaðir

Til sölu 1 hektara leigulóð í landi Hallkelshóla í Grímsnesi. Tilboð óskast. S. 694 3002.

## Geymsluhúsnæði

Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Kaffihús, Bakarí**
**Bakarameistarinn, Smáratorgi, Austurveri, Suðurveri, Glæsibæ og Mjódd óskar eftir afgreiðslufólki. Vinnutími 10-19 og 13-19 og 07-13 og 08.00 - 16.00. Einnig laus helgarstörf. Góð laun í boði.**
**Uppl. í s. 897 5470 til kl.17.00.**
**Einnig umsókareyðublöð http://www.bakarameistarinn.is**

**Matreiðslumaður/vaktavinna.**
**Viljum bæta við okkur matreiðslumanni sem getur hafið starf sem fyrst. Leitum að vönum og góðum manni, þarf að kunna á tölvu og geta unnið með word og exel og hafa góð meðmæli.**
**Upplýsingar á staðnum eða í s. 863 8900 & www.kringlukrain.is**

**Þjónustustarf/vaktavinna.**
**Viljum bæta við okkur vönum í þjónustustörf. Leitum að góðum manni sem getur hafið störf sem fyrst. Þarf helst að vera 20 ára eða eldri.**
**Upplýsingar á staðnum eða í s. 893 2323 & www.kringlukrain.is**

**Fjarðarbakarí Hafnafirði**
**óskar eftir afgreiðslufólki til starfa sem fyrst, frá 6-13 virka daga.**
**Upplýsingar í síma 898 0445, Sjöfn og 895 7355, Halldór.**

**Kokkur í Mývatnssveit**
**Sel - Hótel Mývatn er að leita að kokki til að elda á hótelinu. Um er að ræða heils árs starf á heimilislegum vinnustað.**
**Allar nánari upplýsingar veitir Yngvi í síma 464 4164 eða yngvi@myvatn.is Sel - Hótel Mývatn.**

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 699 6999.

**Parket! Flísar! Máling!**
Lagtækur maður tekur að sér ýmiss verk og viðhald. Einnig á landsbygðinni. S. 862 1559.

Björnsbakarí - Vesturbæ óskar eftir að ráða starfskraft til starfa í verslunun okkar. Vinnutími er frá kl 13.00-18.30. Einnig er möguleiki á helgarvinnu. Áhugasamir hafi samband við Sigríði eða Helgu í síma 699-5423 eða á netfangið: bjornsbakari@bjornsbakari.is

Vantar duglega einstaklinga í fullt starf á aldrinum 20-27 ára. Stundvísi og áreiðanleiki skilyrði. Uppl. í s. 860 2971 eða á gardlist.is

**Góð aukavinna !**
Óska eftir fólki í símasölu á mjög góðri vöru 2-3 kvöld í viku, unnið frá kl. 18-22. Uppl. í s. 553 9600 frá kl. 12-22.

Vanur maður með vinnuvélaréttindi og meira próf Óskast sem fyrst í Njarðvik. Maður úr RVK fær far fram og til baka alla daga. Nýleg og góð tæki sími 662 3458.

Óska eftir skúringakonu 1x í viku. Góð laun í boði fyrir rétta manneskju. Uppl. í s. 692 5772.

**AU-PAIR ÍTALÍA**
Íslensk/ítölsk fjöldskylda óskar eftir jákvæðri,samviskusamri og barngóðri stelpu til þess að gæta 7.ára stúlku ásamt léttum heimilstörfum frá Júni-September viðkomandi þarf að vera 19 ára eða eldri áhugasamar hafa samb. í s. 896-1918

Poszukujemy stolarza i kafelkarza (dwoch fachowcow) na okres ok.2-4 tygodni przy pracach wykonczeniowych domku letniskowego. Informacje i zgloszenia po islandzku lub angielsku prosimy wysylac na adrese-mail: alla-o@centrum.is

Langar þig að vinna á skemmtilegum stað? Caffi Hafnarborg í Hafnarfirði auglýsir eftir starfsfólki. Okkur vantar hresst og jákvætt starfsfólk í þjónustu. Um er að ræða hlutastarf á daginn, kvöld og helgarvinnu. Nánari uppl. Gefur Sigrún í síma 534 2100.

**Au pair óskast!**
Uppl í s. 865 5613.

Duglegur starfsmaður óskast. Okkur vantar starfsmann í port við niðurrif á bílum. Mikil úti vinna. Starfsskilyrði: heiðarleiki, stundvísi, reyklaus. Upplýsingar á staðnum eða í síma 895 9089. Bílapartar ehf., Grænumýri 3 Mosfellsbæ.

**Góðar aukatekjur í líflegu umhverfi**
Stórt útgáfufyrirtæki í Reykjavík óskar eftir að ráða til starfa hresst og jákvætt fólk í úthringingar. Mjög góð aukavinna, unnið er um kvöld og helgar. Föst laun og bónusar. 18 ára aldurstakmark. Frekari upplýsingar virka daga í síma 663 4220 kl. 18-22.

## Atvinna óskast

28 ára kk vantar vinnu. Flest kemur til greina. Góð tölvukunnátta. Meðmæli. Uppl. í s. 844 5857

# TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

# ÚTBOÐ

**F.h. Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavikur:**
*Axarhöfði - gatnagerð og lagnir.*
Útboðsgögn verða seld á kr. 5.000 í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur, frá og með þriðjudeginum 23. janúar 2007.
Opnun tilboða: 6. febrúar 2007, kl. 10:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur.
10898
Nánari upplýsingar er að finna á **www.reykjavik.is/utbod**

Reykjavíkurborg
Þjónustu- og rekstrarsvið
Innkaupa- og rekstrarskrifstofa
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is
Orkuveita Reykjavíkur


ÁS FASTEIGNASALA
Opið virka daga kl. 9–18
Hafnarfirði
Fjarðargötu 17
Sími 520 2600
Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða www.as.is
Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali

# STEINHELLA
## FRÁBÆRT FERMETRAVERÐ

Erum með í sölu tvö glæsileg 1.920 fm atvinnuhúsnæði á frábærum stað með miklu auglýsingagildi við Reykjanesbrautina. Lofthæð allt að 8,5 metrar. Stór malbikuð lóð með góðum bílastæðum. Frábær staðsetning. Afhendist fljótlega tilbúið innréttinga að innan og fullbúið að utan. **Traustur verktaki.**
***Og verðið gerist ekki betra aðeins 109 þús. pr.fm.***

**Allar frekari upplýsingar veita sölumenn**
**Ás fasteignasölu í síma 520-2600**

# RAFVIRKJAR

með góða og fjölbreytta starfsreynslu
óskast til starfa hjá

**RAFVER HF**
S-581 2415 og 898 2875 • agust@rafver.is



# ÚTBOÐ

**F.h. Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavikur:**
*Axarhöfði - gatnagerð og lagnir.*
Útboðsgögn verða seld á kr. 5.000 í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur, frá og með þriðjudeginum 23. janúar 2007.
Opnun tilboða: 6. febrúar 2007, kl. 10:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur.
10898
Nánari upplýsingar er að finna á **www.reykjavik.is/utbod**

Reykjavíkurborg
Þjónustu- og rekstrarsvið
Orkuveita Reykjavíkur
Innkaupa- og rekstrarskrifstofa
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is



ICELANDAIR TECHNICAL SERVICES

*Icelandair Technical Services annast viðhald flugvéla Icelandair og veitir alhliða tækniþjónustu í flugrekstri.*

*Við höfum hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi með framúrskarandi þjónustu. Hjá okkur starfa 260 starfsmenn sem eru lykillinn að velgengni okkar.*

*Icelandair Technical Services býður upp á krefjandi verkefni hérlendis sem erlendis.*

## Starfsmaður í innkaupa- og birgðarstýringu

Icelandair Technical Services óskar eftir að ráða starfsmann í innkaupadeild fyrirtækisins. Starfsmaður mun starfa á ábyrgðasviði deildarinnar og mun starfið snúast um birgðastýringu, innkaup og stýringu varahlutaflæðis víða um heim.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun á sviði viðskipta-, verk- eða tæknifræði eða reynsla af sambærilegu starfi er skilyrði
- Góð enskukunnátta
- Samviskusemi
- Samskiptahæfni

*Umsóknir skulu berast ITS eigi síðar en 1. febrúar.*
*sigurdurg@its.is eða til*
*Tækniþjónustunnar Keflavíkurflugvelli, Bygging 8, 235 Keflavíkurflugvelli*



Mamma™

# Mömmu gengur vel!

Hjá Mömmu starfar lífsglatt, þjónustulundað og metnaðarfullt starfsfólk sem hamast við að gera viðskiptavininn ánægðan og Mömmu stolta.

Mamma ætlar að fjölga í hópnum og þarfnast nú fleiri sölu- og tæknimanna.

Viltu vinna hjá Mömmu?

Farðu þá inn á mamma.is og fylltu út starfsumsókn.

Lífsgleði – þjónusta – metnaður!

Mamma.is | 414 9000

ÍSLENSKA/SIA.IS MAM 35809 01.2007

# Sendibílstjóri

**Sendibílstjóri óskast!**
Eykt óskar eftir að ráða sendibílstjóra til starfa.
Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu
og geti sinnt ýmsum tilfallandi verkefnum.

**Umsóknum ber að skila á skrifstofu Eyktar að Lynghálsi 4.**
**Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu fyrirtækisins**
**www.eykt.is**

**Upplýsingar gefur Arinbjörn**
**í tölvupóstfangi arinb@eykt.is eða í síma 822-4430**

EYKT
ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

Eykt ehf. / Lynghálsi 4 / 110 Reykjavík
Sími: 595 4400 / Fax: 595 4499
Netfang: eykt@eykt.is / www.eykt.is



Draumahús 530 1800

**Haðarstígur - 101 Rvk**

**38.700.000**
Virkilega sjarmerandi 133,8 fm. parhús á frábærum stað í Þingholtunum. Eignin hefur verið mikið endurnýjuð.
***Þórarinn sími 530 1811***

**Föst lág söluþóknun**

Draumahús ehf. • Hjalti Pálmason hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar
Mörkin 4 • 108 Reykjavík sími: 530 1800 • fax: 530 1801
www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is

Frum

# SJÓNARHORN

Nemendur Tjarnarskóla bregða á leik í snjónum fyrir framan Menntaskólann í Reykjavík.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Í TÆKINU: FRIENDS

## *Á erfitt með að horfa á tíundu seríu*

Íris Kristinsdóttir söngkona horfði síðast á vídeó í gær. „Ég horfði á Friends í gærkvöldi áður en ég fór að sofa," segir hún.

Íris segist geta horft á Friends aftur og aftur. „Ég á allar seríurnar og horfi oft á einhverja þætti áður en ég fer að sofa. Ég var mjög svekkt þegar hætt var að framleiða þættina og á eiginlega bara erfitt með að horfa á tíundu seríu. Ég þoli ekki þegar endalokin fara að nálgast og sleppi henni því yfirleitt."

Desperate Housewives og Grey´s Anatomy-þættirnir eru líka í miklu uppáhaldi hjá Írisi en fylla þó ekki skarð Friends. „Friends er meira gaman og þættirnir það sjálfstæðir að hægt er að horfa á þá oftar en ég er samt rosalega mikið fyrir svona sápuþætti," segir hún og hlær.

Íris horfir oft á Friends áður en hún fer að sofa. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Við lokum í Hafnarfirði

Bæjarhrauni 12.Hf S: 8614177

Rýmingarsala

- 25 til 80%

Sama verð Fákafeni 11

Útsala – Útsala

10-80% afsláttur af öllum vörum

Hægt er að sjá sýnishorn af því sem í boði er á vefnum keramikgallery.is

Keramikgallery, Dalbrekku 14, 200 Kópavogur, s: 544-5504

Opið virka daga frá 10.00-18.00 – Lokað laugardaga

allt auglýsingasími 550 5880

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.930 **+0,16%** **Fjöldi viðskipta:** 481 **Velta:** 8.208 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| Bakkavör | +2,34% | Mosaic | -2,79% |
| Straumur-Burðarás | +1,11% | Atlantic Petroleum | -1,63% |
| FL Group | +1,03% | Tryggingamiðstöðin | -1,40% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 4,51 -0,22% ... Actavis 70,70 -0,14% ... Alfesca 4,98 -0,60% ... Atlantic Petroleum 543,00 -1,63% ... Atorka 6,80 -0,73% ... Bakkavör 65,70 +2,34% ... Eimskipafélagið 33,00 +0,92% ... FL Group 29,40 +1,03% ... Glitnir 24,90 +0,40% ... Kaupþing 928,00 -0,22% ... Landsbankinn 29,00 +0,00% ... Marel 74,50 -1,33% ... Mosaic Fashions 13,95 -2,79% ... Straumur-Burðarás 18,20 +1,11% ... Össur 113,00 +0,00%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Útlán til íbúðakaupa aukast

Útlán Íbúðalánasjóðs og bankakerfisins jukust um rúm sex prósent í desember síðastliðnum frá fyrra mánuði. Alls námu lánin rúmum níu milljörðum króna.

Að því er fram kemur í umfjöllun greiningardeildar Kaupþings hélt Íbúðalánasjóður áfram að lána um ríflega helming nýrra útlána, en útlán hjá sjóðnum námu 4,9 milljörðum króna. „Samhliða þessari útlánaaukningu jókst velta á fasteignamarkaðnum og má líklega að einhverju leyti rekja þennan viðsnúning til bættra verðbólguhorfa og væntinga um aukinn kaupmátt í byrjun árs," segir greiningardeildin.

Meðallánsfjárupphæð á hvern kaupsamning hækkaði um eina milljón milli nóvember og desember, fór í um 13,9 milljónir króna miðað við höfuðborgarsvæðið og Akureyri.

„Eftirspurn á fasteignamarkaði virðist því vera að aukast á nýjan leik þótt ekki sé hægt að draga of miklar ályktanir af þessum tölum," segir greiningardeild Kaupþings, en bendir um leið á að desember sé annar mánuðurinn í röð sem útlán bankanna aukist. „Og virðist því vera að birta til á fasteignamarkaði." Aukin bjartsýni er að hluta rakin til lækkunar virðisaukaskatts á matvæli og lækkunar tolla. - óká

**NÝBYGGINGAR** Meðalupphæð lána á hvern íbúðakaupsamning hækkaði um eina milljón króna milli nóvember og desember.

# Góð ávöxtun hjá Almenna

Allar ávöxtunarleiðir Almenna lífeyrissjóðsins skiluðu góðri ávöxtun á síðasta ári vegna hækkana á innlendum og erlendum hlutabréfum og veikingu íslensku krónunnar gagnvart Bandaríkjadal.

Í tilkynningu frá sjóðnum kemur fram að heimsvísitala erlendra hlutabréfa hækkaði um 20,1 prósent í dölum í fyrra en um 36,6 prósent í íslenskum krónum þar sem krónan veiktist um 13,8 prósent gagnvart dal á árinu. Þá hækkaði vísitala aðallista Kauphallar Íslands hækkaði um 15,2 prósent á sama tíma.

Heildareignir Almenna lífeyrissjóðsins námu 82,7 milljörðum króna við lok árs 2006 sem er 29 prósenta aukningu á milli ára. - jab

**ÓLAFUR HELGI ÓLAFSSON** Ólafur er framkvæmdastjóri Lýsingar.

# Besta afkoma í sögu Lýsingar

Eignarleigufyrirtækið Lýsing hf., dótturfélag Existu, skilaði rétt rúmlega eins milljarðs króna hagnaði á síðasta ári samanborið við 689 milljóna króna hagnað árið 2005. Þetta er besta starfsár í sögu fyrirtækisins.

Hagnaður fyrir skatta nam 1,2 milljörðum króna, sem er 391 milljón króna meira en árið á undan.

Arðsemi eigin fjár nam 28 prósentum samanborið við 22 prósent árið á undan en eigið fé Lýsingar nam rúmum 4,9 milljörðum króna í lok síðasta árs sem er rúmum 1,3 milljörðum krónum meira árið á undan.

Í uppgjör Lýsingar kemur fram að árið hafi einkennst af miklum vexti en útlán Lýsingar jukust um 61,99 prósent á milli ára. - jab

# Lífeyrissjóðirnir bæta við sig

Samkvæmt tölum Seðlabankans jukust heildareignir lífeyrissjóðanna um 219 milljarða króna á fyrstu ellefu mánuðum ársins 2006 og námu 1.439 milljörðum króna í nóvemberlok. Þetta samsvarar átján prósenta aukningu frá ársbyrjun 2006, en eins prósenta aukningu á milli mánaða.

Erlend verðbréfaeign nam 404 milljörðum króna, um 28 prósent af heildareignum lífeyrissjóðanna, og hefur vaxið hröðum skrefum á undanförnum árum. Til samanburðar námu erlendar eignir 24,5 prósentum af heildareignum um áramótin 2005/06. - eþa


Margverðlaunað
fyrir hollustu og bragðgæði

Léttreykta kjúklingaáleggið frá Holtakjúklingi er margverðlaunað fyrir hollustu og bragðgæði.

Þú finnur vart fituminna álegg.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 5218

**VALGEIR GUÐJÓNSSON TÓNLISTARMAÐUR ER 55 ÁRA Í DAG.**

*„Það hefur lengi vel reddað manni að eiga afmæli í þessum blúsaðasta mánuði ársins sem er sá dimmasti og sá kaldasti.“*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 23. JANÚAR 1556

## Mannskæðasti jarðskjálfti fyrr og síðar

Á þessum degi árið 1556 reið yfir Shanxi-hérað í Kína jarðskjálfti sem varð 830 þúsund manns að aldurtila, eftir því sem næst verður komið. Þetta er talinn mannskæðasti jarðskjálfti fyrr og síðar.

Skjálftinn reið yfir seint að kvöldi og eftir-skjálftarnir fylgdu eftir fram á næsta morgun. Síðari tíma mælingar gefa til kynna að skjálftinn hafi verið 8 til 8,3 stig á Richter-kvarða, sem er langt frá því að vera stærsti skjálfti sem mælst hefur, en upptök hans urðu í grennd við þéttbýl svæði og fátæklegar byggingar hrundu eins og spilaborgir.

Upptök skjálftans voru í Wei-árdalnum, skammt frá borgunum Huaxian, Winan og Huayin. Hvert einasta hús í Huaxian hrindi í skjálftanum og rúmlega helmingur íbúanna lét lífið. Það sama var uppi á teningnum í hinum borgunum. Í allt að 500 kílómetra fjarlægð frá upptökunum lést fólk af völdum skjálftans. Sums staðar myndaðust 20 metra djúpar sprungur og margir féllu í skriðuföllum sem skjálftinn olli.

Þótt ágiskanir um fjölda fórnarlamba jarðskjálftans í Shaanxi-héraði væru of háar væru þetta samt sem áður með mestu hamförum fyrr og síðar. Fljóðbylgjan sem gekk yfir Indlandshaf á annan í jólum 2004 er talin vera aðrar mestu hamfarir sögunnar.

## MERKISATBURÐIR

**1944** Norski listmálarinn Edvard Munch andast í svefni, 81 árs gamall.

**1968** Norður-Kóreumenn ná bandarískra njósnaskipinu Pueblo á sitt vald.

**1979** Reyklaus dagur er haldinn í fyrsta sinn á Íslandi.

**1981** Tilkynnt er að Snorri Hjartarson hljóti bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir ljóðabókina Hauströkkrið yfir mér.

**1988** Mesta frost í sjötíu ár mælist í Möðrudal á Fjöllum, -32,5 gráður.

**1997** Madeline Albright tekur við embætti utanríkisráðherra Bandaríkjanna.

†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingunn Ólafsdóttir**

Álftamýri 1, Reykjavík,

sem lést fimmtudaginn 18. janúar, verður jarðsungin miðvikudaginn 24. janúar kl. 15.00 í Fossvogskirkju.

**Solveig Pétursdóttir**
**Ólafur Pétursson** — **Margrét Þorgeirsdóttir**
**Guðný Pétursdóttir**
**Auður Pétursdóttir** — **Ríkharður Sverrisson**
**ömmubörn og langömmubörn.**

†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Bertram Henry Möller**

Tunguveg 24, Reykjavík,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans laugardaginn 20. janúar 2007.

**Guðríður Erla Halldórsdóttir**
**Hákon Gunnar Möller** — **Linda Möller**
**Guðrún Möller** — **Ólafur Árnason**
**Sóley Halla Möller** — **Hjörtur Bergstað**
**Einar Kári Möller**
**og barnabörn.**

†

*Elskulegur maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, bróðir og mágur,*

**Skúli Ólafsson**

lést á Landspítalanum að kvöldi 20. janúar.

**Sigrún M. Ragnarsdóttir**
**Björg Skúladóttir** — **Vignir Elvar Vignisson**
**Ólafur Skúlason** — **Cristina Skúlason**
**Erna Gísladóttir** — **Rúnar Hreinsson**
**Haukur Gíslason** — **Hlíf Georgsdóttir**
**Elisabet Paulson (Bessy)** — **Olaf Paulson**
**og barnabörn.**

Jarðarförin verður tilkynnt síðar.

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Arnþrúður Björnsdóttir**

frá Grjótnesi, Safamýri 38, Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum 17. janúar 2007.

**Sunna Karlsdóttir**
**Andri Valur Hrólfsson**
**Harpa Karlsdóttir**
**Vésteinn Rúni Eiríksson**
**Lilja Karlsdóttir**
**Snorri Páll Snorrason**
**Breki Karlsson**
**Fanný Kristín Heimisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†

**Ari Jónsson**

bóndi að Sólbergi á Svalbarðsströnd,

andaðist á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri föstudaginn 19. janúar.

Jarðarförin verður auglýst síðar.

Fyrir hönd barnanna okkar og annarra vandamanna,

**Svanhildur Friðriksdóttir.**

†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og vinur,*

**Björn Sigurðsson**

bóndi, Sauðhaga 2, Völlum,

andaðist 20. janúar. Útför hans fer fram frá Egilsstaðakirkju þann 27. janúar kl. 14. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Sjúkrahúsið á Egilsstöðum eða Krabbameinsfélagið.

**Jóhanna Freyja Björnsdóttir** — **Magnús S. Magnússon**
**Magnea Herborg Björnsdóttir** — **Sigmar Björnsson**
**Amalía Björnsdóttir** — **Sigurður Ragnar**

**Ásbjörg, Hrafnhildur, Magnús, Freyja, Björn Geir, Baldvin, Ólöf Sölvadóttir.**

†

*Elskulegur bróðir okkar,*

**Eyjólfur Magnús Jómundsson**

Örnólfsdal, Þverárhlíð,

lést miðvikudaginn 17. janúar. Útförin fer fram frá Akraneskirkju fimmtudaginn 25. janúar kl. 14.

**Ketill Jómundsson**
**Guðrún Jómundsdóttir**
**Margrét Jómundsdóttir**
**Örnólfur Hlíðar Jómundsson**
**Kristinn Rafn Jómundsson**
**Iðunn Jómundsdóttir.**

†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Guðmundur S. Th. Guðmundsson**

síldar- og fiskmatsmaður, Fiskhóli 5, Höfn,

andaðist á Landspítalanum í Fossvogi 9. janúar sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Edda Guðbjörg Sveinsdóttir**
**Stefán Jónas**
**Guðmundur Ómar** — **Anna Ingólfsdóttir**
**Haraldur Huginn** — **Helga Ólafsdóttir**
**Sigríður Kristín** — **Rúnar Gylfason**
**Gunnar Örn** — **Stefanía Bragadóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

†

*Elskuleg eiginkona mín og vinur, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Mona Erla Símonardóttir**

Aðalgötu 1, Keflavík,

lést á dvalarheimilinu Garðvangi í Garði, þann 4. janúar síðastliðinn. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Sigurbjörn Reynir Eiríksson**
**Eiríkur Stefán Sigurbjörnsson**
**Jóhanna Pálína Sigurbjörnsdóttir** — **Wayne C. Wheeley**
**Valdís Sigríður Sigurbjörnsdóttir** — **Ægir Frímannsson**
**Sigurbjörn Reynir Sigurbjörnsson** — **Yolanda Alvarez**
**Símon Grétar Sigurbjörnsson**
**börn og barnabörn.**

**Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför**

Sverrir Einarsson

Hermann Jónasson

Geir Harðarson

Bryndís Valbjarnardóttir

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is
Vaktsími: **581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt**
**Komum heim til aðstandenda ef óskað er**
Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar

# Lokað

Í dag þriðjudag frá kl. 13:30 vegna útfarar

**Þóru Kristínar Eiríksdóttur**

Skóverslunin Iljaskinn

†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Svava Jóna Markúsdóttir**

frá Súðavík, Njörvasundi 37, Reykjavík,

lést á Landspítalanum laugardaginn 20. janúar sl.

**Beinteinn Ásgeirsson**
**Ásgeir Beinteinsson** — **Sigurbjörg Baldursdóttir**
**Halldóra Beinteinsdóttir Hall** — **Kjell Hall**
**Einar Beinteinsson** — **Jóna Björg Hannesdóttir**
**Sigríður María Beinteinsdóttir** — **Hulda Ingvarsdóttir Bethke**
**Jóhanna Beinteinsdóttir** — **Magnús Thoroddsen**
**Markús Þorkell Beinteinsson** — **Elsa Bára Traustadóttir**
**Berglind Guðrún Beinteinsdóttir** — **Haraldur Már Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Útförin verður auglýst síðar.

†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þóra Kristín Eiríksdóttir**

Efstaleiti 12, Reykjavík,

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi sunnudaginn 14. janúar verður jarðsungin frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 23. janúar kl. 15.

**Tómas Árnason**
**Eiríkur Tómasson** — **Þórhildur Líndal**
**Árni Tómasson** — **Margrét Birna Skúladóttir**
**Tómas Þór Tómasson** — **Helga Jónasdóttir**
**Gunnar Guðni Tómasson** — **Sigríður Hulda Njálsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON: FORMAÐUR VÍKURINNAR

# Mikilvægur málsvari

Árni Þór Sigurðsson hefur verið kjörinn formaður Víkurinnar-Sjóminjasafnsins í Reykjavík. Árni Þór, sem var áður varaformaður, tekur við embættinu af Stefáni Jóni Hafstein sem verður við störf erlendis næstu tvö árin.

Nýr varaformaður er Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri.

Sjóminjasafnið var stofnað hinn 30. nóvember árið 1994 og hefur undanfarin ár verið til húsa að Grandagarði 8. Helgi M. Sigurðsson, sviðsstjóri í Víkinni, segist vera ánægður með nýja formanninn. „Árni var mikilvægur málsvari safnsins sem formaður Hafnarstjórnar. Í hans tíð var húsið keypt af Reykjavíkurhöfn og það tryggði það að safnið væri stofnað," segir Helgi.

Húsið að Grandagarði var keypt árið 2003 og fyrstu átján mánuðina komu um fimmtán þúsund manns í heimsókn en húsið hefur verið opið í tuttugu mánuði. Meðal annars hefur sýningin „Togarar í 100 ár" staðið yfir. Var hún opnuð í tilefni af 100 ára afmæli togaraútgerðar á Íslandi árið 2005.

Næst á dagskrá hjá safninu verður að klæða húsið að utan og lagfæra að innan, auk þess sem nokkrar sýningar verða opnaðar. „Stærsta sýningin er afmælissýning Reykjavíkurhafnar vegna 90 ára afmælis sem hefst í nóvember. Þetta hús verður annars svolítið í lamasessi á þessu ári vegna byggingaframkvæmda," segir Helgi.

Sjóminjasafnið er opið frá klukkan 13 til 17 um helgar. Aðgangseyrir er 500 krónur en ókeypis er fyrir börn og hálft gjald er fyrir ellilífeyrisþega og öryrkja.

freyr@frettabladid.is

**FRÁFARANDI STJÓRN** Frá vinstri: Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri, Kristín Guðmundsdóttir, Stefán Jón Hafstein, Árni Þór Sigurðsson og Ágúst Ágústsson. Nýr maður í stjórn verður Helgi Pétursson.

## AFMÆLI

Guðmunda Elíasdóttir söngkona er 87 ára.

Sighvatur K Björgvinsson fyrrverandi alþingismaður er 65 ára.



Ólafur Kvaran safnstjóri er 58 ára.

Guðný Halldórsdóttir leikstjóri er 53 ára.

Sigrún Eva Ármannsdóttir söngkona er 39 ára.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG

Django Reinhardt gítarleikari 1910

Rutger Hauer leikari 1944

Karólína Mónakóprinsessa 1957

Mariska Hargitay leikkona 1964

TONVINNSLUSKOLI.IS • SKRÁNINGARSÍMI: 534 9090

VIÐURKENNT
NÁM Í TÓNVINNSLU
LAGASMÍÐAR OG HLJÓÐUPPTAKA

TONVINNSLUSKOLI
ÞORVALDAR BJARNA

Tónvinnslunámið er aðalnámsbraut Tónvinnsluskólans. Skólinn fékk nýlega viðurkenningu **Digidesign** sem viðurkenndur **Pro Tools** skóli, en **Pro Tools** er útbreiddasta upptökuforrit í heimi. Að námi loknu fá nemendur því Diploma, viðurkenndu af **Digidesign**, upp á að þeir hafi lokið prófi í tónvinnslu. Það veitir nemendum því aðgang að framhaldsnámi í tónvinnslu erlendis. Jafnframt fá nemendur viðurkenningu fyrir þekkingu á **Reason** tónlistarforritinu.

Vinnuaðstaðan er í tveimur fyrsta flokks hljóðverum, RMP og Stúdíó Sýrlandi, auk tölvuvers Snælandsskóla.

Sjá betur á www.tonvinnsluskoli.is.

DIPLOMA

SKRÁNING ER HAFIN

SKRÁNING ER HAFIN

SÖNG-, HLJÓÐFÆRA- OG LAGASMÍÐANÁMSKEIÐ BARNA OG UNGLINGA FARA FRAM BÆÐI Í **FOLDASKÓLA** OG **SNÆLANDSSKÓLA**

KÍKTU Á TONVINNSLUSKOLI.IS OG VELDU ÞÉR NÁMSKEIÐ

# STUÐ MILLI STRÍÐA: Spennuþrungið andrúmsloft heimilisins

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** FÉKK TAUGAÁFALL Á SUNNUDEGI.

Hann hefur beðið framan við sjónvarpið allan daginn. Tók ekki í mál að spila lúdó við börnin eða ná í rjóma í sveppasósuna. „Ég þarf að undirbúa mig andlega," segir hann sposkur og æfir þjóðsönginn og málar á sig fánalitina.

Þegar þjóðsöngurinn fer að hljóma stendur hann upp, leggur hönd á brjóst sér en á erfitt með að syngja með. Varirnar eru þurrar af spenningi og lagið er spilað óvenju hratt af Þjóðverjanum. Þjóðarstoltið vex með hverju sekúndubroti og þegar síðasta tóninum sleppir klappar hann höndum saman og öskrar að nú skuli látið sverfa til stáls. Húsfreyjan felur sig inni í eldhúsi þegar hrópin taka að óma. Hverju marki er fagnað eins og það sé það síðasta, dómurunum er blótað í sand og ösku og fyrr en varir hafa alls kyns samsæriskenningar fengið að líta dagsins ljós. „Úkraína og Ungverjaland eru bestu vinir," segir hann þegar vafasamur dómur fellur.

Þótt flautað sé til hálfleiks unir hann sér engrar hvíldar. Leikmennirnir eru teknir á beinið eins og hann sé sjálfur staddur í búningsklefanum. Reynir að stappa stálið í sína menn á föðurlegu nótunum um leið og hann lætur þá finna hve illa muni fara fyrir þeim ef þeir taki sig ekki taki.

„Við verðum að fá markvörsluna í gang," segir hann en húsfreyjan liggur óttaslegin á bæn og vonar að Íslendingar vinni nú leikinn. Hún er þegar farin að undirbúa skyndiflótta frá heimilinu með snyrtitöskuna, náttföt og strigaskó með frönskum rennilás við bakdyrnar.

Þegar leikmennirnir ganga inn á völlinn stendur hann upp, gengur að sjónvarpinu og steytir hnefann í átt að andstæðingunum. „Þið eigið ykkur ekki viðreisnar von gegn okkur!" Brátt breytist ljúfsár draumur um glæstan sigur í martröð. Húsfreyjan sussar á börnin og gefur þeim merki um að læðast út bakdyramegin og eftir situr hann með sárt ennið. Alveg eins og íslenska landsliðið í handbolta.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli

### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

MARKAÐURINN

# Einfalt mál

## EINA VIÐSKIPTABLAÐIÐ SEM ÞÚ ÞARFT

Hvort sem þú ert sérfróður um viðskipti eða einn af þeim sem finnst viðskiptafréttir yfirleitt of flóknar og háfleygar, getur þú fylgst með öllu því sem er að gerast í viðskiptalífinu í gegnum Markaðinn. Við færum þér fréttirnar skýrt og skorinort.

**Með Fréttablaðinu alla miðvikudaga**

**Í hádeginu kl 12:12 á Stöð 2**

**Viðskipti á Vísi alla daga**

## VIÐSKIPTAFRÉTTIR ALLA DAGA VIKUNNAR

Fíton/SÍA FI019902

**Kl. 20.00**
*Goethe-Institut stendur fyrir kvikmyndasýningu í Fyrirlestrarsal Landsbókasafnsins. Mynd kvöldsins er Níundi dagurinn eftir leikstjórann Volker Schlöndorff frá árinu 2004. Myndin er með þýsku tali og enskum undirmálstexta. Aðgangur er ókeypis.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Nýsmíðar í Listasafni Íslands

Tónlistarhópurinn Aton heldur tónleika í Listasafni Íslands kl. 20 í kvöld – á fjórða degi Myrkra músíkdaga. Aton-hópurinn er skipaður ungu tónlistarfólki sem sérhæfir sig í nýrri íslenskri tónlist og hefur leikið á hátíðinni undanfarin ár. Á tónleikunum verður verður frumflutt verkið „Across the Gravel“ eftir Úlfar Inga Haraldsson og frumflutt á Íslandi tónsmíð Hlyns Aðils Vilmarssonar, „nixin & maxam“. Þá verða flutt verk eftir Guðmund Stein Gunnarsson og Önnu Þorvaldsdóttur. Verkin hafa öll verið samin sérstaklega fyrir Aton-hópinn.

**TÓNLISTARHÓPURINN ATON** Frumflytur tvö ný íslensk verk. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Borgar Magnason stýrir hópnum í flutningi á verki Hlyns en Úlfar Ingi Haraldsson er stjórnandi á eigin verki.

Aton hefur starfað frá árinu 1998 og frumflutt um 50 íslensk verk og staðið fyrir fjölda tónleika í Reykjavík og á landsbyggðinni, í Bandaríkjunum, á Grænlandi og í Færeyjum. Aton var tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2004 sem bjartasta vonin í flokki sígildrar og samtímatónlistar.

### > Dustaðu rykið af...

tónsmíðum **Gylfa Ægissonar** og **Áhafnarinnar á Halastjörnunni**. Á síðustu plötu sveitarinnar, **„Ég kveðju sendi-herra“** frá 1983 eru nokkrir ódauðlegir smellir á borð við „Á leið í land“ og „Oftast út á sjó“ en þar steig söngvarinn **Páll Óskar** sín fyrstu spor á söngferlinum.

## Tónlistarpeningar

**Tilkynnt var í gær um úthlutun úr Tónlistarsjóði sem tónlistarráð menntamálaráðuneytis er til ráðgjafar um. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra veitir styrki úr sjóðnum. Fjárþörf reyndist að þessu sinni langt umfram það sem til boða stóð, en sjóðurinn mun veita aðra eins fjárhæð, rúmar tuttugu milljónir, síðar á árinu.**

Áttatíu og tvær umsóknir bárust sjóðnum og var sótt um ríflega 80 milljónir. Úthlutað er 21 milljón sem deilist á rúm 53 verkefni. Stærsta styrkinn, 5 milljónir, fær Samtónn, en það eru heildarsamtök tónlistarinnar í landinu og rennur hann til reksturs Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar sem hefur hönd í bagga með utanferðum íslenskra tónlistarmanna. Raunar eru margir styrkjanna vegna utanfara og líka vegna vinnslu hljóðritana og útgáfu. Annar stærsti styrkurinn, 2 milljónir, rennur til þeirrar miklu hátíðar sem Tónskáldafélagið stendur fyrir þessa dagana, Myrkra músíkdaga. Sigur Rós fær milljón í styrk vegna ferða og kynningar, sömu upphæð þiggur Kirkjulistahátíðin sem Listvinafélag Hallgrímskirkju hefur staðið fyrir um langt árabil.

**TÓNLIST** Trabant fær ferða- og kynningarstyrk úr Tónlistarsjóði, sem veitti í gær 21 milljón til ýmissa tónlistarverkefna.

Styrki til útgáfu fá nokkrir einstaklingar og tónlistarhópar: Aton, Sumartónleikar í Skálholti, Védís Hervör, Ragnheiður Árnadóttir, Sverrir Guðjónsson, Hallfríður Ólafsdóttir, Kristján Orri Sigurleifsson, Haraldur Leví Gunnarsson, Gestur Guðnason og þau Kenya Kristín Emilíudóttir og Jason Nemor Harden. Flestir styrkjanna eru 100 þúsund.

Tónleikahald af ýmsu tagi er betur styrkt: Tónlistarhátíðin Við Djúpið sem haldið hefur til við Ísafjarðardjúp fær 800 þúsund, Sumartónleikar við Mývatn 400 þúsund, Tónvinafélag Laugaborgar sem hefur verið duglegt við tónleikahald í Eyjafirði fær 500 þúsund, Reykholtshátíðin annað eins, sem og Þjóðlagahátíðin á Siglufirði. Múlinn fær 400 þúsund, Kammersveitin Ísafold 200 þúsund til að koma á fót tónlistarhátíð og Adapter og Isnord sömuleiðis. Að ógleymdu Aton með hátíðina frum. Kammermúsíkklúbburinn er enn upp á árleg tillegg kominn en hann fær 500 þúsund.

Mörg stök verkefni eru styrkt: Trabant fær ferðastyrk, Sumartónleikar í Skálholti fá styrk til nótnaútgáfu og tónlistarsmiðju fyrir börn. Marta Guðrún Halldórsdóttir fær 300 þúsund til að vinna við íslenska miðalda- og endurreisnartónlist og Hörður Áskelsson 200 þúsund vegna Hallgrímspassíu. Hér eru á garði svokallaðir klassískir tónlistarmenn með poppinu: Gunnar Kvaran og Mammút, KK og Maggi Eiríks sitja við sama borð og Hnúkaþeyr - blásaraoktettinn.

Fræg er saga formannsins sem stóð við bátinn í naustinu og sagði við áhöfn sína: Eigum við að setja? Svo stóðu allir og biðu. Tónlistarsjóður veitir mönnum styrk til að setja fleyið á sjó. Þá er að sigla.

- pbb


**NLP Námskeið**
Neuro - Linguistic - Programming

- Er sjálfstraustið í ólagi?
- Langar þig í betri líðan?
- Finnst þér að fáir skilji þig?
- Er eitthvað í fari þínu sem þú vilt vinna bug á?
- Finnst þér að öðrum gangi betur í lífinu en þér?
- Gengur illa að klára verkefni sem þú byrjar á?
- Finnst þér erfitt að höndla gagnrýni?

Með **NLP** aðferðum getur þú auðveldlega breytt lífi þínu og skapað þína eigin framtíð.
**NLP** er notað af fólki um allan heim sem hefur náð frábærum árangri í lífinu.

**NLP Námskeið verður haldið 9.-11. og 16.-18. febrúar.**

Leiðbeinandi: Kári Eyþórsson MPNLP.
Upplýsingar í síma: 894-2992
Netfang: kari@ckari.com
Nánari upplýsingar um NLP má finna á: www.ckari.com

**LEIKLIST** Bjarni Haukur Þórsson, leikari og höfundur, á sviðinu í Iðnó í gær. Nýtt verk eftir hann, Pabbinn, verður frumsýnt þar á fimmtudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ

## Pabbaleikurinn í Iðnó

**Bjarni Haukur er aftur kominn á fjalirnar. Alþjóð man þegar hann stóð á sviði Gamla bíós misserunum saman og flutti þar íslenska staðfærslu á ameríska einleik eða uppistandi sem kallað var Hellisbúinn.**

Sýningin lenti á endanum inni á topp tíu listanum yfir fjölsóttustu sýningar á Íslandi, yfir 260 sýningar voru á verkinu og dró dilk á eftir sér: framleiðendur keyptu sér bar – Prikið – og síðan sjónvarpsstöð – Skjá einn. En það er önnur saga.

Bjarni Haukur lagði svo fyrir sig sjónvarpsleik á Skjá einum, fór síðan til Noregs og lagðist í víking, framleiddi og samdi sjónvarpsþætti fyrir norskar og sænskar sjónvarpsstöðvar, leikstýrði leikritum og söngleikjum. Hann var um tíma aðili að framleiðslufyrirtækinu 3 sagas en dró sig út úr því, stofnaði sitt eigið fyrirtæki sem stendur að leiksýningunni sem á fimmtudag verður frumsýnd í Iðnó.

Bjarni segir Pabbann eiga sér rætur í þeim tíma þegar hann var langdvölum erlendis. Það eru nú þrjú ár síðan hann tók að vinna texta fyrir svið um föðurhlutverkið og hvernig það hefur breyst á síðustu árum. Hann segir þá Sigurð Sigurjónsson leikstjóra hafa legið yfir verkinu síðustu misseri: „Föðurhlutverkið hefur breyst svo mikið á síðustu tveimur áratugum. Verkið er raunar bara hugleiðing um það: það er ungt par að fara að búa saman, það er meðganga og fæðing, og það breytist allt.“

Leikritið Pabbinn verður heimsfrumsýnt í Iðnó á fimmtudag: það er einleikur eða „one-man-show“ þar sem Bjarni Haukur bregður sér í ýmis líki og veltir því fyrir sér hvað það er að vera pabbi: „Pabbinn er drepfyndið og hjartnæmt nýtt íslenskt leikrit sem fjallar um það sem skiptir einna mestu máli í lífinu,“ segir í tilkynningu framleiðandans svo nærri má geta að hér er slegið á ýmsa strengi.

Auk þeirra Sigurðar Sigurjónssonar leikstjóra og Bjarna koma að sýningunni Egill Eðvarðsson sem gerir leikmynd, Árni Baldvinsson sem lýsir og Þórir Úlfarsson sem gerir tónlist. Sýningar verða í Iðnó. Og hvernig þykir Bjarna að vera kominn þar á svið frammi fyrir 160 áhorfenda sal? „Það er náttúrlega bara „dream come true“ gamall draumur sem rætist. Hér var maður að sniglast sem krakki, kom hingað og fékk leigða búninga hjá Áróru Halldórsdóttur. Það er eitthvað seiðmagnað hér í loftinu og maður andar að sér sögu allan tímann. Það verður spennandi að leika fyrir áhorfendur í þessu húsi.“

- pbb

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR
20 21 22 **23** 24 25 26

**Þriðjudagur**

### FYRIRLESTRAR

☐ 12.00 **Dr. Gunnar Kristjánsson** heldur fyrirlestur í húsakynnum **Listaháskólans í Skipholti** og fjallar um frátekin rými í áhættusamfélagi samtímans. Fyrirlesturinn ber titilinn **Hinn hlutlausi helgidómur?** og beinir Gunnar þar athyglinni að helgidómum í fjölmenningarsamfélaginu þar sem táknmyndir einstakra trúarbragða eru ekki taldar æskilegar.

☐ 12.05 **Margrét Gestsdóttir** sögukennari við Fjölbrautaskólann við Ármúla heldur erindi á vegum **Sagnfræðingafélags Íslands** í Þjóðminjasafninu og ræðir um sögusköðun og sögukennslu. Aðgangur er ókeypis.

### SÝNINGAR

☐ 09.00 Í **Hallgrímskirkju** stendur yfir sýningin **Mynd mín af Hallgrími** þar sem 28 íslenskir listamenn sýna andlitsmyndir sínar af sálmaskáldinu. Sýningarstjóri er Jón Reykdal en **Listvinafélag kirkjunnar** stendur fyrir henni.

☐ 11.00 Færeysku listmálarnir **Edward Fuglø**, **Astri Luihn**, **Sigrun Gunnarsdóttir**, **Torbjørn Olsen**, **Eyðun av Reyni** og **Ingálvur av Reyni** sýna verk sín í menningarmiðstöð Hafnarfjarðar í **Hafnarborg**. Sýningin stendur til 4. febrúar.

☐ 11.00 Sýningin **Frelsun litarins/ Regard Fauve** í **Listasafni Íslands** geymir verk frönsku expressjónistanna frá upphafi 20. aldar. Sýningin kemur frá Musée des beaux-arts í Bordeaux í Frakklandi, 52 verk eftir þrettán listamenn, þar á meðal meistarana **Renoir** og **Matisse**.

☐ 13.00 Myndlistarmennirnir **Jóhann Torfason** og **Hlynur Helgason** sýna verk sín í **Listasafni ASÍ** við **Freyjugötu**. Sýningarnar standa til 28. janúar.

☐ 14.00 **Stephan Stephensen**, öðru nafni **President Bongo** sýnir í **101 Gallery** við Hverfisgötu. Sýningin ber yfirskriftina **IF YOU WANT BLOOD... YOU'VE GOT IT !** og er opin milli 14-17, þriðjudaga til laugardaga til 15. febrúar.

☐ 15.00 **Listasafninu á Akureyri** standa yfir tvær sýningar. Annars vegar á verkum **Jóns Óskars**, sem kallast **Les yeux de l'ombre jaune** eða **Augu Gula-Skuggans** og hins vegar innsetning eftir bandaríska listamanninn **Adam Bateman** en sýning Bateman ber heitið **Tyrfingar**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Broddlítil blóðmarinering

Verk McDonagh hafa notið vinsælda hér á landi og telst mér til að Svartur köttur sé fjórða verkið sem íslensk atvinnuleikhús setja upp eftir þennan virta höfund. Verk hans hverfast flest um örvæntingu og ofbeldi og er hvort tveggja að finna í dálaglegum skömmtum í þessu verki – Svartur köttur má sannarlega kallast splatterkenndur vestri með slettum af ádeilu og gríni.

Havaríið hefst á því að dauður köttur finnst á vegi. Sá reynist eini vinur Patreks, ofbeldisfulls vígamanns (Ívar Örn Sverrisson) sem snýr heim og leitar hefnda. Unglingurinn Davey (Guðjón Davíð Karlsson) og faðir geðsjúklingsins (Þráinn Karlsson) reyna sitt til þess að blekkja Patrek og telja honum trú um að kötturinn sé lasinn en upp kemst um þau svik og hyggst hann taka þá báða af lífi. Inn í söguna blandast síðan systir Daveys, Mairead (Þóra Karítas), og félagatríó Patreks úr INLA-samtökunum sem hyggst plaffa hann niður fyrir að vilja kljúfa sig úr félaginu (Gísli Pétur Hinriksson, Ólafur Steinn Ingunnarson og Páll Sigþór Pálsson).

Þetta verk fjallar um tilgangslaust ofbeldi og tvöfalt siðferði og veltir þeim viðkæmu viðfangsefnum upp úr blóði og gori. Það er erfitt að sviðsetja ógnandi líkamlegt ofbeldi á sviði en hér er notast við skotvopn. Það er dálítið fyndið en langt frá því að vera raunverulegt. Stöðugar sprengingar hvellhetta sem hljómuðu meira eins og kínverjar urðu fljótt hvimleiðar. Áhorfendur nútímans eru vanir „yfir-pródúseruðu“ ofbeldi en þetta var máttlítið og gervilegt. Tvöfalda siðferðið eða sjálfsréttlætingarþörfin sem litar allar persónurnar, birtist mismikið í sviksemi þeirra við hvert annað. Allir eru að reyna að bjarga eigin rassi en fólskan er á misskilningi byggð, persónurnar fyrst og fremst brjóstumkennanlegar og kómískar – maður trúir vart á hugsjónamennsku þeirra sem tengd er sjálfstæðisbaráttu Írlands. Þeirra stríð er barnalegt og ádeilan þar af leiðandi broddlítil auk þess sem bakgrunnur verksins er óskýr – þrátt fyrir greinargóðan inngang í leikskrá er litlu púðri varið í að útskýra aðstæður í verkinu sjálfu.

Svartur köttur er farsakennt stofudrama í uppfærslu Magnúsar Geirs Þórðarsonar leikstjóra. Leikhópurinn stóð sig með ágætum á frumsýningunni enda samanstendur hann af ágætum grínleikurum. Að öðrum ólöstuðum naut Þráinn Karlsson sín best í hlutverki brókalallans Donny sem sonurinn ætlar að skjóta í hausinn. Samleikur hans og Guðjóns Davíðs var vel samstilltur og vel hægt að hlæja að vitleysunni í þeim og vandræðaganginum með skóáburðinn. Ívar Örn Sverrisson leikur óbermið Patrek og var býsna ógnandi á köflum, einkum í upphafsatriðinu. Patrekur var barnaleg og aumkunarverð andhetja sem átti litla samúð enda gerður að staðalmynd. Þóra Karítas var heillandi í sinni rullu sem hin blóðþyrsta Mairead, sem og Gísli Pétur Hinriksson sem gerði óþokkann Christy skelfilega spaugilegan. Honum til halds og trausts í tríóinu voru Ólafur Steinn og Páll Sigþór sem fóru ágætlega með trúðshlutverk sín. Kettirnir tveir voru einnig til prýði.

Útlit sýningarinnar var ágætlega heppnað ef frá er talið laufskrúðið sem plantað var á efra sviðið. Gervin voru skemmtileg sem og líkin sem félagarnir þurftu að sarga í sundur. Músíkin var eitt stef og tilbrigði sem skipti upp atriðunum. Baráttusöngurinn sem rammar inn leikritið er nokkuð smellinn en tilbreytingarlaus. Það hefði verið rými fyrir meiri tónlist í þessu verki og mun meira hljóð. Ég var hrifin af myndbandsverkinu sem fylgdi Mairead en það var samt alveg úr takti við restina, of nútímalegt í þessu gamaldags verki.

**Kristrún Heiða Hauksdóttir**

## LEIKLIST

**Svartur köttur e. Martin McDonagh**

Leikfélag Akureyrar

**Þýðing:** Hávar Sigurjónsson **Leikmynd, búningar og gervahönnun:** Filippía Elísdóttir **Lýsing:** Þórður Orri Pétursson **Tónlist og hljóðmynd:** Hljómsveitin SK. **Gervi:** Ragna Fossberg **Leikstjórn:** Magnús Geir Þórðarson

★★

Tilþrifalítið en spaugilegt splatter sem skilur lítið eftir sig.

AUSTURBÆR

**Children Of Loki kynnir 50 WAYS TO LEAVE YOUR LOVER**

Frumsýning Fös 26. jan kl. 20 (örfásæti laus) /
Lau 27. jan kl. 20 / Fös 2 feb. kl. 20 / Lau 3. feb kl. 20

**Verzlunarskóli Íslands kynnir SEXTÁN**

Fim 1. feb kl. 10 uppselt / Fim 1. feb kl. 14 uppselt /
Sun 4. feb kl. 19 / Mið 7. feb kl. 19 / Sun 11. feb kl. 16 /
Þri 13. feb kl. 19 / Fim 15. feb kl. 19 / Mið 21 feb kl. 19 /
Sun 25 feb kl. 17 / Mið 28 feb kl. 19 / Fös 2 mar kl. 20

Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700 / www.midi.is

Flagari í framsókn — The Rake's Progress — IGOR STRAVINSKY

**FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress e. STRAVINSKY**
**Frumsýning fös. 9. feb. kl. 20 - örfá sæti laus**
2. sýn. sun 11. feb. kl. 20 – 3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20
Landsvirkjun
Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ (ekki á frumsýningu)
Ingibjörg Eyþórsdóttir, tónlistarfræðingur hefur umsjón með kynningunni
**FRÁBÆRIR SÖNGVARAR - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX**
**Hulda Björk, Gunnar, Ágúst, Jóhann Smári, Sigríður, Ingveldur Ýr og Eyjólfur**
www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN
ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA Í 25 ÁR

„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR“
DAGUR VONAR

**ÓFAGRA VERÖLD**
Fös 26/1 kl. 20 5.sýning Blá kort
Sun 28/1 kl. 20
Lau 3/2 kl. 20
Fös 9/2 kl. 20

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Fim 25/1 kl. 20
Fös 2/2 kl. 20
Lau 10/2 kl. 20
Fös 16/2 kl. 20

**SAN FRANCISCO BALLETTINN**
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20
Fös 18/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 UPPS. Sun 20/5 kl. 14
Sun 20/5 kl. 20
Miðaverð 4.800

**MEIN KAMPF**
Lau 27/1 kl. 20 AUKASÝNING
Fim 15/2 kl. 20 AUKASÝNING
Lau 24/2 kl. 20 AUKASÝNING
Síðustu sýningar

**EILÍF HAMINGJA**
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Sun 28/1 kl. 20 Frumsýning UPPSELT
Fös 2/2 kl. 20
Sun 4/2 kl. 20

**DAGUR VONAR**
Fös 26/1 kl. 20 UPPSELT
Lau 3/2 kl. 20 UPPSELT
Sun 4/2 kl. 20
Fös 9/2 kl 20 UPPSELT
Sun 11/2 kl. 20
Lau 17/2 kl. 20
Ekki er hleypt inn í salinn eftir að sýning er hafin.

**FOOTLOOSE**
Lau 27/1 kl. 20 UPPSELT
Allra síðasta sýning

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Sun 28/1 kl. 14
Sun 4/2 kl. 14
Sun 11/2 kl. 14
Sun 18/2 kl. 14

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Fim 25/1 kl. 20 UPPSELT
Fim 8/2 kl. 20 AUKASÝNING
Fös 16/2 kl. 20 AUKASÝNING
Síðustu sýningar

**KARÍUS OG BAKTUS**
Forsala miða hefst á miðvikudag.
Sun 4. feb kl. 13 Sun 4. feb kl. 14
Sun 4 feb kl. 15 Sun 11.feb kl. 13
Sun 11.feb kl. 14 Sun 11.feb kl. 15
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**Stóra sviðið kl. 20:00**

**STÓRFENGLEG!** eftir Peter Quilter.
Lau. 27/1, fös. 2/2, fös. 9/2. Aðeins þessar þrjár sýningar eftir.

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Lau. 27/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 28/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 4/2 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, lau. 10/2 kl. 14:00 **nokkur sæti laus**, sun. 11/2 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, lau.17/2 kl. 14:00 **örfá sæti laus, sun. 18/2 nokkur sæti laus, lau. 24/2 kl. 20:00, sun. 25/2 kl. 14:00**.

**BAKKYNJUR** eftir Evripídes.
Fös. 26/1, lau. 3/2.
Hlín Agnarsdóttir flytur fyrirlesturinn "Hvers vegna láta konurnar svona"? í Leikhúskjallaranum kl. 19.00 fyrir sýningarnar. Aðeins tvær sýningar eftir.

**Smíðaverkstæðið kl. 20:00**

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.
Mið. 24/1 **kl. 14:30 uppselt, lau 27/1, mið. 7/2 örfá sæti laus. fös.2/2, mið. 7/2 örfá sæti laus, lau. 10/2, lau. 17/2 kl. 16:00 nokkur sæti laus, mið. 21/2 uppselt.**
**Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.**

**Kassinn kl. 20:00 forsala hafin**

**SÆLUEYJAN** eftir Jacob Hirdwall. Leikgerð: Gréta María Bergsdóttir og María Ellingsen.
Fös. 26/1, lau. 27/1, **örfá sæti laus, fös. 2/2, lau. 10/2, fös. 16/2.**

**Kúlan**

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 27/1 **kl. 11:00 örfá sæti laus, kl. 12:15** uppselt og **kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 28/1 kl. 11:00, kl. 12:15, kl:14:00 uppselt og kl. 16:00 uppselt, lau. 3/2 kl. 11:00, 12:15 og kl, 14:00, sun. 4/2 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00. Síðustu sýningar.**

**PÉTUR OG ÚLFURINN - Brúðusýning Bernds Ogrodniks eftir verki Prokofievs**
Frumsýning lau. 17/2 kl. 13:30 uppselt og kl. 15:00, sun. 18/2 kl. 13.30 og kl. 15:00

**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.**
**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.**
**Leikhúskjallarinn opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga.**
**Upplýsingar í miðasölusíma.**

fjörið í fólk

folk@frettabladid.is

# Bó berst fyrir bættu öryggi á netinu

„Nei, ég hef nú ekki lent í því að fólk hafi efast um hver ég væri en sumir hafa ekki alltaf kveikt á perunni," segir stórsöngvarinn Björgvin Halldórsson en eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær leikur hann í auglýsingu fyrir Auðkennislykil sem á að tryggja öryggi bankaviðskipta á netinu. Í auglýsingunni er gert út á að þótt menn séu þekktir á þessari eyju skipti það litlu máli á netinu. „Mér finnst þetta gott málefni enda nota ég netið mikið sjálfur. Og það er aldrei nógu mikið gert til að tryggja öryggið þar," segir söngvarinn.

Björgvin kvaðst vera afar sáttur við starfsfólkið frá Filmus og auglýsingastofunni Hvíta húsinu og sagði að tökuliðið hefði verið ákaflega fagmannlegt. Hann hrósaði Björgvin Franz Gíslasyni í hástert en leikarinn bregður sér í líki Bó í auglýsingunni. „Nafni minn er einhver besti skemmtikrafturinn sem við eigum um þessar mundir og ég var ákaflega ánægður þegar ég heyrði að hann hefði verið ráðinn til verksins," segir Björgvin.

Sjálfur hefur stórsöngvarinn gert lítið af því að leika en hefur þó komið fram í kvikmyndum á borð við Djöflaeyjuna og kvikmyndinni Gullsandur. „Að leika hefur alltaf kitlað mig en ég hef ekki gert mikið af því að koma fram í auglýsingum," segir Björgvin, sem mundi þó eftir kaffiauglýsingu frá Ó. Johnson & Kaaber sem birtist fyrir allmörgum árum. Björgvin ruddi þar brautina fyrir íslenska poppara í auglýsingum en þeir eru ófáir tónlistarmennirnir sem hafa fetað í þau spor.

- fgg

**BJÖRGVIN OG BJÖRGVIN** Stórsöngvarinn segir leikarann vera einn besta skemmtikraft sem þjóðin eigi um þessar mundir.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Á LAUSU** Britney Spears er búin að sparka kærastanum sínum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Hætt með kærastanum

Britney Spears er búin að sparka kærastanum sínum, fyrirsætunni Isaac Cohen. Þau höfðu verið á föstu í tvær vikur en bandarískir fjölmiðlar segja Britney hafa fengið nóg á fimmtudaginn í síðustu viku. „Við erum ekki lengur saman," var það eina sem fékkst upp úr hinni 25 ára einstæðu móður. Þrátt fyrir þetta sást til Britney á föstudagskvöldið í samræðum við umræddan Cohen.

**LITTLE MISS SUNSHINE** Vegamyndin vinsæla fékk verðlaun sem besta myndin á Producers Guild-verðlaununum.

# Little Miss kjörin best

Kvikmyndin Little Miss Sunshine var valin besta myndina á Producers Guild of America-verðlaununum sem voru afhent um síðustu helgi.

Verðlaunin þykja gefa góða vísbendingu um hvaða mynd eigi eftir að vegna vel á óskarsverðlaununum. Myndirnar sem hlutu ekki náð fyrir augum dómnefndarinnar voru Babel, The Departed, The Queen og Dreamgirls.

Ellefu myndir af þeim sautján sem hafa unnið Producers Guild-verðlaunin hafa verið kjörnar bestu myndirnar á óskarnum.

# Tónleikaferð um Bretland

Hasarmyndahetjan Steven Seagal er farin á tónleikaferð um Bretland með blúshljómsveit sinni Thunderbox. Seagal, sem hefur leikið í myndum á borð við Under Siege og The Patriot, hefur spilað á gítar síðan hann var 12 ára.

**STEVEN SEAGAL** Hasarmyndahetjan er farin á tónleikaferð um Bretland.

Sveitin mun halda 37 tónleika og stendur ferðin yfir í tvo mánuði. Auk þess að leika í hasarmyndum hefur Seagal einnig vakið athygli fyrir áhuga sinn á umhverfisvernd og búddatrú.

# Foreldrum vel tekið

**Kvikmyndin Foreldrar, seinni helmingur samvinnuverkefnis Ragnars Bragasonar og leikhóps Vesturports, var frumsýnd í Háskólabíói á föstudag. Var þar margt góðra gesta og var almennt gerður góður rómur að myndinni. Ljósmyndari Fréttablaðsins var á staðnum.**

**STOLTAR AF MÖMMU** Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir, sem leikur í myndinni, mætti á sýninguna ásamt Karen Maríu og Ingunni Valgerði og Grétar Örn var með þeim í för.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

**SÁTT MEÐ MYNDINA** Ekki var annað að merkja en að Bjarni Rögnvaldsson, Rögnvaldur Dofri Pétursson, Anna Birgitta Bóasdóttir og Björk Hreiðarsdóttir væru ánægð með myndina.

**ANDRI OG MARGRÉT** Andri Snær Magnason rithöfundur var viðstaddur frumsýninguna ásamt konu sinni, Margréti Sjöfn Torp hjúkrunarfræðingi.

**TÖKUMAÐURINN** Vel fór á með Bergsteini Björgúlfssyni kvikmyndatökumanni og Kristínu Ólafsdóttur kvikmyndaframleiðanda.

**AÐSTANDENDUR MYNDARINNAR** Allir þeir sem lögðu hönd á plóg við gerð myndarinnar stilltu sér upp fyrir ljósmyndara í tilefni dagsins.

**LEONARDO DICAPRIO** DiCaprio íhugaði að hætta að leika í kvikmyndum eftir vinsældir Titanic.

# Íhugaði að hætta

Leonardo DiCaprio íhugaði að hætta að leika eftir að hann lék í hinni vinsælu Titanic árið 1997.

DiCaprio var hylltur sem mikið kyntákn eftir myndina, sem var einmitt sú ímynd sem hann hafði reynt að forðast áður. „Það var erfitt þegar fólk leit á mig þannig. Mig langaði að hætta að leika í smá tíma," sagði hann í viðtali við Newsweek. „Hlutverkið breytti lífi mínu á marga vegu en á sama tíma veitti það mér tækifæri. Með því gat ég ráðið ferli mínum sjálfur." Síðan þá hefur DiCaprio leikið í mörgum vel heppnuðum myndum og er mjög sáttur við sitt.

# Höfðar mál

Leikkonan Kiera Knightley hefur höfðað mál gegn breska dagblaðinu The Daily Mail vegna fréttar þar sem er gefið í skyn að hún hafi sagt ósatt þegar hún vildi ekki viðurkenna að hún þjáðist af átröskun.

Blaðið birti grein um stúlku sem lést af völdum átröskunar og með greininni fylgdi mynd af hinni 21 árs Knightley á strönd þar sem rætt var um þyngd hennar.

Knightley er þekkt fyrir myndir á borð við Bend It Like Beckham og Pirates of the Caribbean.

**KEIRA KNIGHTLEY** Breska leikkonan hefur höfðað mál gegn The Daily Mail.

# Basic Instinct 2 efst á blaði

Kvikmyndirnar Basic Instinct 2 og Little Man hafa verið tilnefndar til sjö Razzie-verðlauna, sem verða afhent hinn 24. febrúar, degi á undan óskarsverðlaununum. Verðlaununum er ætlað að endurspegla það versta sem kvikmyndaborgin Hollywood bauð upp á á síðasta ári.

Ævintýramyndin Bloodrayne hlaut sex tilnefningar, spennumyndin The Wicker Man fimm og Lady in the Water eftir M. Night Shyamalan hlaut fjórar.

Tilnefndar sem verstu leikkonurnar voru Sharon Stone fyrir Basic Instinct 2, Lindsay Lohan fyrir Just My Luck, Kristanna Loken fyrir Bloodrayne, systurnar Hilary og Haylie Duff fyrir Material Girls og Jessica Simpson fyrir Employee of the Month.

**TIM ALLEN** Allen er tilnefndur til þrennra Razzie-verðlauna.

Benchwarmers, Stone hefur áður hlotið tvenn Razzie-verðlaun, fyrir The Specialist og Intersection.

Bræðurnir Shawn og Marlon Wayans voru tilnefndir sem verstu leikararnir fyrir Little Man, Rob Schneider fyrir Nicolas Cage fyrir Wicker Man, Larry the Cable Guy fyrir Larry the Cable Guy: Health Inspector og Tim Allen fyrir hlutverk sín í myndunum The Santa Clause 3, The Shaggy Dog og Zoom.

Athygli vakti að Sylvester Stallone, sem hefur hlotið þrjátíu Razzie-tilnefningar og tíu verðlaun, var ekki tilnefndur í þetta sinn fyrir myndina Rocky Balboa. „Í byrjun ársins hefðirðu ekki getað sannfært mig um að hún myndi ekki keppa um Razzie-verðlaunin," sagði John Wilson, upphafsmaður Razzie, um Rocky Balboa. „Mig langar að segja það opinberlega að Stallone bjó til góða mynd."

**SHARON STONE** Stone hefur verið tilnefnd sem versta leikkonan fyrir hlutverk sitt í Basic Instinct 2.

SAMBÍÓIN

VesturPort

Háskólabíó

# FORELDRAR

KVIKMYND EFTIR RAGNAR BRAGASON

# SÝND Í SAMBÍÓUNUM

VESTURPORT í samstarfi við ARTBOX, KLIKK PRODUCTIONS og KÖGGULL KVIKMYNDAGERÐ kynnir
Kvikmynd eftir RAGNAR BRAGASON
Aðalhlutverk INGVAR E.SIGURÐSSON, NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR, VÍKINGUR KRISTJÁNSSON ofl.
Framleiðendur GÍSLI ÖRN GARÐARSSON, INGVAR E.SIGURÐSSON, NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR, NÍNA DÖGG FILIPPUSDÓTTIR, ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON, RAGNAR BRAGASON og VÍKINGUR KRISTJÁNSSON Executive Producer KRISTÍN ÓLAFSDÓTTIR / B.T.B
Stjórn kvikmyndatöku BERGSTEINN BJÖRGÚLFSSON Klipping SVERRIR KRISTJÁNSSON
Tónlist PÉTUR ÞÓR BENEDIKTSSON Hljóðhönnun HULDAR FREYR ARNARSON
Handrit RAGNAR BRAGASON, INGVAR E.SIGURÐSSON, NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR, VÍKINGUR KRISTJÁNSSON & LEIKHÓPURINN
Leikstjórn RAGNAR BRAGASON

Styrkt af KVIKMYNDAMIÐSTÖÐ ÍSLANDS

Icelandic Film Centre · Klikk Production · Dolby Digital · Kögguli · Deloitte. · Reykjavík Bloom

Nýtt í bíó

FYRSTA STÓRMYND ÁRSINS! TOPPMYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG!

FRÁBÆR ÆVINTÝRAMYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA MEÐ BEN STILLER OG ROBIN WILLIAMS

BEN STILLER NIGHT AT THE MUSEUM

Coca-Cola · LÚXUS

MEISTARAVERK EFTIR MEL GIBSON

APOCALYPTO

SIGVALDI „SVALI" KALDALÓNS DAGSKRÁRSTJÓRI FM957/MORGUNÞÁTTURINN ZÚÚBER

ENGIN FÆR FLÚIÐ ÖRLÖG SÍN

ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON - FRÉTTABLAÐIÐ

D.Ö.J. Kvikmyndir.com · VJV TOPP5.IS · Gagnrýni. baggalútur.is

KÖLD SLÓÐ

Ég var mjög ánægð með þessa mynd. Þetta er einfaldlega góð spennusaga, handritið er gott, þétt fléttað með óvæntum snúningum. Blanda af spennu reimleikum og rómantík. Ekki missa af henni. Rokkland á rás 2

KAUPÞING · FRÉTTABLAÐIÐ

20% afsláttur fyrir alla viðskiptavini Kaupþings ef greitt er með korti frá Kaupþingi

Sími 553 2075 · LAUGARÁS BÍÓ · bara lúxus

FYRSTA STÓRMYND ÁRSINS

Ótrúleg ævintýramynd sem var 3 vikur á toppnum í USA!

BEN STILLER NIGHT AT THE MUSEUM

Frábær gamanmynd með Ben Stiller og Robin Williams í aðalhlutverkum

Sýnd kl. 5.45, 8 og 10.15

JOSH HARTNETT · SCARLETT JOHANSSON · AARON ECKHART og HILARY SWANK

the Black Dahlia

Sýnd kl. 8 og 10.15 b.i. 16

Employee of the Month

Sýnd kl. 6 og 8

ARTHUR

Sýnd kl. 6 ÍSL TAL

TENACIOUS D IN THE PICK OF DESTINY

GEGGJUÐ TÓNLIST

Sýnd kl. 10.15 b.i. 12

www.laugarasbio.is · MIÐASALA OPNAR KL. 5:30

spron · S.V. MBL · 10 · ERAGON

H.J. MBL · ARTHUR

FRÉTTABLAÐIÐ · GLITNIR · 12 · MÝRIN

14 · spron · CASINO ROYALE

LITTLE MISS SUNSHINE

H.J. - MBL · Topp5.is · FRÉTTABLAÐIÐ · 7 · græna ljósið

ATH: Ekkert hlé á sýningunni og miðasölu lýkur þegar sýning hefst.

SMÁRA BÍÓ · SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 3.20, 5.40, 8 og 10.20 |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 3.20, 5.40, 8 og 10.20 |
| APOCALYPTO | kl. 5, 8 og 10.55 B.I. 16 ÁRA |
| LITTLE MISS SUNSHINE | kl. 5.50 B.I. 7 ÁRA |
| KÖLD SLÓÐ | kl. 5.45, 8 og 10.15 B.I. 12 ÁRA |
| ARTÚR OG MÍNIMÓARNIR ÍSL. TAL | kl. 3.40 |
| ERAGON | kl. 3.40 B.I. 10 ÁRA |
| CASINO ROYALE | kl. 10.10 B.I. 14 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 8 B.I. 12 ÁRA |

REGNBOGINN · SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 6, 8.20 og 10.40 |
| APOCALYPTO | kl. 6 og 9 B.I. 16 ÁRA |
| KÖLD SLÓÐ | kl. 5.50 og 8 B.I. 12 ÁRA |
| LITTLE MISS SUNSHINE | kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 7 ÁRA |
| CASINO ROYALE | kl. 10.10 B.I. 14 ÁRA |

BORGARBÍÓ · SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 5.50, 8 og 10.10 |
| APOCALYPTO | kl. 8 B.I. 16 ÁRA |
| KÖLD SLÓÐ | kl. 6 B.I. 12 ÁRA |

MIÐASALA Í SMÁRABÍÓ OG REGNBOGANN Á midi.is

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

midi.is · BÍÓ.IS – allt á einum stað


# Stór og fjölbreytt

Hlustendaverðlaun útvarpsstöðvarinnar FM 957 verða haldin í sjöunda sinn í Borgarleikhúsinu í kvöld. Hátíðin verður jafnframt send út í heild sinni í beinni útsendingu á sjónvarpsstöðinni Sirkus.

„Við höfum aldrei verið með hátíðina svona stóra og fjölbreytta," segir Svali hjá FM 957. „Íslensk popptónlist hefur þróast og breyst. Þetta er ekki bara hefðbundin sveitaballamúsík, þetta er orðið meira rokk og meira dans og melódískt rómanspopp. Ég held að þetta endurspegli hvað tónlistarsmekkur fólks er fjölbreyttur."

Alls verða tíu verðlaun veitt, þar á meðal fyrir plötu ársins, hljómsveit ársins og fyrir tónleika ársins. Hljómsveitin Jeff Who?, sem er tilnefnd til sex verðlauna, mun koma fram ásamt m.a. Trabant, Nylon, Ampop, Togga, Sprengjuhöllinni, Á móti sól og Silvíu Nótt, sem mun frumflytja nýtt lag. Kynnir verður Auðunn Blöndal.

Að sögn Svala hefur undirbúningurinn verið nokkuð frábrugðinn því sem verið hefur. „Við settum Saga film í framleiðsluna á þessu en við höfum oftast verið að vesenast í þessu sjálfir," segir hann. Bætir hann því við að kosningin hafi gengið mjög vel og um tuttugu þúsund atkvæði séu komin á bak við sigurvegarana. Í verðlaun verður síðan tveggja kílóa járnklumpur sem var sérsmíðaður fyrir keppnina. **- fb**

**JEFF WHO?** Hljómsveitin Jeff Who? er tilnefnd til sex Hlustendaverðlauna FM 957.

# Söngvaskáld í Danaveldi

**Tónlistarmaðurinn Pétur Ben heldur sína fyrstu tónleika í Danmörku í byrjun febrúar. Fyrst spilar hann í Álaborg hinn 6. og daginn eftir heldur hann tvenna tónleika í Kaupmannahöfn.**

**PÉTUR BEN** Tónlistarmaðurinn Pétur Ben heldur sína fyrstu tónleika í Danmörku í byrjun febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Fyrri tónleikarnir í Kaupmannahöfn verða í verslun 12 Tóna og þeir síðari í Loppen. Pétur er nýkominn frá Hollandi þar sem hann spilaði á tónlistarhátíðinni Eurosonic ásamt hljómsveit sinni. „Það gekk rosavel og var æðislega gaman," segir Pétur. „Það var mesta furða hvað það var vel tekið í þetta og það var líka gaman hvað það mættu margir því tónleikarnir voru snemma um kvöldið."

### Fimm stjörnur í Danmörku

Fyrsta og eina plata Péturs Ben, Wine for My Weakness, hefur verið gefin út af 12 Tónum í Danmörku og fengið þar góða dóma. Fékk hún fimm stjörnur af sex mögulegum í Politiken og einnig fimm af sex í tónlistarblaðinu Soundvenue þar sem sagði m.a. „Dæmigert! Hæfileikaríkt og persónulegt söngvaskáld á íslenskri frumraun". Að auki fékk platan fjórar stjörnur af sex í tónlistarblaðinu GAFFA.

Platan, sem var ofarlega á listum íslenskra gagnrýnenda yfir bestu plötur síðasta árs, hefur verið tilnefnd sem plata ársins á Íslensku tónlistaverðlaununum sem verða afhent í lok janúar, auk þess sem Pétur er tilnefndur sem söngvari og nýliði ársins.

### Alveg í skýjunum

Pétur segist vera alveg í skýjunum yfir viðtökunum við plötunni. „Þetta er búið að vera alveg ótrúlegt. Ég hefði aldrei trúað því áður en platan kom út að hún fengi svona mikla athygli. Það hefur verið rosalega mikið fjallað um hana og það er ekki hægt að fara fram á meira."

### Ferðast um landið

Pétur mun hafa í nógu að snúast á næstunni. Auk þess að fylgja plötunni eftir erlendis hyggur hann á tónleika á Akureyri í byrjun febrúar og ferðar í kringum landið með Lay Low og Rás 2 í mars. Einnig samdi hann tónlistina við kvikmyndina Foreldra sem var nýverið frumsýnd hér á landi.

**freyr@frettabladid.is**

# Landamærin liggja víða

Ekki verður annað sagt en að samstarf leikstjórans Alejandro González Iñárritu og handritshöfundarins Guillermo Arriaga hafi hingað til verið farsælt. Í Babel leiða þeir saman hesta sína í þriðja sinn en að baki liggja gæðamyndirnar Amores Perros og 21 Grams. Sem fyrr eru sagan og efnistökin krefjandi; að þessu sinni gera tvímenningarnir samskipti – eða öllu heldur samskiptaleysi – fólks að þungamiðju myndarinnar og vefja sögur ókunnugra manneskja í fjarlægum heimshlutum saman í atburðarás sem á eftir að breyta lífi þeirra fyrir fullt og allt.

Ungir bræður hrinda af stað framvindu sem teygir sig yfir landamæri og milli heimsálfa þegar þeir skjóta úr riffli að ferðamannarútu í eyðimörk Marokkó. Skotið hittir og særir bandaríska konu, sem er á ferðalagi ásamt eiginmanni sínum, og upphefst kapphlaup upp á líf á dauða. Heima í Bandaríkjunum bíður mexíkósk húshjálp þeirra hjóna eftir að einhver leysi sig af og gæti barna þeirra á meðan hún bregður sér suður yfir landamærin í brúðkaup sonar síns en þegar enginn getur hlaupið í skarðið tekur hún afdrifaríka ákvörðun. Í Japan kemst heyrnarlaus og ráðvillt unglingsstúlka að því að lögreglan leitar að föður hennar, vegna atburða sem kemur á daginn að tengjast skotárásinni í Norður-Afríku.

Iñárritu og Arriaga eru svo sem ekki á nýjum slóðum að því leyti að myndir þeirra fjalla allar með einum eða öðrum hætti um samskipti/samskiptaleysi fólks. Hins vegar hafa þær ekki snúist jafn markvisst um það og nú; landamæri gegna lykilhlutverki í Babel, milli landa, menningarheima, tungumála og fólks. Þá skiptir breytt heimsmynd eftir 11. september miklu máli; voðaskot í Marokkó verður að hryðjuverkaárás vegna þess að fórnarlambið er bandarískt. Fyrir vikið eru allar reglubundnar boðleiðir ræstar með þeim afleiðingum að heimsbyggðin öll hefur frétt af skotárásinni en jafnframt er komið í veg fyrir að hinni særðu sé komið til hjálpar.

Iñárritu virðist hafa náð traustataki á stíl sínum og nýtir umhverfið vel, allt frá hrjóstrugri auðninni í Marokkó til litadýrðar og mannmergðar Tókýó. Framvindan er hæg en keyrð áfram af undirliggjandi þunga, sögurnar brotakenndar en fléttast þó áreynslulaust saman. Allt virðist bera að sama brunni og hver og einn stendur á sínum vendipunkti; sumum til heilla en öðrum reynist það ógæfuspor.

**KVIKMYNDIR**

**Babel**

Leikstjóri: Alejandro González Iñárritu
Aðalhlutverk: Cate Blanchett, Brad Pitt, Adriana Barraza, Gael García Bernal og Rinko Kikuchi.

★★★★★

Niðurstaða: Kvikmyndagerð í hæsta gæðaflokki skilar sér í kröftugri mynd sem dugar ekki að sjá einu sinni.

Babel er á köflum erfið mynd og ein af þeim sem hreinlega dugir ekki að sjá einu sinni. Sem er samnefnari á öllum merkilegri myndum. **Bergsteinn Sigurðsson**

| Háskólabíó | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FORELDRAR | kl. 6 - 8 - 10 | Leyfð | THE HOLIDAY | kl. 8 | B.i. 7 |
| BABEL | kl. 6 - 9 - 10:30 | B.i.16 | FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 5:30 - 8 | B.i. 16 |
| THE PRESTIGE | kl. 5:30 - 8 | B.i.12 | DÉJÁ VU | kl. 10:30 | B.i. 12 |
| THE CHILDREN OF MEN | kl. 5:50 | B.i.16 | THE DEPARTED | kl. 10:30 | B.i. 16 |

| SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| BABEL | kl. 5:30 - 8 - 10:50 | B.i.16 | THE CHILDREN OF MEN | kl. 8:30 - 10:30 | B.i.16 |
| BABEL VIP | kl. 8 - 10:50 | Leyfð | THE CHILDREN... VIP | kl. 5:30 | |
| FORELDRAR | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | Leyfð | FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal. | kl. 3:20 - 5:40 | Leyfð |
| THE PRESTIGE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i.12 | HAPPY FEET M/- Ensk tal | kl. 3:20 | Leyfð |
| STRANGER THAN FICTION | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | Leyfð | SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal | kl. 3:20 | Leyfð |

| SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI | | | |
|---|---|---|---|
| FORELDRAR | kl. 6 - 8:30 - 10:30 | Leyfð | |
| THE PRESTIGE | kl. 6 - 8:15 - 10:40 | B.i.12 | |
| STRANGER THAN FICTION | kl. 10:30 | Leyfð | |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal. | kl. 5:50 | Leyfð | DIGITAL |
| HAPPY FEET M/-Ensk tal | kl. 8:10 | Leyfð | DIGITAL |

| SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 8 - 10:15 | Leyfð |
| KÖLD SLÓÐ | kl. 8 | B.i. 12 |
| THE PRESTIGE | kl. 10:15 | B.i. 12 |

| SAMBÍÓIN / AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| BABEL | kl 8 - 10:40 | B.i.16 |
| THE PRESTIGE | kl 8 | B.i.12 |
| THE CHILDREN OF MEN | kl 10:20 | B.i.16 |
| HAPPY FEET m/ísl. tali | kl. 6 | Leyfð |
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl 5:40 | B.i.16 |

Skráðu þig á SAMbio.is

www.SAMbio.is | 575 8900


# Enn brakandi fersk

**TÓNLIST**

**The Peel Session**

múm

★★★★

The Peel Session með múm var tekin upp haustið 2002 og hefur að geyma lög af fyrstu tveimur múm-plötunum í nokkuð breyttum útgáfum. Frábær plata sem hljómar jafn fersk og flott í dag og þegar hún var tekin upp.

Breski útvarpsmaðurinn John Peel, sem féll frá fyrir rúmum tveimur árum, hefur sennilega haft meiri áhrif á tónlistarsöguna en nokkur annar fjölmiðlamaður a.m.k. síðustu 30 árin eða svo.

Eitt af því sem hann var þekktur fyrir voru Peel-sessjónirnar. Allt frá því að hann hóf störf hjá BBC árið 1967 og til dauðadags valdi hann tónlistarmenn sem tóku upp nokkur lög sem hann svo spilaði í þættinum sínum. Þessar upptökur urðu yfir 4.000 talsins og flytjendurnir um 2.000. Eftir því sem ég kemst næst urðu þrjár íslenskar hljómsveitir þess heiðurs aðnjótandi að taka upp fyrir John Peel: Sykurmolarnir (1987), Sigur Rós (tvisvar sinnum, árið 2000) og múm sem tók upp 21. september 2002. Hún er nýkomin út á geisladisk.

Á Peel Session-plötu múm eru fimm lög af tveimur fyrstu plötum sveitarinnar: Yesterday Was Dramatic, Today Is OK og Finally We Are No One. Útsetningarnar eru töluvert ólíkar útsetningunum á plötunum, sem gefur útgáfunni aukið vægi. Tónlistin er mjög melódísk og á sinn einstaka hátt bæði poppuð og tilraunakennd. Raftónlist eldist mjög misvel – í verstu tilfellunum er hún orðin úrelt eftir eitt eða tvö ár. Tónlistin á þessari plötu hefur hins vegar ekkert látið á sjá frá því að hún var tekin upp. Hún hljómar ennþá jafn brakandi fersk og flott.

Söngurinn er frekar lágt mixaður, sem kemur vel út fyrir múm.

Múm er búin að taka upp nýja plötu sem kemur út í vor. Ég er mjög spenntur að heyra hana. The Peel Session-platan styttir biðina og minnir okkur á hvað þetta er frábær hljómsveit þegar henni tekst vel upp.

**Trausti Júlíusson**

# Vinir saman á sviði

Hnefaleikakappinn fyrrverandi Muhammad Ali steig upp á svið með vini sínum, gamanleikaranum Billy Crystal, á 65 ára afmælisdegi sínum á miðvikudag.

**ALI OG CRYSTAL** Billy Crystal bauð vin sinn Muhammad Ali velkominn á sviðið.

Crystal var að skemmta í Arizona-ríkisháskólanum þegar hann kallaði Ali upp á svið og bað viðstadda um að syngja afmælissönginn fyrir hann. „Hann hefur verið sannur vinur og mikill vinur heimsins að auki," sagði Crystal.

# Versló sviðsetur Sextán

**Það styttist óðum í árlegt Nemendamót Verzlunarskóla Íslands, og þar með frumsýningu á söngleiknum Sextán eftir Gísla Rúnar Jónsson.**

Leikhópurinn í ár nýtur handleiðslu skötuhjúanna Selmu Björnsdóttur og Rúnars Freys Gíslasonar sem sjá um leikstjórnina. Þær Birna og Guðfinna Björnsdætur semja dansa en Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson og Vignir Snær Vigfússon sjá um tónlist. Það er því einvalalið fagfólks sem æfir með menntaskólanemunum þessa dagana, en sýningin verður frumsýnd 1. febrúar.

Aðalhlutverkið í Sextán er í höndum Ólafar Jöru Skagfjörð Valgeirsdóttur, en hún er dóttir Guðrúnar Gunnarsdóttur söngkonu og Valgeirs Skagfjörð leikara. Hún fer þar með hlutverk Hófíar, taugaóstyrkrar námsstúlku á fyrsta ári í Versló. Ólöf segir verkið að vissu leyti vera raunhæfa lýsingu á sálarkvölum nýnema. „Þegar maður er nýr í menntaskóla er maður svona rosalega meðvitaður um sjálfan sig og hefur áhyggjur af því hvað öðrum finnst um mann, eins og Hófí. Svo er hún náttúrlega skotin í eldri strák, sem er voðalega erfitt," bætti hún við. „Þetta eru svaka átök," sagði Ólöf hlæjandi.

**ÓLÖF JARA** Aðalleikkona sýningarinnar er ánægð með verk Gísla Rúnars Jónssonar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Benedikt Valsson fer með hlutverk ofannefnds eldri stráks, en þetta er í þriðja skiptið sem hann tekur þátt í uppsetningum Versló. „Maður veltir því nú fyrir sér hvort þetta geti slegið síðasta ár. Ég held að það geti það alveg, enda er landsliðið í kringum þetta," sagði Benedikt. Hann sagði æfingar ganga óskaplega vel. „Við erum meira að segja á undan áætlun. Ég held að það gæti haft eitthvað með óléttuna hjá Selmu að gera," sagði Benedikt, en Selma á að eiga á næstu dögum. „Ætli hún sé ekki bara að flýta sér," sagði hann hlæjandi.

Með þriðja stóra hlutverkið fer Sigurbjörg Alma Ingólfsdóttir, sem lék hina söngglöðu Regínu í samnefndri kvikmynd. Hún segir það skemmtilega tilbreytingu að standa á sviði. „Í bíóinu þarftu ekki að vera með jafn mikla útgeislun og á sviði. Maður hugsar miklu meira um textann, hvernig maður getur stækkað karakterinn og það er meiri hugsun á bak við allar hreyfingar," sagði hún. Sigurbjörg segir leikhópinn vera afar samstilltan, en hann skipa um þrjátíu og sjö manns að dönsurum meðtöldum. „Hópurinn er að smella rosalega vel saman, sem mér finnst ótrúlegt miðað við hvað hann er stór," sagði hún.

**GENGUR FRAMAR VONUM** Benedikt Valsson segir óléttu Selmu mögulega ástæðu fyrir því hversu vel leikhópnum miði.

**SVIÐIÐ SKEMMTILEG TILBREYTING** Sigurbjörg Alma Ingólfsdóttir lék Regínu í samnefndri kvikmynd, en henni finnst það skemmtileg tilbreyting að standa á sviði.


Allt að 70% afsláttur

Úrval ljósa á frábæru verði!

ÚTSALA

Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800

Opið virka daga frá kl. 9-18 og laugardaga frá kl.11-16

## > Konur flykkjast að KSÍ

Umræða Fréttablaðsins um baráttumál kvenna innan Knattspyrnusambands Íslands hefur greinilega vakið upp talsmenn þeirra. Halla Gunnarsdóttir hefur boðið sig fram til formanns KSÍ og nú síðast bættist Guðrún Inga Sívertsen í hópinn en hún hefur tilkynnt framboð til stjórnar KSÍ. Eina konan innan stjórnar KSÍ, Ingibjörg Hinriksdóttir, gæti því fengið fleiri kynsystur sér við hlið eftir ársþingið í næsta mánuði.

sport@frettabladid

BJARKI SIGURÐSSON: SPILAÐI MEÐ ERNI INGA SYNI SÍNUM Í LEIK GEGN GRÓTTU

# Þetta gerist ekki á hverjum degi

Feðgarnir Bjarki Sigurðsson og Örn Ingi Bjarkason spiluðu saman síðasta föstudag þegar Aftureldingar lék gegn Gróttu í 1. deild karla í handbolta. Þetta er í fyrsta sinn sem þeir feðgar leika saman en Bjarki er þjálfari Aftureldingar, sem situr í toppsæti deildarinnar.

„Það er að sjálfsögðu gaman að hafa spilað með drengnum, þetta gerist það ekki á hverjum degi," sagði Bjarki, sem er 39 ára. „Það hefur verið mikið um veikindi í liðinu svo ég spilaði þennan leik. Ég hef æft með liðinu og tel mig enn geta gert eitthvert gagn, því hef ég verið að spila eitthvað í vetur en ekki þó alla leiki. Markmiðið er að komast upp og okkur hefur gengið mjög vel, erum taplausir og höfum skorað flest mörk og fengið fæst á okkur. Það sýnir það bara að við erum með besta liðið í deildinni, ég er óhræddur við að segja það."

Örn Ingi sonur hans er sextán ára gamall, hann getur bæði spilað miðju og skyttu og er mikið efni. Hann hefur meðal annars æft með unglingalandsliðinu en þetta var hans fyrsti meistaraflokksleikur. „Hann hefur verið að standa sig mjög vel og þetta er árangur erfiðisins. Hann er að fá tækifæri eins og aðrir sem æfa vel og skila árangri. Eins og venjulega þegar um frumraun er að ræða þá var smá stress í honum. Hann sýndi það þó að hann getur þetta alveg og í þessum leik náði hann að skora sitt fyrsta meistaraflokksmark," sagði Bjarki, sem setti nokkur mörk sjálfur í leiknum.

Afturelding vann Gróttu 29-23 og hefur unnið alla ellefu leiki sína í 1. deildinni til þessa. Staða liðsins er góð en það hefur fjórum stigum meira en ÍBV, sem er í öðru sæti þrátt fyrir að eiga tvo leiki til góða á Eyjamenn.

## HM Í HANDBOLTA

*Ísland-Frakkland 32-24*

**Mörk Íslands (skot):** Ólafur Stefánsson 6/4 (9/4), Guðjón Valur Sigurðsson 5 (6), Logi Geirsson 5 (8), Snorri Steinn Guðjónsson 4 (6), Alexander Petersson 3 (5), Markús Máni Michaelsson 3 (5), Sigfús Sigurðsson 2 (3), Ásgeir Örn Hallgrímsson 2 (3), Ragnar Óskarsson 1 (1), Vignir Svavarsson 1 (1).
**Varin skot:** Birkir Ívar Guðmundsson 16/2, Hreiðar Guðmundsson 0.
Hraðaupphlaup: 5 (Guðjón, Snorri, Markús, Vignir, Alexander)
Fiksuð víti 5 (Guðjón 2, Ásgeir 2, Sigfús)
Utan vallar: 12 mínútur
Mörk Frakklands: Michael Guigou 5, Bertrand Gille 4, Jerome Fernandez 3/1, Daniel Narcisse 3, Nikola Karbatic 2, Guillaume Gille 1, Joel Abati 1, Sebastien Bosquet 1.
Varin skot: Thierry Omeyer 10., Dabouda Karaboue 1.
Hraðaupphlaup: 2
Utan vallar: 10 mínútur (Abati rautt).

**BAROS** Markakóngur Evrópumóts landsliða 2004 náði aldrei fótfestu í enska boltanum. NORDIC PHOTOS/GETTY

Sóknarmaðurinn Milan Baros:

## Frá Villa og til Frakklands

**FÓTBOLTI Franska liðið Lyon hefur fest kaup á tékkneska sóknarmanninum Milan Baros frá Aston Villa. Útlit er fyrir að hinn norski John Carew fari öfuga leið.**

**Baros var kynntur hjá Lyon í gær en þar hittir hann knattspyrnustjórann Gerard Houllier sem var stjóri hans hjá Liverpool á sínum tíma. Eftir að honum tókst ekki að festa sig í sessi á Anfield keypti Villa hann á 6,5 milljónir punda í ágúst 2005.**

**Milan Baros skoraði aðeins eitt mark í þeim sautján leikjum sem hann spilaði í ensku úrvalsdeildinni á þessu tímabili og hefur nú verið seldur. - egm**

Milliriðlar á HM í handbolta:

## Þrjú lið taka með sér tvö stig

**HANDBOLTI** Ísland verður í milliriðli eitt á HM en þrjú lið í honum hefja leik með tvö stig. Ásamt Íslandi verða það Slóvenía og Pólland.

Auk þess verða Þýskaland, Frakkland og Túnis í riðlinum en þau lönd hefja keppni án stiga. Í hinum milliriðlinum verða Króatía, Spánn, Króatía, Ungverjaland, Rússland, Danmörk og Tékkland. Þrjú fyrrnefndu liðin taka með sér tvö stig.

Fyrsti leikur Íslands verður gegn Túnis á morgun en Ísland spilar síðan gegn Póllandi á fimmtudag, Slóveníu á laugardaginn og Þýskalandi á sunnudag. - egm

HM Í ÞÝSKALANDI

# Stórbrotin frammistaða Íslands

**Ísland vann ótrúlegan sigur á Frökkum í gær, 32-24, og er komið áfram í milliriðil með tvö stig. Frammistaða íslenska liðsins í leiknum var með hreinum ólíkindum.**

**HANDBOLTI** Leikur Íslands gegn Frökkum í gær var eins góður og leikurinn gegn Úkraínu var lélegur. Ísland sýndi allar sínar bestu hliðar og hreinlega pakkaði hinu öfluga liði Frakka saman í leik þar sem Frakkarnir sáu aldrei til sólar. Frammistaða liðsins var slík að áhorfendur stóðu upp og klöppuðu fyrir liðinu síðustu mínúturnar. Þessa leiks verður minnst sem eins besta landsleiks Íslands fyrr og síðar.

Fyrri hálfleikur hjá Íslandi í gær fer í bækurnar sem einn besti hálfleikur í sögu landsliðsins. Það fullyrði ég. Leikur liðsins í fyrri hálfleik var nánast fullkominn og það gekk allt upp. Sama hvar gripið er niður.

Það mátti sjá á andlitum strákanna að þeir voru mættir grimmir til leiks enda engu að tapa og allt að vinna. Vörnin byrjaði vel með Alexander Petersson fremstan í flokki jafningja. Birkir Ívar varði eins og berserkur fyrir aftan, hraðaupphlaupin komu í kjölfarið og liðið byrjaði að raða inn mörkum.

Áður en Frakkar voru vaknaðir var Ísland komið með 5-0 forystu og Onesta, þjálfari Frakka, tók leikhlé. Liðið skoraði sitt fyrsta mark í leiknum eftir það og markið kom þegar tæpar 7 mínútur voru liðnar. Sóknarleikur Íslands var einnig agaður og góður og mun meiri hraði en gegn Úkraínu. Strákarnir völdu skot sín vel og frönsku markverðirnir vörðu ekki skot fyrr en eftir 11 mínútur.

Ísland hélt áfram að stækka forskotið eftir því sem leið á hálfleikinn. Breytti engu þótt liðið væri einum eða tveim færri á vellinum. Það datt allt með liðinu og það kristallaðist í skoti Markúsar Mána sem skaut í stöng og þaðan fór boltinn í franska markvörðinn og inn. Þetta var eins og í lygasögu.

**ÁTTU HÖLLINA** Stuðningurinn við íslenska landsliðið í gær var engu líkur. Hér þakka strákarnir fyrir í leikslok. Sigfús Sigurðsson er í fararbroddi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**SVONA GERUM VIÐ ÞETTA** Það var sungið og trallað í stúkunni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ólafur Stefánsson kom Íslandi í tíu marka forystu, 18-8, skömmu fyrir hlé og áhorfendur stóðu upp í kjölfarið og klöppuðu fyrir liðinu en þeir studdu íslenska liðið með ráðum og dáð allan tímann. Þetta reyndust hálfleikstölur leiksins og svo sannarlega verk að vinna fyrir Frakkana að vinna upp tíu marka mun Íslands.

Frakkar freistuðu þess að hleypa leiknum upp með því að taka Ólaf Stefánsson úr umferð í upphafi síðari hálfleiks og gekk það vel fyrir þá þar sem fát kom á sóknarleik íslenska liðsins. Frakkar skoruðu fjögur mörk í röð og minnkuðu muninn í sjö mörk, 21-14.

Þá tók íslenska liðið við sér á ný og munurinn var níu mörk, 25-16, þegar fimmtán mínútur lifðu leiks. Þá prófuðu Frakkar maður á mann vörn. Það skilaði engu því íslenska liðinu hélt áfram að vaxa ásmegin og það náði fljótt aftur tíu marka forystu, 27-17.

Þá gáfust Frakkar nánast upp og íslenska liðinu var klappað lof í lófa allt til enda.

Það er hreinlega ósanngjarnt að taka einhvern leikmann út því þetta var sigur liðsheildarinnar og allir leikmenn lögðu lóð sín á vogarskálarnar. Það var hvergi veikan hlekk að finna. Íslenska liðið hefur áður sýnt að það er þetta gott og getur klárlega gert verulega góða hluti á þessu móti og möguleikarnir á að komast langt á stórmóti hafa sjaldan eða aldrei verið betri.



HM Í ÞÝSKALANDI
HENRY BIRGIR GUNNARSSON
*skrifar frá Magdeburg*
henry@frettabladid.is

**FRÁBÆR Í MARKINU** Birkir Ívar Guðmundsson var valinn maður leiksins en hann átti stórkostlegan leik í íslenska markinu og varði alls 16 skot. Hér fagnar Birkir Ívar eftir að hann hafði stöðvað eitt skota Frakka. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Guðjón Valur Sigurðsson eftir sigurinn á Frökkum:

## Með ótrúlegri leikjum

**HANDBOLTI** „Ég held að þetta sé með ótrúlegri leikjum landsliðsins," sagði glaðbeittur Guðjón Valur Sigurðsson skömmu eftir leik en hann var heldur hressari en daginn áður.

„Samt sem áður verð ég að segja að það sem maður sagði að væri ömurlegt og heimskulegt eftir Úkraínuleikinn er frábært í dag. Það er til skammar að við séum ekki samkvæmari sjálfum okkur. Við getum spilað svona vel. Við verðum samt að halda báðum fótum á jörðinni en liðið sýndi í dag að það getur gert ansi góða hluti.Við náðum ekki að klára leik þar sem við erum betra liðið og það er ekki nógu gott að menn blómstri ekki fyrr en ljóst er að við séum að detta úr leik," sagði Guðjón Valur, sem skoraði 5 mörk úr sex skotum í leiknum og varð annar markahæsti leikmaður riðlakeppninnar. – hbg

**MARKI FAGNAÐ** Guðjón Valur Sigurðsson. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Himinn og haf / SÍA

# Til hamingju Ísland!

## 5 kr. afsláttur í dag

Í tilefni af glæstum sigri íslenska handboltalandsliðsins á Frökkum bjóðum við 5 kr. afslátt af eldsneyti á öllum Olís-stöðvum í dag.

olís

**Við höldum með þér!**

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

*HM í handbolta*

**A-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| KÚVÆT-GRÆNLAND | 39-27 |
| TÚNIS-SLÓVENÍA | 27-34 |

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| SLÓVENÍA | 3 | 3 | 0 | 102-71 | 6 |
| **TÚNIS** | **3** | **2** | **0** | **1 97-77** | **4** |
| **KÚVÆT** | **3** | **1** | **0** | **2 85-94** | **2** |
| GRÆNLAND | 3 | 0 | 0 | 3 68-110 | 0 |

**B-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| ÚKRAÍNA-ÁSTRALÍA | 37-18 |
| ÍSLAND-FRAKKLAND | 32-24 |

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **FRAKKLAND** | **3** | **2** | **0** | **1 103-63** | **4** |
| ÍSLAND | 3 | 2 | 0 | 1 106-78 | 4 |
| **ÚKRAÍNA** | **3** | **2** | **0** | **1 90-79** | **4** |
| ÁSTRALÍA | 3 | 0 | 0 | 3 48-129 | 0 |

**C-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| ÞÝSKALAND-PÓLLAND | 25-27 |
| BRASILÍA-ARGENTÍNA | 20-22 |

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **PÓLLAND** | **3** | **3** | **0** | **0 87-63** | **6** |
| ÞÝSKALAND | 3 | 2 | 0 | 1 84-69 | 4 |
| ARGENTÍNA | 3 | 1 | 0 | 2 57-81 | 0 |
| **BRASILÍA** | **3** | **0** | **0** | **3 65-80** | **0** |

**D-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| SPÁNN-TÉKKKLAND | 35-29 |
| EGYPTALAND-KATAR | 35-24 |

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **SPÁNN** | **3** | **3** | **0** | **0 109-76** | **6** |
| TÉKKLAND | 3 | 2 | 0 | 1 97-88 | 4 |
| **EGYPTALAND** | **3** | **1** | **0** | **2 94-88** | **2** |
| KATAR | 3 | 0 | 0 | 3 65-113 | 0 |

**E-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| DANMÖRK-NOREGUR | 27-25 |
| UNGVERJALAND-ANGÓLA | 34-31 |

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **UNGVERJAL.** | **3** | **3** | **0** | **0 89-82** | **6** |
| **DANMÖRK** | **3** | **2** | **0** | **1 95-75** | **4** |
| NOREGUR | 3 | 1 | 0 | 2 88-65 | 2 |
| ANGÓLA | 3 | 0 | 0 | 3 64-114 | 0 |

**F-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| MAROKKÓ-SUÐUR-KÓREA | 19-32 |
| KRÓATÍA-RÚSSLAND | 32-27 |

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **KRÓATÍA** | **3** | **3** | **0** | **0 108-72** | **6** |
| RÚSSLAND | 3 | 1 | 1 | 1 94-83 | 3 |
| **S-KÓREA** | **3** | **1** | **1** | **1 87-92** | **3** |
| MAROKKÓ | 3 | 0 | 0 | 3 60-102 | 0 |

*Iceland Express deild karla*

| | |
|---|---|
| SNÆFELL-HAUKAR | 96-71 |
| TINDASTÓLL-ÍR | 103-97 |

Staðan var jöfn 85-85 eftir venjulegan leiktíma.

*Iceland Express deild kv.*

| | |
|---|---|
| ÍS-KEFLAVÍK | 65-83 |

**MIKILL FÖGNUÐUR** Íslenska landsliðið í leikslok. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Snorri Steinn Guðjónsson:

## Allt gekk upp

**HANDBOLTI** Snorri Steinn Guðjónsson réð sér vart fyrir kæti eftir leikinn. „Það gekk allt upp og við vissum að svo þyrfti að vera ef við ætluðum okkur sigur. Andinn og baráttan var með ólíkindum og hver einasti maður gaf allt sem hann átti í leikinn. Það var að duga eða drepast þar sem við gerðum í brækurnar gegn Úkraínu," sagði Snorri og brosti.

„Við spiluðum okkar leik í dag. Vörnin var frábær og Birkir stórkostlegur þar fyrir aftan. Það var hraði í okkar leik, ólíkt Úkraínuleiknum þar sem við vorum eins og fávitar. Þegar við spilum svona getum við unnið öll lið og því miður virðumst við einnig nánast geta tapað fyrir öllum. Ef við spilum svona í milliriðlinum þá er ég bjartsýnn," sagði Snorri. **– hbg**

Fram hefur fengið Hjálmar Þórarinsson og er í viðræðum við annan leikmann:

# Hjálmar lánaður frá Hearts

**FÓTBOLTI** Fram hefur gengið frá lánssamningi við unglingalandsliðsmanninn Hjálmar Þórarinsson, sem mun því leika með þeim bláklæddu í Landsbankadeildinni næsta sumar. „Ég er mjög ánægður með að þetta sé komið í höfn þar sem þetta hefur verið mjög lengi í vinnslu. Við höfum verið að leita að sóknarmanni síðan Helgi Sigurðsson var seldur og mikill léttir að fá þennan leikmann í hópinn," sagði Ólafur Þórðarson, þjálfari Fram, við Fréttablaðið.

Hjálmar er tvítugur og alinn upp hjá Þrótti; sextán ára lék hann fyrst fyrir meistaraflokk félagsins. Hann fór til skoska liðsins Hearts haustið 2004 en eftir að fjárfestar frá Litháen keyptu félagið datt hann úr liðinu og var lánaður til liðs í skosku 2. deildinni þar sem hann lék vel. Hjálmar hefur leikið 32 leiki fyrir yngri landslið Íslands og segist Ólafur gera miklar væntingar til hans.

„Það er alveg ljóst að þetta er leikmaður sem á að geta eitthvað," sagði Ólafur. Hann sagði líklegt að fleiri leikmenn kæmu til félagsins, en nokkrir erlendir leikmenn hafa komið til reynslu síðustu vikur. „Við erum alltaf með augun opin og vonumst til að semja við einn leikmann á næstunni," sagði Ólafur og átti þá við Patrik Redo, 26 ára sóknarmann sem einnig getur spilað á kantinum. Redo var samherji varnarmannsins Reynis Leóssonar hjá Trelleborg í fyrra.

Fram vann 1. deildina með talsverðum yfirburðum í fyrra og vann sér þar með sæti í Landsbankadeildinni á ný. Talsverðar breytingar hafa orðið á liðinu síðan þá en félagið seldi Helga Sigurðsson til Vals, hinn ungi Heiðar Geir Júlíusson fór til Sví-þjóðar og þá lagði Andri Fannar Ottósson skóna óvænt á hilluna síðasta sumar. Þeim Hjálmari og Redo er því ætlað að fylla þetta skarð í sóknarlínunni. **- egm**

**HJÁLMAR ÞÓRARINSSON** Mun spila á nýjan leik hér á landi á komandi sumri en þá í búningi Fram. FRÉTTABLAÐIÐ

HM Í ÞÝSKALANDI

# Þetta toppar Svíaleikina

**Þungu fargi var létt af landsliðsþjálfaranum Alfreð Gíslasyni eftir leik og hann viðurkenndi að hafa látið strákana slá af svo þeir myndu ekki vinna of stórt.**

**HANDBOLTI** „Í nótt var ég nánast í sjálfsmorðhugleiðingum en það er ljóst að ég fæ að lifa eitthvað lengur. Liðið sýndi alveg hreint ótrúlegan karakter hér í dag og ég er ótrúlega stoltur af liðinu. Þetta var eins og að spila á heimavelli annars og áhorfendur ótrúlegir allir saman," sagði Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari kampakátur.

„Það var frábært að halda þetta út. Það var krítískt að vinna sig út úr vandanum í upphafi síðari hálfleiks. Við komum þeim klárlega á óvart með að spila 6/0 vörn því ég vissi að þeir voru að undirbúa að við spiluðum 5/1. Við vorum vel undirbúnir og liðið var einbeitt í leiknum í dag. Vörnin var rosaleg strax í byrjun og markvarslan einnig góð. Þeir voru slegnir út af laginu líkt og við vorum slegnir út af laginu gegn Úkraínu," sagði Alfreð en var þetta ein af bestu frammistöðum liðs undir hans stjórn? „Ég á marga góða leiki en þessi er á topp tíu. Þessi sigur toppar Svíaleikina hvað varðar gæði og annað."

Undirbúningur liðsins var með óhefðbundnara sniði en oft áður og Alfreð sýndi leikmönnum meðal annars bíómyndir sem virðast hafa farið vel ofan í leikmennina.

„Það var aðeins öðruvísi vídeó en sumir eru vanir í handboltanum. Ég vil ekki segja hvað það var samt," sagði Alfreð sposkur.

Ísland er í góðri stöðu í milliriðlinum með tvö stig og fína markatölu. Það eru möguleiakr fyrir hendi hjá liðinu. „Það er alveg rétt og ég hefði aldrei getað ímyndað mér það þrem mínútum fyrir leikslok að hafa áhyggjur af því að vinna leikinn of stórt. Ef við hefðum sigrað með tólf mörkum eða meira hefði Úkraína farið áfram og við með en án stiga. Ég bað því leikmenn um að hægja á og passa sig," sagði Alfreð og hló mjög dátt.

„Við verðum að halda vel á spilunum og passa að við séum ekki strax aftur komnir í krísu. Við verðum að ná stöðugleikanum upp og þá er hægt að gera ýmislegt." **henry@frettabladid.is**

**SIGURDANSINN** Alfreð Gíslason var flottur í leikslok. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**FRÁBÆRIR** Phoenix Suns á í engum vandræðum með að safna stigum upp á stigatöfluna. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

NBA-deildin í körfubolta:

## Verður sagan á bandi Phoenix?

**KÖRFUBOLTI** Phoenix Suns varð í fyrrinótt aðeins áttunda liðið í sögu NBA deildarinnar til að ná tveimur 13 leikja sigurhrinum á sama keppnistímabilinu. Phoenix vann þá sinn þrettánda sigur í röð þegar liðið vann 131-102 sigur á Minnesota. Phoenix hafði áður unnið 15 leiki í röð frá 20. nóvember til 19. desember. Amare Stoudemire var með 25 stig í leiknum, Shawn Marion skoraði 17 og tók 10 fráköst og Steve Nash var með 16 stig og 11 stoðsendingar.

Það vekur athygli að aðeins tvö af hinum liðunum sjö sem hafa unnið þrettán í röð tvisvar á tímabili hafa ekki náð að verða NBA-meistarar. Þetta voru lið Washington Capitols árið 1947 og lið Utah Jazz árið 1997.

Í kvöld fer Phoenix á fimm leikja keppnisferðalag og mætir þar fyrst liðinu sem stöðvaði 15 leikja sigurgöngu þess í desember - Washington Wizards. Suns tapaði 5 af fyrstu sex leikjum sínum í vetur en hefur síðan unnið 31 af síðustu 34. **- óój**

Norðmenn sitja eftir:

## Danir síðastir í milliriðil

**HANDBOLTI** Danmörk vann Noreg 27-25 í lokaumferð E-riðilsins í gær og varð þar með tólfta og síðasta þjóðin sem tryggði sér sæti í milliriðli heimsmeistaramótsins. Norðmenn, sem voru sjóðandi heitir í leikjum sínum rétt fyrir mótið, þurfa að láta sér lynda að fara í keppni um 13.-18. sætið á mótinu. Danir fylgja Ungverjum upp úr riðlinum.

Danir voru yfir nær allan leikinn í gær en staðan var 15-13 í hálfleik. Lars Christiansen var markahæstur í danska liðinu með sex mörk í gær en André Marius Jørgensen skoraði sjö mörk fyrir Noreg.

**- egm**

**SÉRFRÆÐINGURINN** GEIR SVEINSSON FJALLAR UM HM Í HANDBOLTA

## *Þetta var lyginni líkast*

Leikur Íslendinga gegn Frökkum í gær var hreint og beint stórkostlegur. Alveg þvert á leikinn gegn Úkraínu var hvergi veikan blett að finna og fyrri hálfleikur liðsins er einhver sá besti sem íslenskt landslið hefur sýnt. Það er alveg sama hvar er niður komið, hver einasti maður gaf sálu sína í þennan leik og leikmenn uppskáru klárlega í takt við það.

Vissulega hafði ég trú á strákunum og verkefninu en ef einhver hefði sagt við mig að við yrðum yfir 18-8 í hálfleik, hvað þá að við myndum vinna leikinn með átta mörkum, hefði ég sagt viðkomandi að vera ekki með þessa vitleysu. Í raun var leiknum lokið þegar enn voru 10 mínútur eftir, slíkir voru yfirburðir íslenska liðsins gegn því franska.

Liðið sýndi gríðarlegan styrk í seinni hálfleik, strákarnir spiluðu hann af mikilli yfirvegun og eins og þeir sem valdið hafa. Franska liðið sá ekki til sólar í þessum leik og mætti klárlega ofjörlum sínum.

Varnarleikur íslenska liðsins var gríðarlega öflugur með Sigfús og Sverri í hjarta hennar. Þeir voru ásamt Alexander bestu menn íslensku varnarinnar sem skóp þennan sigur ásamt frábærri markvörslu Birkis Ívars. Sóknarleikur liðsins var yfirvegaður og sóknarnýtingin frábær. Ég sé enga sérstaka ástæðu til þess að taka einhverja út sem bestu menn liðsins því allt liðið ásamt þjálfurum þess á hrós skilið fyrir frábæra frammistöðu.

Margir spyrja eflaust hvernig skýra megi þennan gífurlega mun á frammistöðu íslenska liðsins í gær og í leiknum gegn Úkraínu í fyrradag. Í raun er ekki hægt að skýra þennan mun á annan hátt en þetta sé skólarbókadæmi um hvað taugar og andlegt ástand skiptir miklu máli þegar út í svona stórkeppni er komið.

Liðið er komið áfram í milliriðil, sem flestir gerðu ráð fyrir, en að liðið sé komið þangað með tvö stig er nokkuð sem menn áttu ekki von á. Fram undan eru hörkuleikir þar sem íslenska liðið getur klárlega náð langt.

# Golden Sands - perla Svartahafsins

## Hvergi meira frí fyrir peninginn!

**frá 29.990 kr.**

**Fyrstu 500 sætin**
**10.000 kr.**
afsláttur á mann
Veldu bestu gistinguna og fáðu mesta afsláttinn.
Gildir ekki um flugsæti eingöngu.
Einungis takmarkaður fjöldi sæta í boði á hverri dagsetningu.

**Bókaðu núna á www.terranova.is**
Tryggðu þér bestu gististaðina og lægsta verðið.

# Búlgaría 2007

## Glæsileg hótel og íbúðir á frábæru verði!

### Frábær íbúðagisting

**Glarus** Íbúðir ☆☆☆☆

*Frábær íbúðagisting*

***kr. 47.295 í viku***
***kr. 57.495 í 2 vikur***

*m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, á Glarus í 1 eða 2 vikur, 21. mai, 28. maí eða 4. júní*

### Með allt innifalið

**Madara** Hótelherbergi ☆☆☆+

*Með allt innifalið*

***kr. 59.790 í viku***
***kr. 77.090 í 2 vikur***

*m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Madara í 1 eða 2 vikur, 21. mai, 28. maí eða 4. júní*

### Verðlag í Búlgaríu er ótrúlegt!

**Endalausir möguleikar á afþreyingu**

- Sjóstangaveiði
- Bogfimi
- Hjól og mótorhjól
- Mini golf
- Vatnaskemmtigarðurinn Aquapolis
- Teygjustökk
- Köfun
- Keila
- Tennis
- Strandblak
- Sjóskíði
- Seglbretti
- Kajakar

ENNEMM / SÍA / NM25614

Mundu MasterCard ferðaávísunina!

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík · Sími: 591 9000 · www.terranova.is · Hafnarfjörður sími: 510 9500
Akureyri sími: 461 1099

TERRA NOVA

**> Kirsten Dunst**

Fæddist 30. apríl 1982 í New Jersey en faðir hennar er þýskur. Þriggja ára byrjaði Dunst í skemmtanaiðnaðinum en þá fór hún að leika í auglýsingum. New York Stories var hennar frumraun í kvikmyndum og sama ár og hún kom út flutti fjölskylda hennar til Los Angeles. Sló fyrst almennilega í gegn í myndinni Interview with the Vampire: The Vampire Chronicles. Hún er talin meðal kynþokkafyllstu leikara samtímans en er nú að vinna að eigin framleiðslufyrirtæki. Hún lék í myndinni Deeply sem er á Stöð 2 Bíó í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KAREN DRÖFN KJARTANSDÓTTIR MINNIST SNJÓÞVEGINNA GALLABUXNA

## *Allt breytist, nema Útvarp Saga*

Allt breytist nema dægurmálaþættir á Útvarpi Sögu. Þegar ég var lítil þurfti ég að sitja lengi í skólabíl á hverjum morgni. Skólabílstjórinn hafði þann sið að stilla á dægurlagaþætti. Fáir dagar í æsku minni liðu án þess að ég hlustaði á þá.

Það furðulega er að umræðuefni þessara þátta breytast ekki, að minnsta kosti ekki ef maður miðar við Útvarp Sögu. Í síðustu viku stillti ég á þá stöð, umræðuefnið var vinnusemi Íslendinga. Konurödd í eigu Rósu Ingólfs, sem var ein þekktasta kona landsins í þá tíð sem ég sat í skólabílnum, ræddi fjálglega um hve vinnusamir Íslendingar væru og hvað það væri nú afskaplega algengt að þeir væru í tveimur eða fleiri störfum. Fátt fer meira í taugarnar á mér heldur en þessar þvældu tuggur sem yfirleitt ganga út á að konur séu svona, karlar hinsegin og Íslendingar öðruvísi. Von mín var sú að þessar tuggur hefðu dottið úr tísku með snjóþvegnum gallabuxunum en þessi fyrirbrigði lifa góðu lífi á Útvarpi Sögu.

Kannski hefur það farið framhjá starfsmönnum stöðvarinnar að gerðar hafa verið rannsóknir á vinnuhörku Íslendinga og kom í ljós að þeir vinna lengur en afkasta engu meiru en margar þjóðir. Þeir Íslendingar sem ég veit til að séu í fleiri störfum en einu eru venjulega upprunnir í öðrum löndum og vinnusemi þeirra kemur til vegna lágra launa. Hættum að draga fólk í dilka, það er ógeðslega eitís.

## EKKI MISSA AF

▶ **19.35 Chelsea-Wycombe SÝN**

▶ **19.35 Kastljós RÚV**

▶ **19.40 Watford - Blackburn SKJÁR SPORT**

▶ **20.00 Queer Eye for the Straight Guy SKJÁR EINN**

▶ **23.20 Jay Leno SKJÁR EINN**

## SJÓNVARPIÐ

**15.20 HM í handbolta** Leikur Íslendinga og Frakka í Magdeburg í gær endursýndur.
**16.50 Lögin í Söngvakeppni Sjónvarpsins** Flutt verða lögin þrjú sem komust áfram á laugardagskvöld.
**17.05 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Magga og furðudýrið** (20:26)
**18.30 Kappflugið í himingeimnum**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
▶**19.35 Kastljós**
**20.10 Veronica Mars** (20:22) (Veronica Mars II) Bandarísk spennuþáttaröð um unga konu sem tekur til við að fletta ofan af glæpamönnum eftir að besta vinkona hennar er myrt og pabbi hennar missir vinnuna.
**20.55 Allra meina bót** (3:8) (Bota mig)
**21.25 Þrír blaðamenn leita rithöfundar: Jo Nesbö** (Tre reportere söker en forfatter) Norskur þáttur um norska rithöfundinn Jo Nesbö. Hann lék áður í rokkhljómsveit en fyrir níu árum gaf hann út fyrstu glæpasögu sína um rannsóknarlögreglumanninn Harry Hole og sló í gegn.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Illt blóð** (4:4) (Wire in the Blood III) Breskur spennumyndaflokkur.
**23.50 Lögin í Söngvakeppni Sjónvarpsins (e)** Flutt verða lögin þrjú sem komust áfram á laugardagskvöld.
**00.05 Kastljós (e)**
**00.35 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06:05 Dirty Dancing: Havana Nights**
**08:00 Cat in the Hat, The**
**10:00 My House in Umbria**
**12:00 Deeply** (Sorgleg ástarsaga)
**14:00 Dirty Dancing: Havana Nights**
**16:00 Cat in the Hat, The**
**18:00 My House in Umbria**
**20:00 Deeply** (Sorgleg ástarsaga) Aðalhlutverk: Kirsten Dunst, Lynn Redgrave, Julia Brendler. 2000. Bönnuð börnum.
**22:00 Confidence** (Svik) 2003. Stranglega bönnuð börnum.
**00:00 Ticker** (Sprengjuóður) Stranglega bönnuð börnum.
**02:00 Biker Boyz** (Riddarar götunnar)
**04:00 Confidence** (Svik)

## STÖÐ 2

**06:58 Ísland í bítið**
**09:00 Bold and the Beautiful**
**09:20 Í fínu formi 2005**
**09:35 Martha**
**10:20 Ísland í bítið (e)**
**12:00 Hádegisfréttir**
**12:40 Nágrannar** (Neighbours)
**13:05 Silfur Egils**
**14:40 Homefront** (Heimavígstöðvarnar)
**15:25 Whose Line Is it Anyway?**
**15:50 Horance og Tína**
**16:13 Shin Chan**
**16:38 Nornafélagið**
**17:03 Tasmanía** (Taz-Mania)
**17:28 Bold and the Beautiful**
**17:53 Nágrannar** (Neighbours)
**18:18 Íþróttir og veður**
**18:30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19:00 Ísland í dag**
**19:40 The Simpsons** (2:22) (Simpsons-fjölskyldan) Svo bregðast krossstré sem önnur og á það svo sannarlega við í þessum þætti þar sem fyrirmyndarfrúin Marge, sem oftast lætur gott af sér, kemst í kast við lögin.
**20:05 Amazing Race** (14:14) (Kapphlaupið mikla) Það eru fimm heimsálfur, 10 lönd og yfir 59 þúsund mílur að baki og stóra stundin runnin upp - í kvöld ráðast úrslitin í kapphlaupinu mikla og fara síðustu þrautirnar fram í Alaska og Denver. 2006.
**20:55 Prison Break** (13:22) (Flóttinn) Mahone og Kellerman beita öllum brögðum til að koma í veg fyrir að Michael og Lincoln komist leiða sinna á lífi. Flugvél Sucre lendir í miklum vandræðum og T-Bag lýkur erfiðu máli. 2006. Bönnuð börnum.
**21:45 Shark** (3:22) (Hákarlinn) Hjartaskurðlæknir er handtekinn fyrir meint morð á eiginkonu sinni sem er horfin sporlaust. Stark er sannfærður um sekt hans en stendur frammi fyrir stórum vanda; sönnunargögn eru enginn og líkið er ófundið.
**22:30 The Unit (5:13)** (Úrvalssveitin) (5:13) Jonas og hópurinn fær það verkefni að taka hryðjuverkamann af lífi á Spáni.
**23:15 Twenty Four - NÝTT** (1:24)
**00:00 Nip/Tuck** (3:15)
**00:45 Cold Case** (3:24) (Óupplýst mál)
**01:30 Miracle** (Kraftaverk)
**03:40 Ísland í bítið e**
**05:15 Fréttir og Ísland í dag**
**06:25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18:00 Insider (e)**
**18:30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19:00 Ísland í dag**
**19:30 Hlustendaverðlaun FM957 - Pre Show** Bein útsending frá Borgarleikhúsinu. Upphitun fyrir Hlustendaverðlaun FM 957 sem hefjast klukkan 20:30
**20:30 Hlustendaverðlaun FM957 2007** Bein útsending frá Borgarleikhúsinu. Stærsta popptónlistarveisla ársins verður haldin í Borgarleikhúsinu í kvöld þegar Hlustendaverðlaun FM 957 fara fram. Munu stærstu nöfn íslenskrar popptónlistar verða verðlaunuð fyrir framlag sitt á árinu og eru það hlustendur FM 957 sem sjá um að velja sitt uppáhald.
**22:00 Twenty Four** (11:24) (24 - 2)Palmer aðstoðaði Jack við að sleppa frá Ninu í síðasta þætti en Jack grunaði að mennirnir sem réðust á hann hafi verið sendir af NSA. Kim og Miguel reyndu að sleppa frá löggunni og Reza aðstoðaði CTU með því að leita í tölvuskjölum Bob.
**22:45 Twenty Four** (12:24) (24 - 2) Jake og Kate leituðu Syed Ali í síðasta þætti, Mason og Tony komust að því að Marie skaut Reza sem flækti þau mál og Kim var í felum fyrir löggunni. Palmer lét handtaka Stanton og fékk pyntingarsérfræðing til að yfirheyra hann. Hvað gerist síðan í kvöld. Stranglega bönnuð börnum.
**23:30 Insider** Í heimi fræga fólksins eru góð sambönd allt sem skiptir máli. Og þar er enginn með betri sambönd en The Insider. Í þessum þáttum fara stjórnendurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bakvið heitasta slúðrið í Hollywood. Þessir skemmtilegu þættir koma frá sömu framleiðendum og Entertainment Tonight.
**00:00 Janice Dickinson Modeling Agency (e)**
**00:30 Four Kings (e)**
**00:55 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07:15 Beverly Hills 90210 (e)**
**08:00 Rachael Ray (e)**
**08:55 Vörutorg**
**09:55 Melrose Place (e)**
**10:40 Óstöðvandi tónlist**
**15:05 Vörutorg**
**16:05 Just Deal (e)**
**16:35 Beverly Hills 90210**
**17:20 Rachael Ray**
**18:15 Melrose Place**
**19:00 Everybody Loves Raymond (e)**
**19:30 Out of Practice (e)**
▶**20:00 Queer Eye for the Straight Guy** Fimm samkynhneigðar tískulöggur þefa uppi lúðalega gaura og breyta þeim í flotta fýra. Hinir fimm fræknu heimsækja mann sem vinnur í dýragarði. Hann á líka svo mörg gæludýr að heimili hans er eins og dýragarður. Kærastan er ekki ánægð með ástandið og hún er himinlifandi þegar hinir fimm fræknu mæta á staðinn og gefa gaurnum og íbúðinni andlitslyftingu.
**21:00 Million Dollar Listing** Glæný þáttaröð um fasteignasala í Hollywood og Malibu sem gera allt til þess að selja lúxusvillur fræga og fína fólksins. Á hverjum degi lenda þau í litríku fólki sem ýmist vill kaupa eða selja heimili sín.
**22:00 Close to Home**
**22:50 Everybody Loves Raymond**
▶**23:20 Jay Leno**
**00:10 Heroes (e)**
**01:10 Beverly Hills 90210 (e)**
**01:55 Vörutorg**
**02:55 Melrose Place (e)**
**03:40 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**07:00 Að leikslokum**
**13:30 Portsmouth - Charlton (frá 20.jan)**
**15:30 Lazio - AC Milan (frá 21.jan)**
**17:30 Þrumuskot (e)**
**18:30 Að leikslokum (e)**
▶**19:40 Watford - Blackburn (beint)** Bein útsending frá leik Watford og Blackburn.
**22:00 Liverpool - Chelsea (frá 20.jan)**
**00:00 Ítölsku mörkin**
**01:00 Dagskrárlok**

## Í KVÖLD

### SIRKUS KL. 20.30

**Hlustendaverðlaun Fm 957**

Bein útsending frá Borgarleikhúsinu þar sem fram fer stærsta popptónlistarveisla ársins, Hlustendaverðlaun FM 957. Þar munu stærstu nöfn íslenskrar popptónlistar verða verðlaunuð fyrir framlag sitt á nýliðnu ári en það voru hlustendur FM 957 sem stóðu fyrir valinu. Allar stærstu poppstjörnur landsins mæta á hátíðina, sem verður að sjálfsögðu uppfull af tónlist og óvæntum uppákomum.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### AMAZING RACE

**STÖÐ 2 20.05**

Lokaþáttur Amazing Race er í kvöld. Fimm heimsálfur, tíu lönd og yfir 59 þúsund mílur eru að baki og stóra stundin runnin upp - í kvöld ráðast úrslitin í kapphlaupinu mikla og fara síðustu þrautirnar fram í Alaska og Denver. Þessi spennandi þáttaröð hefur slegið í gegn hjá sjónvarpsáhorfendum og hafa keppendur í gegnum tíðina víða komið við í heiminum, þar á meðal á Íslandi eins og eftirminnilegt er.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir **06.50** Bæn
**07.00** Fréttir **07.05** Morgunvaktin
**09.00** Fréttir **09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir
**10.03** Veðurfregnir **10.13** Heima er best
**11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Slóð fiðrildanna (16:23)
**14.30** Seiður og hélog
**15.03** Orð skulu standa
**16.00** Fréttir 16.10 Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Vitinn
**19.30** Laufskálinn
**20.10** Vilhjálmur Tell - svissnesk þjóðhetja og goðsagnapersóna (3:3)
**20.50** Í heyranda hljóði
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Lóðrétt eða lárétt
**23.10** Fimm fjórðu
**00.00** Fréttir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-ID** / Enginn viðbjóður

## SÝN

**18:10 Gillette Sportpakkinn**

**18:40 World Supercross GP 2006-2007**

**▶19:35 Enski deildabikarinn** (Chelsea - Wycombe) Bein útsending frá leik í enska deildabikarnum.

**21:35 Alí´s 65th** (Sweet Science - My Name Is Ali) Þáttur um þekktasta hnefaleikakappa sögunnar, Muhammad Ali, sem fagnaði 65 ára afmæli í janúar.

**22:25 PGA Tour 2007 - Highlights** Svipmyndir frá Bob Hope Chrysler Classic mótinu á PGA-mótaröðinni í golfi.

**23:20 Coca Cola mörkin** Hér er farið yfir allt það helsta sem gerðist í liðinni umferð í ensku 1. deildinni í knattspyrnu.

**23:50 Enski deildabikarinn (e)** (Chelsea - Wycombe) Útsending frá leik Chelsea og Wycombe í enska deildabikarnum.

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

## DR 1

**6.00** Den lille prinsesse 6.10 Skrål 6.30 Snip Snap Snude 6.50 Nasse 7.00 Gurli Gris 7.05 Alfons Åberg 7.15 Charlie & Lola 7.30 Rabatten 8.00 Kaptajn og besætning byder velkommen 8.30 Deadline 2. Sektion 9.00 DR-Friland: Skrotdesign 9.30 Kend dit hus 10.00 DR-Derude på Hjelm 10.30 Desperate boligdrømme 11.00 TV Avisen 11.10 Horisont 11.35 Grøn glæde 12.00 Genbrugsguld 12.25 Aftenshowet 13.20 Ildsjæle 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 TV Avisen med vejret 14.10 Dawson's Creek 15.00 Special 15.15 SPAM 15.30 Shin Chan 15.35 Lucky Luke 16.00 Store Nørd 16.30 Lille Nørd 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 17.55 Aftenshowet med Vejret 18.30 Hvad er det værd 19.00 Uventet besøg 19.30 Kender du typen 20.00 TV Avisen 20.25 Kontant 20.50 SportNyt 21.00 Hvor kragerne vender 21.45 Columbo 23.00 Point Men

## NRK 1

**8.30** Viten om 9.00 Siste nytt 9.05 Puls 9.30 Faktor: Siste sommer på Hekkingen 10.00 Siste nytt 10.05 Oddasat - Nyheter på samisk 10.20 Distriktsnyheter 10.40 Fra Nordland 11.00 Siste nytt 11.05 Distriktsnyheter 11.20 Fra Møre og Romsdal 11.40 Fra Hordaland og Sogn og Fjordane 12.00 Siste nytt 12.05 Distriktsnyheter 12.20 Fra Aust- og Vest-Agder 12.40 Fra Buskerud, Telemark og Vestfold 13.00 Siste nytt 13.05 Distriktsnyheter 13.20 Fra Oslo og Akershus 13.40 Fra Østfold 14.00 Siste nytt 14.05 Drakejegerane 14.30 Robotboy 14.55 Bernard 15.00 Siste nytt 15.03 Dracula junior 15.30 Liga 16.00 Siste nytt 16.10 Oddasat - Nyheter på samisk 16.25 Hurtigruten 365 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Konrad katt 17.10 Vennene på Solflekken 17.25 Gubben og Katten 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Ut i naturen 18.55 Norsk for nybegynnere 19.25 Brennpunkt 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.30 Standpunkt 21.15 Extratrekning 21.30 Bokprogrammet 22.00 Kveldsnytt 22.15 Kulturnytt 22.20 Utsyn 23.10 Papa Duke - sigøynermusikkens fiolinkonge 0.10 Catterick 5.25 Frokost-tv

## SVT 1

**11.00** Rapport 11.05 El Niño 12.05 Den undre världen 13.25 Tärningen är kastad 15.00 Rapport 15.10 Gomorron Sverige 16.00 Extra 16.25 Born Wild 16.30 Krokodill 17.00 Lilla blå draken 17.10 Dagens ramsa 17.15 Dra mig baklänges 17.30 Allt och lite till 18.00 Lilla Aktuellt - kortnyheter 18.05 Grand Prix 18.30 Rapport 19.00 Uppdrag Granskning 20.00 Ur svenska hjärtans djup 20.30 Tag plats, dörrarna stängs 20.55 Radiohjälpen - Världens barn i Kenya 21.00 Argument 22.00 Rapport 22.10 Kulturnyheterna 22.20 Konståkning: EM 23.20 Sändningar från SVT24



## HRÓSIÐ ...

*... fær tónlistarmaðurinn Örn Elías Guðmundsson, sem vakti athygli hins kunna leikstjóra Walter Salles og fær að semja tónlist við næstu mynd hans, Á vegum úti.*

# Brynhildur segir upp hjá Þjóðleikhúsinu

Brynhildur Guðjónsdóttir hefur sagt upp störfum hjá Þjóðleikhúsinu eftir farsælan feril í átta ár. Þetta staðfesti hún í samtali við Fréttablaðið. „Það er einhvern veginn andstætt eðli mínu að vera ríkisstarfsmaður," segir Brynhildur en tekur skýrt fram að engum hurðum hafi verið skellt þegar hún afhenti Þjóðleikhússtjóra uppsögnina. „Allt hefur sinn enda og það var kominn tími breytinga hjá mér," útskýrir Brynhildur, sem telur kröftum sína betur varið á öðruvísi hátt. „Að starfa innan Þjóðleikhússins var bara ekki lengur það sem ég vildi og frá með 1. mars verð ég lausráðinn leikari," segir Brynhildur.

Brynhildur sagði uppsögnina þó ekki útiloka frekari verkefni í Þjóðleikhúsinu. „Ég er ekki að setjast í helgan stein en ég fór að kíkja á ferilskrána og var ánægð með hana. Ég vildi einfaldlega fara að horfa í aðrar áttir," segir hún.

Leikkonan klárar þau verkefni sem fyrir liggja hjá Þjóðleikhúsinu en hún undirbýr nú af krafti enska uppfærslu á Pétri Gaut sem frumsýnd verður í Barbican Center. „Þar sem ég var einmitt í skóla fyrir níu árum," segir Brynhildur og auðheyrt að hana hlakkar mikið til að koma aftur á fornar slóðir. Þá leikur hún eitt aðalhlutverkanna í Sitji guðs englum sem sýnd er fyrir fullu húsi og tekur þátt í franskri leiksýningu sem sett verður upp í mars. Hvað önnur verkefni varðaði vildi Brynhildur ekkert tjá sig um en sagði þau skýrast á næstu misserum. „Fæst orð bera minnstu ábyrgð," sagði hún. **- fgg**

**BRYNHILDUR GUÐJÓNSDÓTTIR**
Hefur sagt upp hjá Þjóðleikhúsinu og ætlar að snúa sér að öðrum verkefnum.



**LÁRÉTT**
**2** aftur **6** hætta **8** fljótfærni **9** espa **11** í röð **12** erfiði **14** nikka **16** nafnorð **17** nytsemi **18** umhyggja **20** kusk **21** afli.
**LÓÐRÉTT**
**1** fnæs **3** bogi **4** eldsneyti **5** suss **7** frilla **10** örn **13** ennþá **15** frumeind **16** bjargbrún **19** ónefndur.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2** nýju, **6** vá, **8** ras, **9** æsa, **11** rs, **12** stræð, **14** kinka, **16** no, **17** not, **18** önn, **20** ló, **21** fang.
**LÓÐRÉTT: 1** hvæs, **3** ýr, **4** jarðkol, **5** uss, **7** ástkona, **10** arí, **13** enn, **15** atóm, **16** nöf, **19** nn.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Valdimar Leó Friðriksson.
2. Ungar konur.
3. Robert Redford.

ADOLF INGI: SEGIR FRAMGÖNGU „STRÁKANNA HINNA" TIL SKAMMAR

# Audda og Huga úthýst úr þýskri handboltahöll

„Þetta er ekki héraðsmót heldur heimsmeistarakeppnin í handbolta í Þýskalandi," segir Adolf Ingi Erlingsson, íþróttafréttamaður Ríkissjónvarpsins, þegar hann lýsir framgöngu Huga og Audda sem hneykslanlegri.

Þeir Hugi Halldórsson og Auðunn Blöndal segja hins vegar farir sínar ekki sléttar á HM í Þýskalandi og saka íþróttafréttamanninn Adolf Inga Erlingsson um að hafa gengið erinda þýskrar yfirstjórnar í að meina þeim að taka upp efni fyrir stuðningmannaklúbbinn Í blíðu og stríðu. Hugi gengur svo langt að segja framgöngu Adolfs hreinlega hafa orðið til þess að þeir hafi ekki getað sinnt sínu starfi, þeim hafi verið úthýst og ekki náð að taka upp neitt efni á vef stuðningsmanna eftir leik Íslands og Úkraínu.

Hugi segist hafa vitað að þeir gætu ekki farið inn með myndavél á leik Íslands og Ástralíu þar sem þeir voru ekki með þar til gerða passa.

„Við fengum Adolf því til að smygla henni inn," segir Hugi.

**ADOLF INGI** Segir Audda og Huga hafa brotið allar hugsanlegar reglur um framgöngu fjölmiðlamanna á HM.

**HUGI OG AUDDI** Telja Adolf Inga hafa átt sinn þátt í því að þeim var meinað að taka upp viðtöl fyrir „Í blíðu og stríðu".

Þegar leikurinn við Ástralíu á laugardeginum kláraðist náði Hugi í vélina og þeir hófust handa við að taka upp. „Þegar Adolf sá hvað var á seyði kom hann og húðskammaði okkur," segir Hugi og heldur því fram að Adolf hafi í kjölfarið tilkynnt þá til hæstráðanda Sportfive, sem á sjónvarpsréttinn að mótinu, og hann hafi komið í veg fyrir frekari upptökur af þeirra hálfu.

Þegar Fréttablaðið náði tali af Adolf Inga hafnaði hann því alfarið að hafa staðið fyrir því að Audda og Huga var meinaður aðgangur. En var ómyrkur í máli þegar hann lýsir framgöngu „strákanna hinna". Segir þá hafa orðið sér til skammar og brotið allar hugsanlegar reglur um framgöngu fjölmiðla á mótinu. Meðal annars með því að fara inn á bannsvæði. Fjölmargir hafi hneykslast auk sín.

„Yfirmaður Sportfive kom að máli við mig og vildi vita hvort þeir störfuðu á vegum RÚV," segir Adolf. „Ég þverneitaði fyrir það enda hefði þetta getað komið okkur ákaflega illa. En ég sýndi þeim síðuna sem strákarnir starfa fyrir. Þar gat hann séð hvað þeir voru að gera og fyrir hvern. Mér finnst þetta auðvitað leiðinlegt fyrir stuðningsmannaklúbbinn en menn geta ekki komið hingað út og hagað sér eins og þeir vilja."

Fjalar Sigurðsson hjá stuðningsmannaklúbbnum „Í blíðu og stríðu" viðurkennir að ferð þeirra félaga hafi verið ákveðin með of stuttum fyrirvara og þarna hafi verið gerð ákveðin mistök. Hann segir stuðningsmannafélagið hafa átt í góðu samstarfi við RÚV.

„Við vissum að þeir fóru þangað án réttu pappíranna og að því gæti farið svona," segir Fjalar.

**freyrgigja@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Kvikmyndaleikstjórinn **Dagur Kári Pétursson** og framleiðandinn **Þórir Snær Sigurjónsson** halda í dag á Sundance-hátíðina. Meðal þess sem þeir vilja stússa þar er að rekast í leikurum sem ráðnir hafa verið til að fara með aðalhlutverk í næstu mynd Dags Kára, þeim **Tom Waits** og **Ryan Gosling**. Myndin heitir The Good Heart og eru menn orðnir óþreyjufullir að hefja tökur en stefnt er að þeim í apríl ef allt gengur að óskum. Myndina á að taka bæði hér á landi sem og í Bandaríkjunum.

**Sigrún Björk Jakobsdóttir** tók við embætti bæjarstjóra á Akureyri fyrir skemmstu og af því tilefni tók útvarpsmaðurinn **Gestur Einar Jónasson** viðtal við hana á Rás 2. Nokkrar af spurningunum sem Gestur lagði fyrir viðmælandann þóttu ekki passa vel við tíðarandann í ársbyrjun 2007, meðal annars þegar Sigrún Björk var spurð hvort hún þyrfti ekki að hressa upp á úrvalið í fataskápnum nú þegar hún væri komin í slíka ábyrgðarstöðu. **Dr. Sigrún Stefánsdóttir**, yfirmaður Rásar 2, var ekki lengi að grípa inn í og gerði viðkomandi grein fyrir að slíkar spurningar væru ekki við hæfi.

Háar peningafjárhæðir geta verið í boði fyrir réttu söngvarana í undankeppni Eurovision hér á landi. Þannig er hermt að **Magni Ásgeirsson** hafi hafnað fjölda boða um að syngja í keppninni og að hæsta boðið hafi hljóðað upp á tvær milljónir króna. Magni hefur eflaust ekki haft tíma til að syngja í keppninni enda er hann á leið á Rockstar-túrinn í Bandaríkjunum. Nýjustu fregnir herma að umsókn hans um atvinnuleyfi hafi verið samþykkt og sé á leiðinni með pósti til landsins.

**-jbg/hdm**

# Ástþór fram til forseta enn og aftur

„Ég er nú staddur úti í Danmörku. Að safna kröftum. Tók mér frí frá þessu en þegar nær dregur þá kemur það," segir Ástþór Magnússon athafnamaður aðspurður um það hvenær menn gætu farið að eiga á því von að rödd hans sem forsetaframbjóðanda fari að heyrast.

Ástþór ætlar fram og á síðu sem hann heldur úti, forsetakosningar.is, er teljari. Þar sem talið er niður til næstu forsetakosninga. Rétt rúmir 520 dagar samkvæmt teljara Ástþórs. Hann er þó ekki kominn í kosningastellingar enn sem komið er en hugsar sitt þar sem hann situr í Danaveldi. Ástþór segist ætla fram allt þar til friðarmálin verða komin á dagskrá á Bessastöðum. Ástþór hóf baráttu sína fyrir því að verða kosinn forseti árið 1996, þá undir slagorðinu „Virkjum Bessastaði". Hafði ekki erindi sem erfiði en hefur reglulega, á fjögurra ára fresti, lýst yfir framboði eins og íslenskir kjósendur muna. Verður árið 2008 þar engin undantekning á. Nú þegar eru menn farnir að velta fyrir sér líklegum kandídötum á netinu og þannig hefur bloggarinn Steingrímur Sævarr Ólafsson stungið upp á Ólafi Ólafssyni sem kenndur hefur verið við Samskip. Síður er gert ráð fyrir því að Ólafur Ragnar Grímsson fari fram því einhvers staðar er haft eftir honum að ekki sé æskilegt að forseti sitji lengur en í 16 ár.

**ÁSTÞÓR MAGNÚSSON**
Safnar nú kröftum úti í Danaveldi fyrir komandi forsetakosningar en Ástþór ætlar fram.

„Hann sagði nú reyndar á sínum tíma að hann ætlaði bara að sitja í tvö kjörtímabil þannig að það er langur vegur frá því að hann sé sjálfum sér samkvæmur," segir Ástþór og furðar sig á því að Ólafur hafi ekkert svo heitið geti beitt sér á alþjóðavettvangi í friðarmálum – sem hann segir algera nauðsyn að koma á dagskrá. Heimurinn á hverfanda hveli.

„Þetta eru tvö stærstu mál samtímans. Friðarmálin og umhverfismálin. Ef við gerum ekkert í friðarmálum útrýmum við okkur með kjarnorkuvopnum á næstunni og ef ekkert er gert í umhverfismálunum drukknum við í eigin skít." **- jbg**

FALLING IN BETWEEN
2B COMPANY
kynnir
Laugardalshöll 10.07.07
Miðasala í fullum gangi
á www.mida.is og í verslunum BT og Skífunnar
Miðaverð: Stúka kr.7400 · Stæði kr.5300 · Húsið opnar kl.19:00
ICELANDAIRHOTELS
THULE
midi.is
www.TOTO99.com

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



LYFJA
- Lifið heil

Opið 8-24 alla daga

Lyfja Lágmúla
Lyfja Smáratorgi

BAKÞANKAR

ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR

## *Allt búið?*

Þó að yngsta barnið á heimilinu hafi ekki enn verið vanið af brjósti hefur næstyngsta hnátan fengið þá fínu hugmynd að eignast eitt systkini í viðbót. Þetta er vegna þess að hún er á hinum bjartsýna leikskólaaldri. Aðferðin til að afgreiða svona pantanir er að humma annars hugar og benda svo snarlega út um gluggann á eitthvað áhugavert eins og sjúkrabíl. Ennþá er eftirfylgni barnsins viðráðanleg en tilhugsunin ein um fleiri lítil börn vekur ýmsar kenndir. Eins dásamleg, yndisleg og unaðsleg sem þau annars eru.

**UNGLINGUR** heimilisins er hinsvegar af hinni opinskáu, meðvituðu fyrstu kynslóð barna sem hafa notið virkra lýðræðisréttinda innan fjölskyldu sinnar. Þannig hefur hún komist upp með allskyns hortugheit í nafni málfrelsis. Eitt sinn þegar ég kvartaði um magapínu eftir hversdagslegt ofát mældi hún móður sína út sem væri hún viðurkennd dræsa og spurði hvort ég væri nú enn orðin ólétt.

**ENGA** konu þekki ég sem ekki hefur ótal sinnum verð spurð hvort ekki eigi nú bráðum að koma með eitt lítið. Enga móður sem ekki hefur silljón sinnum fengið spurninguna sívinsælu hvort barnunginn þurfi nú ekki bráðum að eignast systkini. Töfratalan virðist samt vera þrír. Þegar þeim barnafjölda er náð verða spurningar meira á þá lund hvort við séum nú kannski hætt? Nánari vinir brydda upp á elskulegum fróðleik um ýmsar aðgerðir sem hægt er að grípa til í varnaðarskyni. Hugleiðingar um að setjast í helgan barneignastein fela samt í sér dálítinn söknuð til meðgöngunnar. Aldrei er tilfinningin um eigið mikilvægi sterkari en þá.

**ÞESSI** miðaldra krísa helgast kannski af þeirri staðreynd að um helgina fór ég í fertugsafmæli vinkonu minnar. Þar sem við erum jafnöldrur þýðir það að fljótlega verð ég því miður ekki lengur þrjátíuogeitthvað, heldur líka komin á hinn virðulega fimmtugsaldur. Bara orðið eitt og sér hljómar eins og fáránlegt grín í tengslum við kornunga manneskju eins og sjálfa mig. Að bara eftir örfáa mánuði muni ég þurfa að fara í lagningu og fá mér velúrgalla, því það er svo viðeigandi fyrir svona eldri frúr. Bráðum neyðist ég líka loks til að ákveða hvað ég ætla að verða þegar ég verð stór.


SIMPLY CLEVER

ŠKODA AUTO

AFL OG HAGKVÆMNI SAMEINAST

TÆKNIUNDRIÐ TDI® DÍSILVÉLIN EYÐIR AÐEINS 4,9 LÍTRUM




SkodaOctavia

**Skoda** Octavia með 1,9 lítra **TDI®** dísilvél sannar að afl og hagkvæmni getur farið saman. Vélin skilar 105 hestöflum en eyðslan er einungis 4,9 lítrar í blönduðum akstri á hverja 100 km.

Svo er Octavia **TDI®** einnig fáanleg fjórhjóladrifin og meira en tilbúin í átök vetrarins. Hvort sem hindrunin er háir snjóskaflar eða hátt eldsneytisverð þá ertu í toppmálum á Skoda Octavia **TDI®**.

Í ágúst 2006 tókst Stefáni Ásgrímssyni, ritstjóra FÍB blaðsins, að ná eyðslu bílsins í **3,63 lítra** þegar hann ók rúmlega hringveginn, alls 1.515 km, í áheitaakstri HEKLU fyrir Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna.

LANGAR ÞIG Á HM Í HANDBOLTA?
Komdu þá og reynsluaktu Skoda og þú gætir unnið miða fyrir tvo á úrslitaleikinn á HM í handbolta í Þýskalandi 4. febrúar, flug með Icelandair og gistingu á glæsihóteli.

**HEKLA** er stuðningsaðili HSÍ – ÁFRAM ÍSLAND!

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 172–174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is